**ANNA AÐALHEIÐUR SMÁRADÓTTIR**

*Lifði á baunasúpu á ferðalagi um Tyrkland*

• matur • langur laugardagur • helgin

**ALLT** Í MIÐJU BLAÐSINS



**KATRÍN JOHNSON**

*Hefur dansað frá fimm ára aldri*

Er í draumastarfinu

**FÖSTUDAGUR FYLGIR FRÉTTABLAÐINU**









# FRÉTTABLAÐIÐ

ÞITT

5. febrúar 2010 — 30. tölublað — 10. árgangur

**MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI**

Sími: 512 5000


## FÖSTUDAGUR

### Tilvera tuttugu ára



Um 200 manns eru skráðir í Tilveru. Samtökin vilja opna umræðuna um ófrjósemi.

**TÍMAMÓT** 18

### Hótelerfingi í íslenskum skóm



Paris Hilton mynduð í skóm frá Gyðju.

**FÓLK** 24

### Skuldarar þurfa skjól

„Meðan á greiðsluaðlögun stendur eru lán í skilum og því ekki hægt að ganga að ábyrgðarmönnum“, skrifar Sverrir Bergmann Pálmason.

**Í DAG** 16

### Meistararnir stöðvaðir



Grindavík stöðvaði fimm leikja sigurgöngu Íslandsmeistara KR í Röstinni í gær.

**ÍÞRÓTTIR** 26

## VEÐRIÐ Í DAG




**Léttir til** sunnanlands og vestanlands þegar líður á daginn. Hiti víða um frostmark með ströndum en frost inn til landsins.

**VEÐUR** 4



**TÍMAMÆLIR MARGRA KYNSLÓÐA** Klukkuturninn hefur staðið keikur á Lækjartorgi í 80 ár. Árið 1929 fékk Magnús Kjaran kaupmaður leyfi til að setja upp klukku á þessum stað og auglýsa á henni þvottaefnið Persil. Klukkan fór í gang á nýársdag 1930 og hefur síðan verið eitt þekktasta kennileiti borgarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Heilsuverndarstöðin verði Icelandair-hótel

**Eigandi hússins á Barónsstíg sem áður hýsti Heilsuverndarstöðina vill fá leyfi til að breyta henni í Icelandair-hótel fyrir vorið. Hann segir fjármagn þegar tryggt.**

**SKIPULAGSMÁL** Heilsuverndarstöðin á Barónsstíg verður orðin að hóteli fyrir vorið fallist skipulagsyfirvöld í Reykjavík á áform eiganda byggingarinnar.

Í bréfi til byggingarfulltrúans í Reykjavík frá Haraldi L. Haraldssyni fyrir hönd Álftavatns ehf., eiganda byggingarinnar á Barónsstíg 47, segir að rætt hafi verið að undanförnu við Icelandair Hotels um leigu á húsinu undir hótelrekstur sem myndi hefjast strax í vor. „Til þess að það geti orðið að veruleika þarf að vinna hratt í málinu,“ segir Haraldur í bréfinu sem byggingarfulltrúi fyrir sitt leyti vísaði til skipulagsráðs.

„Hefja þarf markaðssetningu hótelsins vegna sumarsins 2010 ekki seinna en í byrjun febrúar næstkomandi. Takist það ekki má gera ráð fyrir að hugmynd þessi nái ekki fram að ganga því næsta „season“ er þá ekki fyrr en sumarið 2011 og glatast þá niður eins og hálfs árs arðsemi húss og hótelrekstrar,“ segir í erindi Álftavatns ehf.

Fram kemur í bréfinu að eftir mikla vinnu á undanförnum misserum sé Barónsstígur 47 nú tilbúinn í rekstur sem læknamiðstöð og sjúkrahótel. Ekki hafi fundist aðilar í þann rekstur. Hins vegar henti hótelrekstur jafnvel enn betur en læknamiðstöð í því umhverfi sem húsið sé því mun færri bílastæði þurfi fyrir hótel.

„Einnig skal tekið fram að Icelandair Hotels er ein virtasta hótelkeðja á Íslandi og því má gera ráð fyrir að rekstur hennar á hóteli á þessu svæði muni vera vandaður og ætti ekki að falla gegn íbúum í næsta nágrenni,“ segir í bréfi Álftavatns, sem einmitt hefur mótmælt stækkunaráformum við Domus Medica á þeim grundvelli að stækkunin myndi skapa mikinn bílastæðavanda á svæðinu.

Þá segir Haraldur að fjármagn sé þegar tryggt. Vinna við breytingar á húsinu muni skapa að minnsta kosti 25 störf fram á vor. „Auk þess mun það skapa ný störf til framtíðar sem hlýtur að skipta miklu máli í því ástandi sem okkar þjóðarbú er nú í,“ segir í erindi Haraldar sem lagt var fyrir skipulagsráð á miðvikudag. Þar var afgreiðslu málsins frestað. - gar

Almenningur getur fjárfest:

## Skráning Haga farsæl lausn

**VIÐSKIPTI Arion banki hefur ákveðið að Hagar, móðurfélag Bónuss og Hagkaupa og átján annarra fyrirtækja, verði skráð á hlutabréfamarkað. Ef allt gengur eftir mun almenningur geta keypt hlutabréf í fyrirtækinu á seinni hluta ársins.**

**„Við skoðuðum marga möguleika. Hagar eru dæmi um fyrirtæki sem er heppilegt til skráningar,“ segir Finnur Sveinbjörnsson bankastjóri. Hann segir þetta farsæla lausn. Undir það taka fyrri eigendur Haga og stjórnendur.**

**Kauphöllin áætlar að fimmtán fyrirtæki verði skráð á markað á þessu ári. Þórður Friðjónsson, forstjóri hennar, útilokar ekki að einhver þeirra komi úr ranni bankanna.** - jab / sjá síðu 4



**HÖFÐATORG** Forsvarsmenn Eyktar og Höfðatorgs vilja ekki að Höfðatún breytist í Katrínartún.

Nafn Höfðatúns standi:

## Kæra sig ekki um Katrínartún

**BORGARMÁL** „Ég hefði kosið að nafn Höfðatúns yrði óbreytt.“ segir Pétur Guðmundsson, stjórnarformaður Eyktar og Höfðatorgs.

Skipulagsráð Reykjavíkur hefur samþykkt að breyta götunöfnum í Túnunum. Þannig verður Skúlagötu fyrir ofan Snorrabraut breytt í Bríetartún, Sætúni í Guðrúnartún, Skúlatúni í Þórunnartún og Höfðatúni í Katrínartún.

Risabyggingarkjarninn Höfðatorg rís nú við Höfðatún, en mun standa við Katrínartún samþykki borgarráð breytingarnar óbreyttar. Júlíus Vífill Ingvarsson, formaður skipulagsráðs, segir koma til greina að skipta götunni í tvennt. - afb / sjá síðu 30










## SPURNING DAGSINS



*Gunnar, verða þetta stífar prufur?*

„Já, stúlkurnar mæta í stirðum straumum."

Gunnar Helgason leitar nú að leikkonu til að fara með hlutverk Sollu stirðu á Latabæjarskemmtuninni sem fram fer í Laugardalshöll 27. mars.

Seðlabankastjóri Hollands ber stjórnvöld þungum sökum fyrir þingnefnd:

# Segir stjórnvöld hafa logið

**EFNAHAGSMÁL** Nout Wellink, seðlabankastjóri Hollands, sakaði íslensk stjórnvöld um að hafa logið um stöðu íslensku bankanna í aðdraganda bankahrunsins 2008. Þar tekur hann undir orð Arnolds Schilder, fyrrverandi yfirmanns innra eftirlits hollenska seðlabankans, sem hafði fyrr í vikunni fullyrt það sama.

Í vitnisburði sínum rekur Wellink samskipti sín við íslensk stjórnvöld og forsvarsmenn Fjármálaeftirlitsins (FME) og Seðlabankans. Þar lýsir hann því að hollensk stjórnvöld hafi allt árið 2008 haft þungar áhyggjur af stöðu bankanna en jafnan fengið þau svör að þeir stæðu styrkum fótum. Hann segir að íslensk stjórnvöld hafi dregið lappirnar með þekktum afleiðingum.



**TIL SVARA** Wellink (nær) og Wouter Bos, fjármálaráðherra Hollands, komu fyrir rannsóknarnefnd þingsins í gær.

Eins rekur hann samskipti við FME sem hafi fullyrt í ágúst 2008 að bankarnir stæðust álagspróf. Í þeim mánuði sendi Wellink sérstaka sendinefnd til Íslands og sagði nefndarmönnum að hóta íslenskum stjórnvöldum því að leitað yrði til framkvæmdastjórnar ESB ef ekki yrði brugðist við með aðgerðum.

Í september var leitað til FME og óskað eftir að lausnir við vandanum yrðu settar fram. Hann segir að því hafi verið lofað en efndirnar hafi engar orðið.

Hann ræddi við Davíð Oddsson seðlabankastjóra í september 2008. Davíð fullyrti að hann hefði varað stjórnvöld við stöðu bankanna sex mánuðum fyrr. **- shá**

Eftirlitsnefnd sveitarfélaga:

# Álftanes fái fjárhaldsstjórn

**ÁLFTANES Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga (EFS) leggur til að sveitarfélaginu Álftanesi verði skipuð fjárhaldsstjórn sem hafi forystu um endurskipulagningu fjármála sveitarfélagsins.**

**Kristjáni L. Möller, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, var afhent bréf þess efnis frá nefndinni í gær. Ráðherra fundaði með fulltrúm frá sveitarfélaginu í gær og gerði þeim grein fyrir niðurstöðu EFS. Kom þar fram að hann myndi ákveða næstu skref í málinu mjög fljótlega.**

**Fjárhagur sveitarfélagsins hefur verið til skoðunar hjá EFS um nokkurt skeið. - sh**



**KÍNVERSKIR SEÐLAR** Gjaldmiðill Kína þykir of lágt skráður. NORDICPHOTOS/AFP

Deilur Kína og Bandaríkjanna:

# Kínverjar vísa gagnrýni á bug

**KÍNA, AP Kínversk stjórnvöld vísa á bug gagnrýni Baracks Obama Bandaríkjaforseta, sem ætlar að fara í hart út af deilum um kínverska gjaldmiðilinn.**

**Obama gagnrýnir Kínverja fyrir að halda gengi gjaldmiðils síns, júansins, allt of lágu – sem gagnast kínverskum útflutningsiðnaði og þar með kínversku efnahagslífi, en kemur niður á útflutningsiðnaði annarra ríkja, meðal annars Bandaríkjanna.**

**Kínverjar segjast ekki skilja þessa gagnrýni og ætla að halda sínu striki.**

**„Gagnrýni og þrýstingur hjálpa augljóslega ekki til við að leysa vandamál," sagði Ma Zhaoxu, talsmaður kínverska utanríkisráðuneytisins. - gb**

## RAUÐI KROSSINN

### Fékk nafnlausa gjöf

Grindavíkurdeild Rauða krossins fékk á dögunum endurlífgunardúkku að gjöf frá „örlátum stuðningsaðila" sem ekki vill láta nafns síns getið, að því er kemur fram á vef Rauða kross Íslands.

## LÖGREGLUMÁL

### Risavatnstankurinn fundinn

Lögreglan á Suðurnesjum hefur fengið upplýsingar um risavatnstank sem talinn var hafa horfið úr Sandgerði með grunsamlegum hætti. Í ljós kom að þeir sem höfðu tankinn undir höndum höfðu tekið hann í góðri trú.

# Þyrlan gat ekki sótt hjartveikan sjómann

**Togarasjómaður veiktist alvarlega á laugardagskvöld. Skipstjóri segir að ekki hafi verið í boði að fá þyrlu til að sækja hann. Mat læknis var að óhætt væri að sigla í land með manninn. Á sjúkrahúsi var ljóst að hann var í bráðri lífshættu.**

**ÖRYGGISMÁL** „Mér líður prýðilega eftir vel heppnaða aðgerð en mér er sagt að þetta hefði getað endað öðruvísi. Þeir héldu mér gangandi á sprengitöflum og súrefni," segir Jakob Örn Haraldsson, skipverji á Sturlaugi Böðvarssyni AK, sem veiktist alvarlega á laugardag. Þá var togarinn að veiðum sjötíu mílur vestur af Garðskaga. „Það kom í ljós að æðin var nær alveg stífluð en hjartavöðvinn skemmdist ekki."

Magnús Kristjánsson skipstjóri lýsir atburðarásinni sem svo að eftir að hafa greint einkennin hafi Jakobi verið gefin hjartalyf, eða svokölluð sprengitafla. „Það sló á einkennin og við vissum að þetta var hjartasjúkdómur. Ég hafði þá samband við lækni á Landspítalanum sem aftur hafði samband við þyrlulækninn. Hann sagði okkur að sigla með manninn í land og að þeir gætu ekki komið þar sem aðeins ein þyrla væri á vakt. Það var allan tímann ljóst að aðstoð þyrlu var ekki í boði en hafa samband ef líðan Jakobs myndi versna."

Magnús sigldi til hafnar í Reykjavík þar sem sjúkrabíll beið. Þá voru liðnar um tíu klukkustundir frá því að Jakob kenndi sér meins. Hann fór í bráðaaðgerð á Landspítalanum og kom í ljós að hann var í bráðri lífshættu.

Þessi reynslusaga Jakobs vekur spurningar varðandi niðurskurð hjá Landhelgisgæslunni og skerta björgunargetu hennar. Aðeins ein þyrluáhöfn var á vakt þegar kallið kom en starfsreglur LHG gera ekki ráð fyrir því að þyrla fari lengra en 20 sjómílur frá landi þegar önnur þyrla er ekki tiltæk. Þar kemur öryggi þyrluáhafnarinnar sjálfrar til. Nokkrum flugmönnum var sagt upp í fyrra vegna niðurskurðar hjá LHG. Frá þeim tíma hefur ekki verið hægt að manna báðar þyrlurnar á öllum tímum eins og var.



**Á BATAVEGI** Jakob segir hendur Gæslunnar bundnar af niðurskurði stjórnvalda. Hann veltir því fyrir sér hvernig áhöfn þyrlunnar líði að komast ekki í loftið þegar þörf er á. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Georg Lárusson, forstjóri LHG, segir það rétt að björgunargeta LHG sé skert eftir niðurskurðinn og útilokar ekki að þyrla hefði verið send án tafar ef aðstæður hefðu verið aðrar. Það eigi þó ekki endilega við í þessu tilfelli; læknir hafi metið stöðuna sem svo að ekki væri bráðnauðsynlegt að senda þyrlu. „En í öllu falli var staðan sú á laugardag að við komumst ekki alla leið til þeirra."

Georg segir reglu um 20 sjómílna flug ekki algilda og aðstæður séu metnar hverju sinni um hvort senda eigi þyrlu. „En eins og búið var að okkur fyrir niðurskurðinn hefðum við sennilega sent þyrlu án umhugsunar. Það verður ekki undan því vikist að vegna niðurskurðarins þá getum við ekki gert hvað sem er."

svavar@frettabladid.is

Dómur Hæstaréttar:

# Rannsókn á máli Baldurs heldur áfram

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur hefur staðfest úrskurð héraðsdóms þess efnis að rannsókn á meintum innherjasvikum Baldurs Guðlaugssonar, fyrrverandi ráðuneytisstjóra, skuli fram haldið. Baldur kærði rannsóknina og taldi hana ólögmæta, ekki síst í ljósi þess að Fjármálaeftirlitið hefði þegar tilkynnt honum að fallið hefði verið frá rannsókn málsins.



**BALDUR GUÐLAUGSSON**

Í dómi Hæstaréttar segir að Baldur hafi ekki getað haft réttmætar væntingar til þess að ekkert yrði frekar aðhafst í máli hans, enda hefði FME tilkynnt honum um niðurfellingu málsins með þeim fyrirvara að það kynni að vera tekið upp að nýju bærust nýjar upplýsingar. **- sh**

Tap hjá Marel á síðasta ári:

# Uppgjörið undir væntingum

**VIÐSKIPTI** Marel tapaði 11,8 milljónum evra, jafnvirði tæps 2,1 milljarðs íslenskra króna, á síðasta ári. Þetta er 3,4 milljónum evrum meira tap en árið á undan og undir væntingum.

Tap upp á 23 milljónir evra á fjórða ársfjórðungi vegur þungt í bókum Marel. Það er tilkomið vegna niðurfærslu á bókfærðu verði eigna utan kjarnastarfsemi. Marel greindi einmitt frá því í gær, að það hefði samið um sölu á Food & Dairy Systems sem tilheyrir Stork og heyrir ekki undir kjarnastarfsemi. **- jab**

Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • sími 587 7755

Skötuselur

(Roðlaus/beinlaus/sjófrystur) Verð áður 3.990,-

Tilboð í dag og á morgun laugardag.

2.890 kr.kg.-

Humar 2.000 kr.kg

Skelflettur Humar 5.900 kr.kg Lausfrystur

OPNUM KL 8.00 ALLA VIRKA DAGA

Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • sími 587 7755

Forsætisráðherra ræddi við forseta framkvæmdastjórnar ESB:

# Útskýrði sjónarmið Íslendinga

**STJÓRNMÁL** Ástandið á Íslandi, Icesave-málið og umsókn Íslendinga að Evrópusambandinu var á meðal þess sem Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra og Jose Manuel Barroso, forseti framkvæmdastjórnar ESB, ræddu á fundi í gærmorgun. „Þetta var ítarlegur og hreinskiptinn fundur og ég var mjög ánægð með hann," sagði Jóhanna að honum loknum.

Forsætisráðherra sagði Barroso frá óánægju hér á landi vegna byrða sem legðust á Íslendinga vegna Icesave-skuldbindinga og hversu ójafnt þær skiptust á milli Íslendinga, Breta og Hollendinga. Margir teldu okkur fórnarlömb gallaðs regluverks EES.

Forsætisráðherra benti einnig á það hversu óréttmætt það væri að afdrif Icesave-málsins væru tengd lánveitingum frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. „Það er mjög mikilvægt að Evrópusambandið sé inni í þessum málum og Barroso hlustaði af athygli á minn málflutning," segir Jóhanna sem lagði mikla áherslu á að afgreiða yrði lánin frá AGS enda væru þau forsenda annarra lánveitinga og endurreisnar efnahagslífsins hér á landi.

Olly Rehn, stækkunarstjóri ESB, var einnig á fundinum en þar fór ráðherra einnig yfir umsókn að Evrópusambandsaðild sem hún vonast til að fari í þann farveg að hægt verði að taka hana fyrir með formlegum hætti í mars. **- sbt**



**AÐ FUNDI LOKNUM** Forsætisráðherra og forseti framkvæmdastjórnar ESB ætluðu að hittast á loftslagsráðstefnunni í Kaupmannahöfn í desember en þar gafst ekki tími og var þá afráðið að hittast í febrúar. NORDICPHOTOS/AFP




**Tvöfaldaðu endurgreiðsluna!**

Innleystu ávísunina á sjova.is og þú gætir tvöfaldað endurgreiðsluna!

# Ávísun á ánægju

# 17.865

## fjölskyldur í Stofni fá senda endurgreiðsluávísun

Þessa dagana berst Stofn endurgreiðslan inn á þúsundir heimila. Tjónlausir og skilvísir viðskiptavinir í Stofni fá þá endurgreiddan hluta iðgjalda síðasta árs. Það er ávísun á ánægju.

**Kostir þess að vera í Stofni**

- Afsláttur af tryggingum
- Stofn endurgreiðsla
- Vegaaðstoð
- Námskeið um nágrannavörslu
- Afsláttur af barnabílstólum
- Frí flutningstrygging
- Bílaleigubíll ef þú lendir í kaskótjóni
- Afsláttur af öryggisvörum og barnavörum
- Önnur skemmtileg tilboð

**Kynntu þér Stofn á sjova.is eða fáðu nánari upplýsingar í síma 440 2000**

SJÓVÁ

STOFN

## GENGIÐ 04.02.2010

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 127,25 | 127,85 |
| Sterlingspund | 201,67 | 202,65 |
| Evra | 176,15 | 177,13 |
| Dönsk króna | 23,658 | 23,796 |
| Norsk króna | 21,536 | 21,662 |
| Sænsk króna | 17,356 | 17,458 |
| Japanskt jen | 1,4032 | 1,4114 |
| SDR | 196,59 | 197,77 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

231,483

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Lestur Fréttablaðsins eykst um fimm prósent en lestur Morgunblaðsins minnkar:

# Forskot Fréttablaðsins aldrei meira

**FJÖLMIÐLAR** Lestur Fréttablaðsins á landinu öllu jókst um fimm prósent á tímabilinu frá nóvember í fyrra og út janúar á þessu ári. Á sama tíma minnkaði lestur Morgunblaðsins um þrettán prósent.

Á degi hverjum lesa 62,7 prósent landsmanna Fréttablaðið, sem er aukning um 2,9 prósentustig frá síðustu könnun, sem gerð var á tímabilinu ágúst til október í fyrra. Til samanburðar lesa 32,3 prósent landsmanna Morgunblaðið á degi hverjum, sem er fimm prósentustigum minna en á síðasta könnunartímabili.

Lestur Fréttablaðsins eykst í öllum aldurshópum, bæði á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni, nema í aldurshópnum 55 til 80 ára á landsbyggðinni. Lestur Morgunblaðsins minnkar á móti í öllum hópum.

Mesta yfirburði hefur Fréttablaðið sé litið til lesenda í aldurshópnum 18 til 49 ára á höfuðborgarsvæðinu. Í þeim hópi lesa 73,8 prósent Fréttablaðið daglega, en einungis 23,7 prósent Morgunblaðið. Lestur Fréttablaðsins umfram Morgunblaðið í þeim hópi er því 212 prósent. Í aldurshópnum 12 til 34 ára á landsbyggðinni eykst lestur Fréttablaðsins um 19 prósent, á meðan lestur Morgunblaðsins dalar um 27 prósent. **- sh**

**Könnun Capacent**

Skipting lesenda á dag, mánudaga til laugardaga, 18-49 ára á höfuðborgarsvæðinu.




HEIMILD: SÍMAK. KÖNNUN CAPACENT

Inn fyrir fíkniefnaframleiðslu:

# Átta og tíu ára dómar standa

**DÓMSMÁL Hæstiréttur hefur staðfest þunga fangelsisdóma yfir Jónasi Inga Ragnarssyni og Tindi Jónssyni fyrir að hafa ætlað að framleiða amfetamín í verksmiðju í Hafnarfirði. Jónas fékk tíu ára dóm og Tindur átta ára dóm.**

**Tvímenningarnir neituðu alla tíð sök og sögðust aðeins hafa ætlað að framleiða milliefni í verksmiðjunni og selja það á svörtum markaði. Þeir hafi ekkert velt því fyrir sér hvort milliefnið yrði notað til amfetamínframleiðslu eða ekki.**

**Símtöl sem lögregla hleraði bentu til annars og því voru mennirnir sakfelldir fyrir fíkniefnaframleiðslu.** **- sh**

Eigendum Saxbygg stefnt:

# Segir sölu eigna varnaraðgerð

**VIÐSKIPTI** Eigendur Saxbygg lánuðu ekki sjálfum sér peninga úr sjóðum félags til að kaupa eignir úr Saxbygg. Þetta segir í yfirlýsingu frá Birni Inga Sveinssyni, fyrrverandi framkvæmdastjóra Saxbygg.

Skiptastjóri þrotabús Saxbygg hefur stefnt fyrri eigendum vegna gjörninganna og var málið þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær.

Björn segir í yfirlýsingu sinni að um fasteignaverkefni hafi verið að ræða, sem Saxbygg átti hlut í ásamt erlendum samstarfsaðilum og hafi það þurft að verja hagsmuni sína. Hafi eignirnar verið seldar eftir verðmat. **- jab**

Slys í Mosfellsbæ:

# Kona brenndist illa við vinnu

**LÖGREGLUMÁL Rúmlega þrítug kona brenndist illa í fyrirtæki í Mosfellsbæ um miðjan dag í fyrradag. Hún var við vinnu sína þegar óhappið átti sér stað með þeim hætti að heitt vatn skvettist á hana og brann hún á annarri hliðinni frá öxl og niður á kálfa.**

**Nokkur önnur slys voru tilkynnt til lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu í fyrradag.** **- jss**

## LEIÐRÉTTING

Sjúkratryggingar Íslands sjá um endurgreiðslur vegna tannréttingameðferðar, en ekki Tryggingastofnun ríkisins eins og fram kom í frétt í blaðinu í gær. Sjúkratryggingar Íslands tóku við því hlutverki af TR í október 2008.

# Hagar verða skráðir á hlutabréfamarkað

**Stjórn Arion banka hefur ákveðið að skrá Haga í Kauphöll í stað þess að selja fyrri eigendum sextíu prósenta hlut. Farsæl lausn, telja bæði bankastjórinn, forstjóri Kauphallarinnar og fyrri eigendur. Fleiri fyrirtæki líkleg á markað.**

**VIÐSKIPTI** „Við veltum því oft fyrir okkur hvort skráning á markað sé góð leið til að losa bankann við fyrirtæki. Hagar eru dæmi um fyrirtæki sem er heppilegt til skráningar. Fyrirtækið er með langa rekstrarsögu,“ segir Finnur Sveinbjörnsson, bankastjóri Arion banka, um þá ákvörðun að hefja undirbúning fyrir skráningu Haga í Kauphöll. Gangi allt eftir getur almenningur keypt hlutabréf í Högum seinni hluta árs.

Finnur útilokar ekki að fleiri fyrirtæki muni fara sömu leið. „Við skoðuðum marga möguleika. Ég tel þetta farsæla lausn,“ segir hann og bætir við að við skráningu félagsins fari það í gagnsætt og opið söluferli þar sem dreift eignarhald verður tryggt ásamt því að fyrirtækið þarf að lúta kröfum markaðarins um upplýsingaskyldu.

Arion banki tók óformlega yfir stjórn 1998 ehf., eignarhaldsfélag Haga, seinni hluta síðasta árs vegna skulda eigenda við bankann. Þær námu, samkvæmt lánabók Kaupþings sem lak út á Netið í fyrra, 263,5 milljónum evra. Það jafngildir 46,6 milljörðum króna í dag. Skuldin er tilkomin vegna kaupa Gaums, félags Jóns Ásgeirs Jóhannessonar og fjölskyldu, á Högum frá Baugi Group fyrir tveimur árum.

Eftir því sem næst verður komist var skuldin færð niður á varúðarreikningi í bókum bankans við tilfærslu eigna á milli gamla Kaupþings og Arion banka.



**KEYPT Í MATINN** Ef allt gengur eftir verður fyrirtækjasamstæðan Hagar að almenningshlutafélagi í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## FJÓRIR KALLAÐIR Í STJÓRNINA

Arion banki hefur skipað nýja stjórn Haga. Framkvæmdstjóri Haga er eftir sem áður Finnur Árnason. Í stjórninni sitja fimm einstaklingar. Jóhannes Jónsson, stofnandi Bónuss, er stjórnarformaður. Hinir fjórir eru reynsluboltar úr fyrirtækjarekstri og koma ekki úr bankanum. Þau eru: Guðbrandur Sigurðsson, fyrrverandi forstjóri Mjólkursamsölunnar og Auðhumlu; Erna Gísladóttir, fyrrverandi forstjóri B&L og stjórnarmaður í Sjóvá; Svana Helen Björnsdóttir, stofnandi og framkvæmdastjóri hugbúnaðarfyrirtækisins Stika og formaður Samtaka sprotafyrirtækja.

Finnur segir ómögulegt að áætla hvort söluandvirði Haga nái upp í skuldir fyrri eigenda. „Það er óvissa en við vonumst til að fá sem mest,“ segir hann.

Bankinn fer nú með 95,7 prósenta hlut í Högum og verður hann skráður á hlutabréfamarkað. Hagar eiga hluta af þeim hlutabréfum sem eftir standa auk þess sem Finnur Árnason, forstjóri Haga, og Guðmundur Marteinsson, framkvæmdastjóri Bónuss, eiga um tveggja prósenta hlut. Þeim, ásamt öðrum núverandi stjórnendum Haga, býðst að bæta við hlut sinn upp að fimmtán prósentum. Þá fær Jóhannes að kaupa tíu prósent á sama gengi og aðrir fjárfestar í útboði með bréfin.

Finnur Árnason staðfesti við blaðið að hann, ásamt hópi starfsmanna, myndi nýta rétt sinn.

**jonab@frettabladid.is**

## ALLIR SITJA VIÐ SAMA BORÐ

Jóhannes Jónsson, stjórnarformaður Haga, vildi ekki tjá sig um þróun mála þegar eftir því var leitað í gær.



**JÓHANNES JÓNSSON**

Í tilkynningu frá Högum kom fram að reksturinn hefði gengið vel á erfiðum tímum og félagið staðið við allar sínar skuldbindingar. Staðan væri sterk og allri óvissu um framtíð félagsins verið eytt. „Það er einlæg von mín, að nú skapist vinnufriður í kringum Haga, svo starfsmenn geti einbeitt sér að því sem þeir gera best, að reka fyrirtækið og þjóna viðskiptavinum sínum. Nú sitja allir við sama borð,“ er haft eftir Jóhannesi í tilkynningunni.

## BÝST VIÐ FLEIRI FYRIRTÆKJUM

„Það er fagnaðarefni að þessi ákvörðun hafi verið tekin. Þetta getur orðið mjög mikilvægt skref að endurvekja hlutabréfamarkað hér,“ segir Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallarinnar.



**ÞÓRÐUR FRIÐJÓNSSON**

Þórður segir áætlað að fimmtán fyrirtæki verði skráð á markað á þessu ári. Hann útilokar ekki að nokkur þeirra komi úr bönkunum.

„Ég geri ráð fyrir því að önnur fyrirtæki muni fylgja í kjölfarið. Þetta opnar leiðina. Það er mikilvægt að setja fyrirtæki í dreift eignarhald,“ segir hann.






## VEÐURSPÁ



**Ingibjörg Karlsdóttir**
Veðurfréttamaður

**HELGIN** Það verður nokkuð bjart víða á landinu á morgun en á sunnudag má búast við vaxandi vindi sunnanlands með einhverri úrkomu. Þá lítur út fyrir að hiti mjakist yfir frostmark víða á láglendi á sunnudaginn en áfram verður frost til fjalla.





**Á MORGUN**
Strekkingur með S-strönd, annars hægari.



**SUNNUDAGUR**
Strekkingur/hvasst SV-lands, annars hægari.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 18° |
| Basel | 2° |
| Berlín | 1° |
| Billund | 1° |
| Eindhoven | 6° |
| Frankfurt | 2° |
| Friedrichshafen | 2° |
| Gautaborg | 1° |
| Kaupmannahöfn | 1° |
| Las Palmas | 21° |
| London | 8° |
| Mallorca | 16° |
| New York | 2° |
| Orlando | 26° |
| Ósló | -5° |
| París | 10° |
| San Francisco | 14° |
| Stokkhólmur | -2° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.


**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*
**ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Henný Árnadóttir *henny@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Bjarni Þór Sigurðsson *bthor@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*
**RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*


Fríhafnardagar
um helgina
TAX
FREE
SNYRTIVÖRU
DAGAR
FRÍHAFNARDAGAR
Dagana 4.-7. febrúar
afnemum við virðisaukaskatt
af öllum snyrtivörum.
Að sjálfsögðu fær ríkissjóður virðisaukaskatt af þessari
sölu. Verðlækkunin er alfarið á kostnað Hagkaups.
Tilboðin gilda út sunnudaginn 7. febrúar 2010.
24
Hagkaup
OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær
50 ára
HAGKAUP
fyrir Íslendinga í 50 ár

**KJÖRKASSINN**




*Kaupir þú einhvern tíma tónlist?*

| | |
|---|---|
| Já | 60,5% |
| Nei | 39,5% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Verður þú var við að húsaleiga hafi lækkað verulega?*

Segðu skoðun þína á visir.is VÍSIR

Fulltrúi Sjálfstæðisflokksins í nefnd um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis:

# Skilar ekki fjárhagsupplýsingum

**STJÓRNMÁL** Ragnheiður Ríkharðsdóttir, nýr fulltrúi Sjálfstæðisflokksins í þingnefnd sem fjalla á um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis, hefur ekki sent Ríkisendurskoðun upplýsingar um kostnað við prófkjör sitt fyrir kosningarnar 2007.

Ragnheiður útskýrir að þar sem lög og reglur ná ekki til ársins 2006 og 2007 þá hafi hún ákveðið að skila ekki fjárhagsupplýsingum um prófkjörið. „En ef sú ákvörðun dregur setu mína í rannsóknarnefndinni eitthvað í efa þá mun ég endurskoða þessa ákvörðun. Ég held hins vegar að svo sé alls ekki.“

Ragnheiður tók á dögunum við sæti Ásbjarnar Óttarssonar í nefndinni, en Ásbjörn hætti eftir að upp komst um misferli hans í einkarekstri. Ásbjörn sagðist hætta í nefndinni til að skapa frið um störf hennar, enda væri þar unnið að því að endurreisa traust á viðskiptalífinu.

Ragnheiði ber ekki skylda til að skila þessum upplýsingum, sem Ríkisendurskoðun var falið að taka við, þar sem lög, sem sett voru í september 2009, um skil þessara upplýsinga eru ekki afturvirk. Stjórnmálaflokkarnir skuldbundu sig hins vegar til að skora á frambjóðendur sína að veita Ríkisendurskoðun þessar upplýsingar. Margir frambjóðendur hafa orðið við þeim tilmælum. - kóþ, shá



**RAGNHEIÐUR RÍKHARÐSDÓTTIR** Telur að birting fjármálaupplýsinga komi setu hennar í nefnd sem á að skoða skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis ekki við.

Gæsluvarðhaldsúrskurður:

# Framlengt á Facebook-mann

**DÓMSMÁL Héraðsdómur hefur framlengt til 3. mars gæsluvarðhaldi rúmlega tvítugs manns sem grunaður er um að hafa nauðgað fjórum stúlkum sem hann kynntist á Facebook. Lögregla hefur lokið rannsókn á þremur málanna og hafa þau verið send til ákæruvaldsins. Fjórða málið er enn til rannsóknar.**

**Í tölvu mannsins reyndust vera margar myndir af hálfnöktum stúlkum og hreyfimyndir þar sem börn eru beitt grófu kynferðislegu ofbeldi, svokölluðu BDSM. Maðurinn á því yfir höfði sér ákæru um vörslu barnakláms.** -jss



**SARKOZY OG MERKEL** Hittust í París í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Sarkozy og Merkel hittust:

# Vandi risaþotu verður leystur

**FRAKKLAND, AP Angela Merkel Þýskalandskanslari brá sér í heimsókn til Nicolas Sarkozy Frakklandsforseta í París í gær.**

**Helsta deiluefni fundarins snerist um örlög A400M-risaherflutningþotunnar, sem fjármagn vantar til að ljúka við smíði á.**

**Að loknum fundinum sögðu þau fátt annað en að lausn muni finnast á þeim deilum.**

**Þau voru einnig spurð út í ákvörðun Baracks Obama Bandaríkjaforseta að mæta ekki á leiðtogafund Evrópusambandsins og Bandaríkjanna á Spáni í maí. Þau gerðu lítið úr því.**

**„Á það að vera eina vandamál okkar í heiminum nú um stundir?“ spurði Sarkozy.** - gb

## PRÓFKJÖR

Haraldur L. Haraldsson gefur kost á sér í 4. sæti í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Mosfellsbæ á laugardag. Haraldur Haraldsson er fæddur 1944, uppalinn í Reykjavík en fluttist til Mosfellsbæjar 2005. Hann var eigandi og framkvæmdastjóri útflutningsfyrirtækisins Andra og einn af stofnendum Kreditkorta hf.



# Árbót lokað í kjölfar kynferðisbrots gegn stúlkum

**Fyrrverandi starfsmaður meðferðarheimilisins að Árbót hefur verið dæmdur í tveggja og hálfs árs fangelsi og til greiðslu nærrri tveggja milljóna króna í skaðabætur. Meðferðarheimilinu Árbót verður lokað.**

**DÓMSMÁL** Fyrrum starfsmaður meðferðarheimilisins í Árbót í Aðaldal, Jón Þór Dagbjartsson, hefur verið dæmdur í tveggja og hálfs árs fangelsi fyrir kynferðisbrot gegn tveimur stúlkum sem vistaðar voru á heimilinu árið 2008 á vegum barnaverndaryfirvalda. Maðurinn, sem er rúmlega fertugur, var þá starfsmaður á heimilinu. Honum var gefið að sök að hafa fengið stúlkurnar til ýmissa kynlífsathafna á um það bil þriggja mánaða tímabili.

Að sögn Braga Guðbrandssonar, forstjóra Barnaverndarstofu, hefur verið tekin ákvörðun um að loka meðferðarheimilinu að Árbót. Hann segir þá ákvörðun ekki tengjast beint kynferðisbrotamálinu sem nú hefur verið dæmt í.

„Hins vegar kann að vera að foreldrar hafi verið tregari til að senda börn sín þangað eftir að uppvíst varð um það sem þar hafði gerst,“ segir Bragi. „En ég vil taka sérstaklega fram að hjónin á Árbót hafa jafnan rekið þetta heimili þannig að sómi er að.“ Hann bætir við að meðferðarheimili verði opnað að Geldingalæk á Rangárvöllum með vorinu. Lögð verði áhersla á að hafa þar fyrst og fremst fagfólk við störf.

Maðurinn, sem braut gegn stúlkunum hafði áður sætt rannsókn vegna gruns um brot gegn þeim. Önnur stúlkan neitaði þá alfarið að um slíkt hefði verið að ræða, þótt vinkona hennar hefði greint frá kynferðislegu áreiti starfsmannsins. Ríkissaksóknari lét málið þá niður falla, þar sem framkomin gögn í málinu voru ekki talin nægileg til sakfellingar.

Málið var síðan tekið upp á nýjan leik, þegar stúlkan sem sagt hafði manninn saklausan lýsti því á fósturheimili sínu að hún hefði áhyggjur af stúlku á heimilinu, sem sagt hefði að maðurinn hefði áreitt hana. Sjálf sagðist stúlkan á fósturheimilinu hafa orðið fyrir áreitni hans.

Hún greindi síðar frá því fyrir dómi, spurð hvort maðurinn hefði hótað henni, að hann hefði sagt henni að hann þekkti marga úr vélhjólaklúbbnum Fáfni. Hún mætti ekki segja frá vegna orðspors heimilisins og annars. Raunar segist maðurinn á heimasíðu sinni hafa stofnað „Fafner MC Iceland“ sem er nú í formlegum tengslum við Hells Angels. Hann segist hættur í samtökunum. Fyrir dómi sagði stúlkan, sem þá var sextán ára, að hún hefði óttast manninn.

Maðurinn var, auk fangelsisrefsingar, dæmdur til að greiða annarri stúlkunni 1.250.000 krónur í miskabætur og hinni 500.000 krónur. jss@frettabladid.is



**ÁRBÓT** Maðurinn braut um nokkurra vikna skeið gegn tveimur stúlkum sem vistaðar voru á meðferðarheimilinu. Því verður nú lokað. MYND/BARNAVERNDARSTOFA

## HERÐIR REGLUR UM VIÐBRÖGÐ

Barnaverndarstofa hefur í ljósi kynferðisbrotamálsins á Árbót sett ítarlegri reglur um viðbrögð starfsfólks en áður hafa gilt svo lærdóm megi draga af þessu dapurlega máli.

Þetta kemur fram í yfirlýsingu frá Barnaverndarstofu. Hún segir dóminn sögulegan, þar sem aldrei fyrr hafi sannast fyrir dómi að börn hafi sætt kynferðisofbeldi af hálfu starfsmanns uppeldisstofnunar á Íslandi.

„Það er hins vegar þyngra en tárum taki að horfast í augu við þá staðreynd að ekki sé unnt að tryggja öryggi barna inni á barnaverndarstofnunum þar sem þau eiga rétt á skjóli og sérstakri vernd,“ segir Barnaverndarstofa.

„Umræddur dómur er þó fagnaðarefni í þessu sorglega máli. Hann gefur von um að sá tími sé liðinn að siðblindir einstaklingar komist upp með að níðast á berskjölduðum börnum án þess að sæta afleiðingum. Hann er vísbending um að eftirlits- og viðbragðskerfi barnaverndaryfirvalda, lögregla, ákæruvald og dómstólar rísi nú undir þeirri ábyrgð sem þessum aðilum er ætlað að axla. Framgang málsins skal þó fyrst og fremst þakka brotaþolum, ungu stúlkunum sem sýndu kjark með því að segja frá þeim brotum sem þær máttu sæta.“



**BRAGI GUÐBRANDSSON**




Gagnrýna harðlega fækkun kvenna á fjölmiðlum:

# Fleiri konur þarf í fréttamennsku

**FJÖLMIÐLAR** Engar konur eru á meðal æðstu stjórnenda íslenskra fjölmiðla og í hópi næstráðenda eru konur aðeins um þriðjungur stjórnenda, segir í ályktun Félags fjölmiðlakvenna sem samþykkt var á fundi í fyrrakvöld. Í ályktuninni er rýr hlutur kvenna á fjölmiðlum gagnrýndur sem og uppsagnir á reyndum fjölmiðlakonum.

Hátt í hundrað konur mættu á fundinn og segir Guðrún Helga Sigurðardóttir, formaður félagsins, að þessi góða mæting sýni að fundurinn hafi verið tímabær og þarfur. Meðal þess sem rætt var á fundinum var hlutur kvenna á fréttadeildum fjölmiðla en á þeim eru konur alls staðar í minnihluta nema á fréttastofu Stöðvar tvö. Skorað er á stjórnvöld og yfirmenn fjölmiðla að rétta hlut kvenna á fjölmiðlum landsins.

Á fundinum var einnig rætt um aldursdreifingu á fjölmiðlum og var hvatt til þess að fjölmiðlakonum yrði leyft að eldast í starfinu. Guðrún Helga segir þá umræðu þarfa, nauðsynlegt sé að hafa reynslumiklar konur inni á fjölmiðlum. - sbt



**GUÐRÚN HELGA SIGURÐARDÓTTIR**



**BUFFALL Á MÓTMÆLAFUNDI** Forseti Indónesíu vill ekki láta líkja sér við „stór og heimsk“ dýr. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Forseti móðgast:

# Bannar buffla

**INDÓNESÍA, AP Susilo Bambang Yudhoyono, forseti Indónesíu, hefur bannað fólki að nota buffla á mótmælafundum. Ástæðan er sú að í síðustu viku var buffall með nafni forsetans leiddur um götur Djakarta í mótmælaaðgerðum gegn forsetanum.**

**„Þau sögðu að ég væri eins og buffall, stór og heimskur og hægur,“ sagði forsetinn, harla ósáttur. Bannið nær reyndar til allra annarra dýra þegar mótmæli eru annars vegar.** - gb

**Enginn kostnaður** af viðskiptum
með sjóði Stefnis í febrúar.

# Ávöxtun *sjóða* Stefnis árið 2009

*Hafðu samband*
sími 444 7000 • arionbanki.is

## Blandaðir sjóðir

| | |
|---|---|
| Stefnir - Eignastýringarsj. [2] | 7,8% |
| Stefnir - Samval [2] | 17,3% |
| Verðbréfaval 1 [2] | 34,5% |
| Verðbréfaval 2 [2] | 25,0% |
| Verðbréfaval 3 [2] | 19,5% |
| Verðbréfaval 4 [2] | 14,7% |
| Verðbréfaval 5 [2] | 13,6% |

## Íslensk hlutabréf

| | |
|---|---|
| Stefnir ÍS -15 [2] | 4,0% |
| *Úrvalsvísitalan (viðmið) [3]* | *-18,5%* |

## Erlend hlutabréf

HLUTABRÉF ALÞJÓÐLEG

| | |
|---|---|
| KMS - Global Equity [1] | 37,0% |
| Stefnir - Erlend hlutabréf [2] | 56,4% |
| KF - Global Value [1] | 56,5% |
| *MSCI World Index (viðmið) [3]* | *30,8%* |

HLUTABRÉF LANDSVÆÐI

| | |
|---|---|
| Stefnir - Scandinavian Fund [1] | 78,4% |
| *MSCI Nordic (viðmið)* | *45,8%* |
| KMS BRIC [1] | 94,5% |
| *MSCI Emerging (viðmið) [3]* | *80,7%* |
| Stefnir - Green Growth Fund [1] | 82,5% |

## Íslensk skuldabréf

ÍSLENSK RÍKISSKULDABRÉF

| | |
|---|---|
| Stefnir - Ríkisvíxlasjóður * [1] | 8,3% |
| Stefnir - Ríkisbréfasjóður óverðtryggður * [1] | 11,1% |
| Stefnir - Ríkisverðbréfasjóður millilangur [1] | 14,5% |
| Stefnir - Ríkisverðbréfasjóður langur [1] | 15,5% |

ÍSLENSK SKULDABRÉF

| | |
|---|---|
| Stefnir - Skuldabréf stutt [2] | 11,4% |

Allar ávöxtunartölur eru í ISK.
Nafnávöxtun sl. 12 mánuði
m.v. 31. desember 2009.

STEFNIR

Stefnir er dótturfélag Arion banka og stærsta sjóðastýringarfyrirtæki á Íslandi. Virkar eignir í stýringu eru um 250 milljarðar króna og viðskiptavinir um tuttugu þúsund talsins.

Stefnir hefur á að skipa reyndu starfsfólki og býður upp á fjölbreytt úrval verðbréfa- og fjárfestingarsjóða. Meðal viðskiptavina Stefnis eru einstaklingar, fyrirtæki og lífeyrissjóðir. Stefnir leggur ríka áherslu á fagleg vinnubrögð, heiðarleika og gagnsæi, og er ávallt óháður í fjárfestingarákvörðunum sínum.

Verðbréfaþjónusta Arion banka
er söluaðili sjóða Stefnis.

Kynntu þér sjóðina hjá starfsfólki verðbréfaþjónustu Arion banka í síma 444 7000, í næsta útibúi eða á arionbanki.is/sjodir

Arion banki

*Stefnir - Ríkisvíxlasjóður tók til starfa 18. febrúar 2009, hækkun frá stofnun sjóðsins til áramóta. Stefnir - Ríkisbréfasjóður óverðtryggður tók til starfa 29. janúar 2009, hækkun frá stofnun sjóðsins til áramóta.

1) Sjóðurinn er verðbréfasjóður samkvæmt lögum nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag sjóðsins er Stefnir hf.
2) Sjóðurinn er fjárfestingarsjóður samkvæmt lögum nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag sjóðsins er Stefnir hf.
3) Upplýsingar fengnar af upplýsingaveitu Bloomberg.

Vakin er sérstök athygli á að áhætta fylgir fjárfestingu í hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða, t.d. getur fjárfesting rýrnað eða tapast að öllu leyti. Fjárfestingarsjóðir hafa rýmri fjárfestingarheimildir, sem geta leitt til minni áhættudreifingar en í verðbréfasjóðum. Fjárfesting í fjárfestingarsjóði telst því almennt vera áhættumeiri en fjárfesting í verðbréfasjóði. Fyrri ávöxtun sjóða gefur ekki áreiðanlega vísbendingu um framtíðarávöxtun þeirra. Nánari upplýsingar um sjóðina, þ.á.m. nánari upplýsingar um áhættu við fjárfestingu í hlutdeildarskírteinum þeirra, má finna í útboðslýsingu og útdrætti úr útboðslýsingu þeirra, sem nálgast má á www.arionbanki.is/sjodir.

ÍSLENSKA SIA.IS ARI 48631 01/10

## VEISTU SVARIÐ?



**1** *Hvað heitir félag Bjarna Benediktssonar sem verið hefur í fréttum undanfarið?*

**2** *Hvaða söngkona er að útskrifast úr guðfræði um þessar mundir?*

**3** *Hvaða hljómsveit leikur í auglýsingu með Jason Lee og Peter Stormare?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 30

Varaformaður Sjálfstæðisflokks ekki tilbúinn í þjóðaratkvæðagreiðslu um kvóta:

# Margt annað þarf að klára fyrst

**SJÁVARÚTVEGSMÁL** Áður en gengið yrði til þjóðaratkvæðagreiðslu um kvótakerfið þarf að huga að þrennu, að mati varaformanns Sjálfstæðisflokksins, Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur:

Í fyrsta lagi að ljúka þjóðaratkvæðagreiðslu um Icesave. Í annan stað þarf stjórnin að móta sér skýra afstöðu til sjávarútvegskerfisins sem slíks, það er um hvaða kerfi eigi að kjósa. Í þriðja lagi þarf að setja skýr lög um þjóðaratkvæðagreiðslur.

Þorgerður Katrín bregst hér við þeim orðum Steingríms J. Sigfússonar, sem sagði í útvarpsþættinum Sprengisandi að þjóðaratkvæðagreiðsla um kvótakerfið kæmi til greina.

„Erum við að tala um kvótakerfið eins og það er í dag eða eins og ríkisstjórnin ætlar sér að hafa það með því að byrja fyrningarleiðina í gegnum skötuselinn?“ spyr Þorgerður. Þetta sé óljóst með öllu. Stjórnin þurfi að móta sér stefnu í sjávarútvegsmálum.

„Áður en við förum í einhverjum populisma að tala um þjóðaratkvæðagreiðslur um hitt og þetta eigum við að móta okkur almenn lög um þjóðaratkvæðagreiðslur, þannig að það verði skýrt að valdið sé hjá þjóðinni, að það sé hægt eftir ákveðnum leikreglum að kalla fram þjóðaratkvæðagreiðslu og þá eru engin mál undanskilin, hvorki kvótinn né annað,“ segir hún. Valdið eigi ekki að vera hjá einum manni, forseta Íslands. **- kóþ**



**ÞORGERÐUR KATRÍN GUNNARSDÓTTIR** Telur þjóðaratkvæðagreiðslu um kvótakerfið ótímabæra og vill meðal annars að sett séu skýr lög um slíkar kosningar fyrst. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Áttræður hlýtur dóm:

# Lagði eld að sumarhúsi

**DÓMSMÁL** Áttræður maður hefur verið dæmdur í sex mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir íkveikju í sumarbústað í Grímsnesi.

Maðurinn var ákærður fyrir að kasta logandi hlut upp á svefnloft og hverfa síðan af vettvangi. Miklar skemmdir urðu á bústaðnum af völdum elds og reyks.

Maðurinn neitaði í fyrstu að hafa kastað logandi hlut upp á svefnloftið en játaði að hafa orðið valdur að íkveikjunni með því að henda frá sér logandi sígarettu sem hefði lent í haug af bréfum í bústaðnum, sem væri í eigu fjölskyldunnar. Síðan breytti maðurinn framburði og játaði sök. **- jss**

HB Grandi:

# Nýtir kvótann til hrognatöku

**SJÁVARÚTVEGUR** **HB Grandi hyggst nýta sem mest af sautján þúsund tonna loðnukvóta fyrirtækisins til hrognatöku. Það þýðir að skip fyrirtækisins hefja ekki veiðar fyrr en um miðjan mánuðinn.**

**Að sögn Vilhjálms Vilhjálmssonar, deildarstjóra uppsjávarsviðs, eru vinnslustöðvar félagsins á Akranesi og Vopnafirði vel búnar fyrir hrognavinnslu og til standi að nýta þær báðar. Verð á hrognum hefur verið gott undanfarin ár og því lag til að gera veruleg verðmæti úr þeim takmarkaða loðnukvóta sem búið að úthluta.**

**Íslensk og norsk skip eru nú komin á veiðar fyrir Austur- og Suðurlandi og veiði er ágæt.** **- shá**

Afkoma stoðtækjafyrirtækisins Össurar yfir væntingum þrátt fyrir erfitt ár í fyrra:

# Vissum ekki hvað var í vændum

**VIÐSKIPTI** „Eiginfjárstaðan hefur aldrei verið betri,“ segir Hjörleifur Pálsson, fjármálastjóri stoðtækjafyrirtækisins Össurar. Hann kynnti uppgjör fyrirtækisins ásamt Jóni Sigurðssyni forstjóra í Kaupmannahöfn í Danmörku í gær.

Fyrirtækið hagnaðist um tæpar 22,8 milljónir Bandaríkjadala, jafnvirði 2,9 milljarða króna, í fyrra, sem er fjórðungi minna en fyrir ári. Svipuðu máli gegnir um flesta rekstrarliði, svo sem sölu, sem dróst saman um 4,6 prósent á milli ára.

Lausafjárstaðan batnaði hins vegar verulega en í lok síðasta árs átti Össur tæpar áttatíu milljónir dala, tæpa tíu milljarða króna, í lausu fé. Þetta er tæp 160 prósenta aukning á milli ára. Eiginfjárhlutfall Össurar stóð í 49,7 prósentum í lok árs samanborið við 41,3 prósent í hittifyrra og hefur það sjaldan ef nokkru sinni verið sterkara.

Þeir Jón og Hjörleifur bentu á að horfur hefðu verið sveipaðar óvissu í efnahagsmálum í upphafi síðasta árs og ekki vitað hvernig árið yrði. Úr rættist þegar á leið og var afkoman yfir væntingum flestra, þar á meðal rúmum 25 prósentum yfir spá IFS Greiningar. **- jab**

**UPPGJÖR ÖSSURAR***

| Liður | 2009 | 4. ársfj. |
|---|---|---|
| Sölutekjur | 330,6 | 346,8 |
| Rekstrarhagnaður | 48,2 | 56,0 |
| EBITDA | 67,0 | 79,4 |
| Eignir | 628,2 | 603,8 |
| Eigið fé | 312,2 | 249,6 |
| Hagnaður | 22,7 | 28,5 |
| Hagnaður á hlut** | 5,32 | 6,74 |
| Þynntur hag. / hlut** | 5,30 | 6,73 |

* Í milljónum dala
** Í dölum talið



**JÓN SIGURÐSSON** Afkoma stoðtækjafyrirtækisins Össurar var yfir væntingum á síðasta ári og skilaði góðu uppgjöri. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




# nettó

*Ódýrt fyrir heimilið!*



## SALTKJÖT
ÓDÝRT

**479** kr/kg
áður **772** kr/kg

DORIS
GULAR BAUNIR
500gr

**179** kr/pk

# *Velkomin í Nettó*

### FISKIBOLLUR
ÝSA, 1kg



**798** kr/kg

### GRÍSARIF
BBQ

**35%** afsláttur



**999** kr/kg
áður **1.537** kr/kg

GOÐI

### ROAST BEEF
KRYDDAÐ

**36%** afsláttur



**1.778** kr/kg
áður **2.778** kr/kg

GOÐI

### LAMBASALTKJÖT
BLANDAÐ
1. FLOKKUR

**30%** afsláttur



**1.049** kr/kg
áður **1.498** kr/kg

KJÖTSEL

### SALTKJÖT
ÓDÝRT

**30%** afsláttur



**398** kr/kg
áður **569** kr/kg

KJÖTSEL

### BACON

**30%** afsláttur



**1.154** kr/kg
áður **1.649** kr/kg

KJÖTSEL

### HRÍSKÖKUR
MEÐ SÚKKULAÐI
4 STK. Í PAKKA




**129** kr/pk

### LITTLE COOK NÚÐLUR
85gr
KJÚKLINGA,
NAUTA &
ORIENTAL




**37** kr/pk

### GUACAMOLE
HRÁEFNI &
UPPSKRIFT



**298** kr/pk

Tilboðin gilda 4. - 7. febrúar eða meðan birgðir endast
Birt með fyrirvara um prentvillur

Skráðu þig á póstlistann á **www.netto.is**!

Mjódd - Salavegi - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbæ

www.markhonnun.is




Aðstandendur einhverfra og nemendur í HÍ þróa nýtt námskeið fyrir einhverfa:

# Félagsfærni einhverfra unglinga bætt

**MENNTUN** Námskeið fyrir einhverfa unglinga þar sem félagsfærni þeirra verður meðal annars efld verður haldið næsta sumar.

Ekki hefur verið boðið upp á sambærileg námskeið áður en að sögn Helga Þórs Jónssonar, eins skipuleggjenda námskeiðsins, er mikil þörf á því að styrkja félagsfærni einhverfra unglinga. Á unglingsárum breytist samskipti, meira sé um ósögð orð og hálfkveðnar vísur sem reynist einhverfum oft erfitt að ráða í.

Helgi er félagi í Umsjónarfélagi einhverfra og segir hugmyndina að námskeiðinu hafa kviknað í kjölfar heimildarmyndarinnar Sólskinsdrengsins. Í henni er meðal annars fjallað um styrkleika einhverfra sem margir eru mjög hæfileikaríkir. Í framhaldinu var ákveðið að þróa námskeið fyrir einhverf börn og unglinga til að efla þau á ýmsum sviðum.



**VILJA EFLA EINHVERFA** Helgi Þór Jónsson og Sigrún Valgarðsdóttir eru meðal aðstandenda námskeiðsins Minn styrkur sem ætlað er einhverfum unglingum.

Leitað var samstarfs við þroskaþjálfarabraut HÍ um hönnun og uppbygggingu sumarnámskeiðs. Helgi Þór segir frábært hversu vel hugmyndinni hafi alls staðar verið tekið. Meðal annars styrkir Soroptimistafélag Reykjavíkur námskeiðið og segir Sigrún Valgarðsdóttir, varaformaður þess, að þeim hafi þótt hugmyndin svo góð og vel útfærð að þær vildu leggja sitt af mörkum til þess.

Verkefnið Minn styrkur, sem sagt námskeiðið og hugmyndin á bak við það, verður kynnt í Háskóla Íslands í dag klukkan 12. **- sbt**



**LÆKKAR Í VERÐI** Öllu minna kostar að leigja sér íbúð nú en vorið 2008. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Leiguverð lækkað um þrettán til 32 prósent

**Leiguverð á höfuðborgarsvæðinu hefur lækkað umtalsvert síðan vorið 2008 í krónum talið. Mest hefur verð lækkað á stórum íbúðum. Gera má ráð fyrir að raunlækkun sé enn meiri. Fermetraverð hefur hækkað lítillega frá því í fyrra.**

**HÚSNÆÐISMARKAÐUR** Leiguverð á höfuðborgarsvæðinu hefur að jafnaði lækkað um 13 til 32 prósent síðan á vordögum 2008. Þetta er niðurstaða nýrrar verðkönnunar Neytendasamtakanna, sem er sú þriðja sem samtökin ráðast í á tæpum tveimur árum.

Mest hefur leiguverð lækkað á fimm herbergja íbúðum, sem eru 163 fermetrar að meðalstærð samkvæmt könnuninni. Meðalverð á þeim hefur lækkað um tæp 32 prósent síðan í apríl 2008, eða um 55 þúsund krónur, og er nú tæpar 174 þúsund krónur á mánuði.

Meðalverð á fjögurra herbergja íbúðum hefur lækkað um 15,6 prósent, niður í tæpar 147 þúsund krónur. Meðalverð á þriggja herbergja íbúðum hefur lækkað minnst, eða um 13,3 prósent, niður í um 124 þúsund krónur. Tveggja herbergja íbúðir kosta að meðaltali rúmar 100 þúsund krónur á mánuði og hafa lækkað um 18,8 prósent, en meðalverð á stúdíóíbúðum hefur lækkað mest, um 20,1 prósent, niður í 76 þúsund krónur á mánuði.

Neytendasamtökin taka fram að könnunin sé alls ekki tæmandi, heldur hafi einungis verið skoðaðar íbúðir sem auglýstar voru til leigu hjá leiga.is, Leigulistanum og Rentus. Þá hafi ekki verið tekið tillit til kostnaðar sem kynni að skapast vegna rafmagns eða hússjóðs, eða þess hvort húsbúnaður fylgir íbúðinni.

„Þó má gera ráð fyrir að raunveruleg lækkun sé umtalsvert meiri, enda gera flestir leigusamningar ráð fyrir því að leiguverð breytist með tilliti til neysluvísitölu,“ segir í frétt á vef Neytendasamtakanna. „Þeir sem tóku t.a.m. íbúð á langtímaleigu í apríl 2008 greiða því mun hærra leiguverð nú en samið var um í upphafi sé leiguupphæðin tengd við vísitölu.“

Síðasta könnun var gerð í mars í fyrra og hefur fermetraverð á öllum stærðum íbúða hækkað lítillega síðan þá. Það hefur hins vegar lækkað verulega síðan vorið 2008.

**stigur@frettabladid.is**

**Þróun leiguverðs frá apríl 2008**




HEIMILD: NEYTENDASAMTÖKIN

VIRKJUM KARLA & KONUR
FJÖLBREYTNI Í FORYSTU
TÍMAMÓTAFUNDUR 10. FEBRÚAR 2010
Miðvikudaginn **10. febrúar, kl. 8-10**, efna SAMTÖK ATVINNULÍFSINS, FÉLAG KVENNA Í ATVINNUREKSTRI, VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS, LEIÐTOGA-AUÐUR, IÐNAÐARRÁÐUNEYTIÐ, EFNAHAGS- OG VIÐSKIPTARÁÐUNEYTI og CREDITINFO til tímamótafundar á **Hótel Nordica**.
Nánari upplýsingar og skráning á **sa.is**
ÍSLENSKA SIA.IS SAL 48478 01/10

Skráðu þig í netklúbbinn - VITA.is



# Tyrkland og gríska Eyjahafið

10–11 nátta ferðir

## TYRKLAND

Eingöngu flug 10. júlí í 10 nætur

Verð frá 89.000 kr.*

+ 15.000 Vildarpunktar

Innifalið: Flug fram og til baka og flugvallarskattar.
*Verð án vildarpunkta: 99.000 kr.

## TYRKLAND ÓDÝRAST!

Hvergi ódýrara að lifa á sólarstöðum sumarið 2010!

TYRKLAND

# Bodrum

Vinsælasti sólarstaðurinn á Tyrklandi

Bodrum er einn allra vinsælasti sólarstaðurinn á vesturströnd Tyrklands við Eyjahaf þar sem sólin skín nánast allt árið um kring. Freistandi baðstrendur, fyrsta flokks þjónusta og gnægð veitingastaða og verslana.

### Eken ★★★

Eken er einkar vinalegt hótel með rúmgóðum og snyrtilegum herbergjum sem öll eru loftkæld og með svölum. Í garðinum eru sundlaugar þar sem börnin geta leikið sér í barnalaug.

**Verð frá 128.500 kr.*** og 15.000 Vildarpunktar

á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn (2-12) í 11 nætur 29. júní. ALLT INNIFALIÐ, líka loftkæling. Verð á mann m.v. 2 í tvíbýli: 146.210 kr. og 15.000 Vildarpunkta.

*Verð án Vildarpunkta 138.500 kr.




### Club Pedalisa ★★

Vinalegt íbúðahótel í skandinavískum stíl á góðum stað miðsvæðis í Gumbet, í stuttu göngufæri frá ströndinni.

**Verð frá 96.660 kr.*** og 15.000 Vildarpunktar

á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn (2-12) í íbúð m/1 svefnh. í 10 nætur 10. júlí.
Verð á mann m.v. 2 í íbúð m/1 svefnh.: 110.820 kr. og 15.000 Vildarpunkta.

*Verð án Vildarpunkta 106.660 kr.



GRIKKLAND

# Kos

Eyja hinna ánægðu

Grísk paradísareyja, skammt frá vesturströnd Tyrklands í gríska Eyjahafinu. Friður, fjör, veðursæld, heillandi þorp og stórfenglegar minjar frá gullöldum grískrar menningar.

### Sun Palace ★★★★

Frábært hótel sem var algjörlega endurnýjað árið 2008 og byggt upp samkvæmt nýjustu straumum og stefnum. Útkoman er virkilega huggulegt og nýtískulegt hótel þar sem allt er innifalið.

**Verð frá 168.100 kr.***
og 15.000 Vildarpunktar

á mann m.v. 2 fullorðna og 1 barn (2-12 ára) í tvíbýli í 9 nætur á Kos og 1 nótt í Bodrum 10. júlí. Allt innifalið, líka loftkæling. Verð á mann m.v. 2 í tvíbýli: 203.800 kr. og 15.000 Vildarpunkta.

* Verð án Vildarpunkta 178.100 kr.




Ótal fleiri gistimöguleikar á VITA.is

Upplifðu tvo menningarheima í sömu ferðinni

Í boði eru samsettir pakkar þar sem hægt er að dvelja hluta tímans í Tyrklandi og hluta á Kos.

VITA er í eigu Icelandair Group.

ICELANDAIR GROUP

VITA | Skútuvogi 13a | Sími 570 4444 | VITA.is

VITA er lífið

ÍSLENSKA SIA.IS VIT 49136 10.10



**UNDIR STÓLABOGUM** Drengur nokkur stendur undir tveimur bogum gerðum úr barnastólum á sýningu í London, þar sem til sýnis er hvers kyns sætisbúnaður fyrir börn. NORDICPHOTOS/AFP

**REYKJAVÍKURBORG**

### Tap á jólaþorpinu

Borgarráð hefur samþykkt að borga 1,5 milljónir króna vegna svokallaðs Jólaþorps sem rekið var á Hljómalindarreitnum síðustu dagana fyrir jól. Féð verður tekið af liðnum ófyrirséð útgjöld.

ENDURNÝJUN OG VIÐHALD
Löggiltur rafverktaki
Sími:
696 5600
rafsol@rafsol.is
RAFSÓL
Skúlagata 30 • 101 Reykjavík
Sími 553 5600 • rafsol@rafsol.is

# Líf heimastjórnar hangir á bláþræði

**Samningaviðræðum um framhald heimastjórnar Norður-Írlands var slitið í gær. Kaþólskir hafa fallist á málamiðlunartillögu, en mótmælendur eru klofnir í afstöðu sinni af ótta við útkomu þingkosninga, sem haldnar verða á árinu.**

**NORÐUR-ÍRLAND, AP** Stífum tíu daga samningaviðræðum sambandssinna og lýðveldissinna á Norður-Írlandi lauk í gær þegar fulltrúar lýðveldissinna sögðu nóg komið.

Sambandssinnar þurfa nú að taka afstöðu til málamiðlunartillögu, sem lýðveldissinnar hafa fallist á. Stjórnvöld á Bretlandi og Írlandi hafa haft forystu um samningaviðræðurnar, sem hófust 25. janúar síðastliðinn.

Sinn Fein, helsta stjórnmálaafl hinna kaþólsku lýðveldissinna, hefur krafist þess að nýtt ráðuneyti dómsmála verði stofnað innan heimastjórnar Norður-Írlands. Nýja ráðuneytið myndi fá það hlutverk að hafa yfirumsjón með dómstólum og lögreglu á Norður-Írlandi.

Sinn Fein hefur hótað því að segja sig úr heimastjórninni og þar með líklega gera að engu friðarsamkomulagið frá 1998 fallist sambandssinnar ekki á þetta fyrirkomulag.

Sambandssinnar, sem flestir eru mótmælendatrúar, hafa hins vegar ekki viljað fallast á þetta. Vandamálið er að flokkar sambandssinna í heimastjórninni eru klofnir í afstöðu sinni.

Ástæða klofningsins er meðal annars sú, að margir hófsamir sambandssinnar telja óráðlegt að láta undan kröfum lýðveldissinna á kosningaári af ótta við að tapa atkvæðum til harðlínumanna.

„Viðræðunum er lokið,“ sagði Gerry Kelly, aðalsamningafulltrúi Sinn Fein í gær. „Samninganefnd okkar telur að við séum komin með grundvöll til þess að þoka málunum áfram.“



**GERRY KELLY OG GERRY ADAMS** Aðalsamningafulltrúi Sinn Fein og formaður Sinn Fein, helsta stjórnmálaafls kaþólskra á Norður-Írlandi. NORDICPHOTOS/AFP

Umsjón löggæslu og dómsmála á Norður-Írlandi hefur verið í höndum Breta, en kaþólskir hafa gert kröfu um að stjórn þeirra verði færð í hendur heimamanna. Ríkisstjórnir Bretlands, Írlands og Bandaríkjanna hafa stutt það, í þeirri von að við þá breytingu aukist almennur stuðningur meðal kaþólskra við lögreglu og dómstóla.

Mótmælendur hafa hins vegar beitt neitunarvaldi sínu, ekki síst af ótta við að fyrrverandi liðsmenn Írska lýðveldishersins fái að taka þátt í stjórn þessa málaflokks.

Þegar friðarsamkomulagið var gert fyrir nærri tólf árum höfðu kaþólskir lýðveldissinnar þá barist áratugum saman hatrammri baráttu fyrir aðskilnaði Norður-Írlands frá Bretlandi og helst sameiningu við Írland. Þau átök kostuðu um 3.700 manns lífið.

gudsteinn@frettabladid.is



**HÖFUÐSTÖÐVAR SJÓVÁR** Tólf tilboð bárust Íslandsbanka í tryggingafélagið Sjóvá. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Sala Íslandsbanka á Sjóvá:

## Þrjú tilboð komu að utan

**VIÐSKIPTI Tólf óskuldbindandi tilboð bárust í hlutafé tryggingafélagsins Sjóvár innan þess frests sem Fyrirtækjaráðgjöf Íslandsbanka gaf til að bjóða í félagið. Fresturinn rann út á þriðjudag en þá voru tilboð opnuð í viðurvist óháðs matsaðila. Þrír erlendir aðilar buðu í félagið, að því er fram kemur í tilkynningu frá bankanum.**

**Þeim sex, sem áttu hæstu tilboðin og teljast hafa fullnægjandi fjárhagslega burði, verður gefinn kostur á áframhaldandi þátttöku í söluferlinu og veittur aðgangur að nánari upplýsingum um starfsemi og fjárhag fyrirtækisins.** - jab

**HEILBRIGÐISMÁL**

### Nýtt enskt heiti

Lyfjastofnun hefur fengið nýtt heiti á ensku. Eftirleiðis nefnist stofnunin Icelandic Medicines Agency á enskri tungu, en áður var notað heitið Icelandic Medicines Control Agency. Netfang og veffang breytist til samræmis og verður ima@ima.is og veffangið www.ima.is. Eldra netfang og veffang verða þó virk út árið.

LEIÐIR TIL AÐ LÆKKA GREIÐSLUBYRÐI

Frjálsi fjárfestingarbankinn býður viðskiptavinum í fjárhagsvanda fjölda leiða til að létta á aukinni greiðslubyrði.




GREIÐSLU SKJÓL 3+1

**Greiðsluskjól 3+1** er úrræði sem tekur bæði á vanda vegna hækkunar höfuðstóls erlendra lána og aukins greiðsluþunga.

- Lækkun á höfuðstól erlendra lána er um **26%** að meðaltali við skuldbreytingu yfir í íslenskar krónur.
- Greiðslubyrði getur lækkað um allt að **41%**.
- **3+1.** Greiðsluskjólsvextir í 3 ár með möguleika á aukaári fyrir skilvísa greiðendur.

Fastir verðtryggðir **3,95%** vextir í 3+1 ár.*

Fastir óverðtryggðir **6,00%** vextir í 3+1 ár.**

*Verða eftir tilboðstímann 5,25%. ** Verða jafnir eins mánaðar Reibor-vöxtum + 1,5%.

SÉRTÆK ÚRRÆÐI

Viðskiptavinum, sem glíma við sérlega erfiða fjárhagsstöðu, bjóðum við sértæk úrræði til lausnar á greiðsluvanda þeirra. Í boði er 110% veðsetningarþak á fasteignalán, sértæk skuldaaðlögun auk fjölda sérsniðinna úrræða.

GREIÐSLU JÖFNUN ÍBÚÐALÁNA

**Greiðslujöfnun** erlendra lána léttir greiðslubyrði auk þess að jafna sveiflur vegna gengisbreytinga. Höfuðstóllinn er áfram í erlendri mynt og hækkar því eða lækkar miðað við gengi íslensku krónunnar. Verðtryggð íslensk lán í skilum fóru sjálfkrafa í greiðslujöfnun í desember 2009.

ARGUS / 10-0003

Pantaðu viðtal í síma 540-5000 eða í gegnum vefsíðuna okkar, www.frjalsi.is.
Opið í afgreiðslu Lágmúla 6, 108 Reykjavík, 12.00-15.00 virka daga.
Skiptiborð opið kl. 10-12 og 13-15.

Hafðu samband – við finnum leið!

FRJÁLSI FJÁRFESTINGARBANKINN

# ÚTSALA!

## BÚÐIN LOKAR – ALLT Á AÐ SELJAST!

# 50%–90%

## AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM

OPIÐ LAUGARDAG OG SUNNUDAG MILLI 12 OG 18

# Allt fyrir vélhjólafólkið!

## Hlífðarfatnaður úr leðri og Gore-tex

- Gott úrval kvenfata
- Undirföt úr merino ull
- Regnföt
- Windstopper klæðnaður
- Vélhjólaskór
- Hjálmar
- Hanskar
- Lambhúsettur undir hjálma

MOTORS

Sérverslun vélhjólamannsins
Laugavegi 83 ::: Sími 511 2121

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# FRÁBÆRT VERÐ Í BÓNUS




1398 KR.KG
NAUTAVEISLU FERSKT NAUTASNITSEL




1998 KR.KG
NAUTAVEISLU FERSK PIPARSTEIK




1398 KR.KG
NAUTAVEISLU FERSKT NAUTAGÚLLAS




798 KR.KG
FERSKT BLANDAÐ HAKK




1298 KR.PK
ÍSLANDSNAUT *EKTA* HAMBORGARAR 10 stk/100g




998 KR.PK
ÍSLANDSNAUT ÍTALSKT LASAGNA 850g

## FROSIÐ LAMBAKJÖT Á BETRA VERÐI



1139 KR.KG
K.S FROSIÐ LAMBALÆRI



1398 KR.KG
K.S FROSINN LAMBAHRYGGUR




149 KR.PK
BÓNUS HREINN ÁVAXTASAFI 3 x 250ml
APPELSÍNU OG EPLA




259 KR.PK
E.S ELDHÚSRÚLLUR 4 STK




698 KR.KG
FROSNIR STEINBÍTSBITAR
ROÐ/BEINLAUSIR




698 KR.KG
K.S FROSNIR SALTFISKBITAR




## SÆLGÆTISBARINN
## 100g poki *90 kr.*
## *Gott verð alla daga*




298 KR.DS
SUN RÚSÍNUR 500G
ALGJÖRT SÆLGÆTI




39 KR.DS
E.S MAIS Í DÓS 340G




359 KR.PK
E.S FROSIÐ BROCCOLI 1 KG

BÓNUS BÝÐUR BETUR VISA


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓ
BÓNUS
Kjúklingur
Kjúklingalundir
1598
KR.KG
BÓNUS FERSKAR KJÚLINGALUNDIR
KJÖRFUGL
598
KR.KG
KJÖRFUGL FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR
KJÖRFUGL
Kostar minna!
1698
KR.KG
KJÖRFUGL FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
198
KR. 2 STK
BÓNUS KLEINUHRINGIR 2 STK SÚKKULAÐI/KARAMELLU
598
KR.KG
K.S FROSIÐ LAMBASÚPUKJÖT 1.FLOKKUR
ALLIR BESTU BITARNIR MEÐ 598 KR.KG.
100% EXTRA FREE
Ribena
Blackcurrant
Rich in Vitamin C
a Powerful Antioxidant
798
KR.STK
RIBENA ÞYKKNI 2 LTR.
PEPSI MAX
PEPSI
179
KR. 2 LTR
PEPSI OG PEPSI MAX 2 LTR.
Kristall
165
KR. 2 LTR
KRISTALL MEXIKAN
LIME 2 LTR.
Grænmetisbuff
998
KR.PK
N.F GRÆNMETISBUFF 1 KG
998 KR POKINN.
Bónus Kjarnabrauð innihaldslýsing:
Hafrar og heilmalaður rúgur, 6,2 g af
trefjum í 100g, hátt hlutfall af hjartavænum
olíufræjum, lágt hlutfall af salti.
BÓNUS
50% meiri trefjar
KJARNABRAUÐ
úr olíufræjum, höfrum og heilmöluðum rúgi
159
KR.STK
BÓNUS KJARNABRAUÐ 500G
Broccoliblanding
Parsakaalisekoitus
Broccoli vegetable mix
EURO SHOPPER
359
KR.PK
BROCCOLI GRÆNMETISBLANDA 1 KG
Jordgubbar
Jordbær • Mansikoita
Strawberries
EURO SHOPPER
1 kg
498
KR.PK
E.S FROSIN JARÐARBER 1 KG
Corn flakes
EURO SHOPPER
295
KR.PK
E.S KORNFLEKS 750 GR
Potato mash
Aardappelpuree
Potatismos, bas
Perunamuusihiutale
EURO SHOPPER
295
KR.PK
E.S KARTÖFLUMÚS HÁLFT KÍLÓ
BÓNUS BÝÐUR BETUR
VISA

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Viðvaranir og aðgerðaleysi:

## Álitsgjafinn

**JÓN KALDAL SKRIFAR**

Seðlabankastjóri Hollands, Nout Wellink, sagði í gær að íslensk stjórnvöld hefðu logið um ástand íslenska bankakerfisins skömmu fyrir fall þess. Vitnisburður Wellinks, sem féll frammi fyrir hollenskri rannsóknarnefnd, er athyglisvert innlegg í þá vinnu sem er í gangi hér á landi og miðar að því að varpa ljósi á aðdraganda falls bankanna.

Ályktanir hollenska seðlabankastjórans byggjast líklega á því að örfáum vikum eftir að Hollendingum var sagt að allt væri í himnalagi með íslensku bankana, hrundu þeir til grunna. Væntanlega leggur Wellink ekki trúnað á að nokkur stjórnvöld hafi getað verið svo illa að sér um eigið bankakerfi að þau hafi ekki áttað sig á að það var að hruni komið. Svör Íslendinga um góða heilsu bankanna hafi þar með ekki verið gefin af bestu samvisku.

Í vitnisburði sínum vísaði Wellink, orðum sínum til staðfestingar, til samtals sem hann átti við kollega sinn í Seðlabanka Íslands í september 2008. Sá hafi sagt að hann hefði varað íslensk stjórnvöld við bágri stöðu bankanna hálfu ári fyrr, sem er um það bil í mars sama ár.

Þarna hlýtur að vera kominn Davíð Oddsson, fyrrverandi formaður bankastjórnar Seðlabankans. Davíð hefur einmitt haldið því sjálfur fram að hann hafi margsinnis varað við því að viðskiptabankarnir væru á leið í þrot og með þeim íslenskt efnahagslíf. Því miður fyrir seðlabankastjórann fyrrverandi eru þó nákvæmlega engar skjalfestar heimildir til um þessar viðvaranir. Eina heimildin eru orð Davíðs sjálfs eftir að bankarnir voru komnir á höfuðið og allt var farið til fjandans.

Á hinn bóginn eru til fjölmörg opinber dæmi um fullyrðingar seðlabankastjórans fyrrverandi þess efnis að undirstöður íslensks fjármálalífs væru traustar. Eitt er til dæmis lokaorðin í áliti Seðlabanka Íslands úr ritinu Fjármálastöðugleiki, sem kom út 9. maí 2008 og Davíð Oddsson skrifaði undir sem formaður bankastjórnar:

„Á heildina litið er niðurstaða Seðlabankans enn sú að fjármálakerfið sé í meginatriðum traust. Íslenska bankakerfið uppfyllir kröfur sem gerðar eru til þess og stenst álagspróf sem Fjármálaeftirlitið og Seðlabankinn hafa gert.“

Fimm mánuðum eftir að þetta álit birtist voru allir helstu bankar landsins fallnir.

Annað dæmi er frá mars árið 2008. Þá sagði seðlabankastjórinn fyrrverandi í viðtali við sjónvarpsstöðina Channel 4 að engar líkur væru á því að íslensku bankarnir færu í þrot og þó svo ólíklega færi gæti íslenska ríkið auðveldlega „gleypt“ skuldbindingar þeirra við erlenda innstæðueigendur. Tilefni spurningar breska fréttamannsins voru áhyggjur af háum upphæðum sem landar hans áttu á Icesave-reikningum Landsbankans.

Þegar öllu er á botninn hvolft skiptir hins vegar engu hver sagði hvað hvenær. Það eina sem skiptir máli er hver gerði hvað hvenær. Það er ekki hlutverk Seðlabanka Íslands að vera álitsgjafi á kantinum. Seðlabankinn er í lykilhlutverki við að tryggja fjármálastöðugleika í landinu og beita til þess þeim stjórntækjum sem hann hefur yfir að ráða. Við það verkefni réðu ekki fyrrverandi bankastjórar Seðlabankans. Þeir áttu að gæta hagsmuna almennings en gerðu það ekki.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Enn er liði safnað

Fyrr á öldum tíðkaðist að safna liði og ríða um héruð. Þá var öldin önnur og vopnaburður algengari en nú er. Mörgum brá því í brún þegar þeir litu forsíðu Sunnlenska fréttablaðsins í vikunni. „Sunnlendingar safna liði gegn Reykjavík“ var fyrirsögnin. Þegar nánar er að gáð er ekki um að ræða nýjan herleiðangur heldur hugnast sunnleskum hestamönnum lítt að halda landsmót í Reykjavík. Enda alkunna að í sollinum syðra þrífst ekkert gott, hvað þá mannlíf eða hestar.



### Nafnleysingjar kljást

Morgunblaðið heldur úti ýmsum nafnlausum dálkum og er almennt litið svo á að þar birtist skoðun blaðsins. Einn þeirra er Víkverji, sem fór á dögunum ómjúkum höndum um Björn Bjarnason, fyrrverandi dómsmálaráðherra. Hann fyrtist við og krafðist leiðréttingar og afsökunarbeiðni frá Víkverja. Honum hefur ekki orðið að ósk sinni. Hins vegar var hanskinn tekinn upp fyrir Björn í öðrum nafnleysingjadálki í Morgunblaðinu, nefnilega Staksteinum. Hvor dálkurinn ætli rími betur við skoðun blaðsins?



### Þjóðin svarar ekki kallinu

Ríkisstjórnin stendur nú fyrir miklu sóknarátaki, 2020, og hyggur á fundaherferð um allt land. Dagur B. Eggertsson, varaformaður Samfylkingarinnar, heldur utan um átakið. Fyrsti fundurinn var haldinn á Egilsstöðum fyrir skemmstu. Á fundina er boðið völdum sérfræðingum og síðan slembiúrtaki úr þjóðskrá. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins var sextíu Austfirðingum boðið á fundinn. Þeir voru hins vegar lítt ginnkeyptir fyrir kallinu, sex mættu. Eruð þið þjóðin?

**kolbeinn@frettabladid.is**

# Skuldarar þurfa skjól

Fjölmörg íslensk heimili standa nú frammi fyrir miklum erfiðleikum vegna skuldastöðu sinnar. Ástæðurnar eru vel þekktar; í kjölfar falls bankanna og efnahagserfiðleika hafa skuldir hækkað hratt, laun lækkað og atvinnuleysi er mikið.

Margir eru því í þeirri stöðu að þurfa að leita sér úrræða til að rétta af sína stöðu. Ýmsar leiðir eru færar fyrir skuldara í dag en gróflega má flokka úrræðin í tvennt; annars vegar úrræði innan hverrar lánastofnunar, t.d. bankanna og hins vegar róttækari úrræði á vegum stjórnvalda sem krefjast aðkomu dómstóla.



**SVERRIR BERGMANN PÁLMASON**

**Í DAG** | Málefni skuldara

### Úrræði á vegum banka og lánastofnana

Sé um tímabundna erfiðleika að ræða sem fyrirsjáanlegt er að skuldari geti yfirstigið er eðlilegt að horfa til þeirra úrræða sem bankar og aðrar lánastofnanir bjóða upp á. Með því er t.d. unnt að óska eftir frystingu á láni eða semja um breytta skilmála á skuldum. Þessi úrræði geta létt töluvert undir og fela í mörgum tilfellum í sér töluverða eftirgjöf af hálfu bankanna. Mörgum nægir að nýta sér einhvern þessara kosta til þess að láta enda ná saman á nýjan leik.

Í öðrum tilfellum er staðan erfiðari. Séu skuldirnar umtalsverðar og vanskil viðvarandi er eðlilegt að horfa til róttækari úrræða hjá stjórnvöldum. Með lögum um greiðsluaðlögun samningskrafna og lögum um greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna var komið til móts við þennan hóp. Þar er kveðið á um að skuldarar, sem eru um fyrirséða framtíð ófærir um að standa í skilum með skuldbindingar sínar, geti óskað eftir að fá heimild til greiðsluaðlögunar á kröfum sínum. Fólk í þessari stöðu myndi í mörgum tilfellum ella stefna í gjaldþrot með tilheyrandi erfiðleikum.

### Greiðsluaðlögun veitir skjól

Með greiðsluaðlögun er skuldurum gefinn kostur á að komast í ákveðið skjól með sínar skuldir og aðlaga afborganir að sinni greiðslugetu í stað þess að fara í þrot. Ferlið tekur yfirleitt þrjú til fimm ár og getur bæði tekið til fasteignalána og annarra skulda. Sett er upp greiðsluáætlun í samráði við kröfuhafa og skuldara. Hugsunin með úrræðinu er að kröfuhafar fái eitthvað upp í skuldir sínar, ef kostur er, en skuldarar geti á móti fengið fast an punkt í tilveruna og komið fjárhag sínum í betra horf. Eftirstöðvar skuldanna eru í sumum tilfellum afskrifaðar að hluta eða jafnvel í heild. Skuldarinn stendur svo við greiðsluaðlögunina með því að greiða ákveðna fjárhæð mánaðarlega á meðan ferlið stendur yfir. Sú fjárhæð er fundin út að teknu tilliti til framfærslu umsækjanda.

Sótt er um heimild til greiðsluaðlögunar til héraðsdómstóla á hverjum stað. Slík umsókn verður að uppfylla ákveðnar formkröfur og hafa margir leitað aðstoðar við gerð umsóknarinnar, til lögmannsstofa eða Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna. Vandinn við úrræðið í dag er hins vegar hve langur tími líður frá því að umsókn berst og þar til úrskurður dómara liggur fyrir en það ferli getur tekið allt að 8-10 vikur. Með fjölgun dómara og starfsmanna dómstóla mun þessi biðtími styttast.

### Áhyggjur af ábyrgðarmönnum

Ábyrgðir fyrir skuldum eru mjög útbreiddar hér á landi og ábyrgðarmenn eru í mörgum tilfellum nákomnir skuldaranum. Þetta eru leifar hins svonefnda ábyrgðarmannakerfis. Afar mikilvægt er fyrir fólk að vita að sé óskað eftir úrræðum á borð við greiðsluaðlögun fellur skuldin ekki á ábyrgðarmann. Meðan á greiðsluaðlögun stendur eru lán í skilum og því ekki hægt að ganga að ábyrgðarmönnum. Þá er jafnframt mikilvægt að átta sig á því að greiðsluaðlögun sem kveður á um lækkun kröfu á hendur skuldara hefur sömu áhrif til lækkunar á kröfu á hendur ábyrgðarmanni.

### Athafnaleysi er dýrasti kosturinn

Greiðsluerfiðleikar og vanskil valda fólki miklum áhyggjum og kvíða. Í slíkum aðstæðum margborgar sig hins vegar fyrir fólk að fara á stúfana og leita sér ráðgjafar í sínum málum. Þó að fyrstu skrefin geti verið þung, hvet ég þá sem þurfa á að halda að kanna sína stöðu og þau úrræði sem í boði eru. Á endanum er það oft dýrasti kosturinn að aðhafast ekkert.

*Höfundur er lögmaður á JÁS Lögmönnum – www.jas.is.*

# Þrjár rýtingsstungur á einni viku

**UMRÆÐAN**

Einar K. Guðfinnsson skrifar um ríkisstjórnarsamstarfið



**EINAR K. GUÐFINNSSON**

Hjá Samfylkingunni hafa menn greinilega talið að komið væri að því að kenna samstarfsaðilunum hjá Vinstri grænum lexíuna. Láta þá vita hverjir ráðu. Það var svo gert í vikunni, ekki einu sinni heldur þrisvar.

Fyrst þegar sett var á svið leikrit í þinginu þar sem samfylkingarþingmaður spurði forsætisráðherra um hvort nokkur bilbugur væri á því að sameina atvinnuvegaráðuneytin þrjú. Þetta var gert strax í kjölfar þess að VG hafði ályktað gegn slíkum áformum. Svar forsætisráðherra var skýrt. Jú við sameinum og VG er skuldbundið okkur með stuðning við það mál. Þar höfðu þeir það.

Næst þegar ráðherra úr liði VG hafði sett fram sjávarútvegsfrumvarp og ætlaði að láta tekjur af veiðileyfauppboði renna til sjávarbyggðanna sérstaklega. Samfylkingin notaði tækifærið, með aðkomu iðnaðarráðherrans, til þess að hverfa frá þessum byggðasjónarmiðum og ráðstafa fjármunum þessum til annarra hluta. Alls 150 milljónum króna. Með öðrum orðum, vilji ráðherrans sem málið flutti var að engu hafður. Vaðið var inn í frumvarpið og fjármagninu svissað yfir í allt aðra farvegi en ráðherra málaflokksins vildi.

Og loks var það forsætisráðherrann enn, sem virðaði efasemdir sínar um hinn sérstaka trúnaðarmann fjármálaráðherrans í Icesave-samninganefndinni, eins og hún gerði í Kastljósinu sl. miðvikudag. Fjármálaráðherrann hefur réttilega sagt að gagnrýninni eigi ekki að beina gegn embættismönnum heldur stjórnmálamönnum. Honum var því ljóst að gagnrýninni var ekki í raun ætlað að hitta embættismanninn fyrir, heldur forystu VG. Þess vegna hrópaði hann vanstilltur að það væru ógeðfelldar mannaveiðar þegar menn gagnrýndu embættismanninn. Hann tók orð forsætisráðherrans til sín og það með réttu. Fjármálaráðherrann kaus að beina reiði sinni að stjórnarandstöðunni, en meinti auðvitað forsætisráðherrann. Gamla Albaníuaðferðin var endurfædd. Það var öllum ljóst sem á hlýddu.

En VG drúpir höfði, beygir sig í duftið og hlýðir eins og fyrri daginn.

*Höfundur er alþingismaður.*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*



**LEIKLIST FYRIR LÍFIÐ** er yfirskrift leiklistarnámskeiðs fyrir fullorðna sem kennt er af Ólöfu Sverrisdóttur leikkonu. Næsta námskeið hefst 10. febrúar og fer skráning fram í gegnum iceolof@hotmail.com




FRÉTTABLAÐIÐ **Sölufulltrúar Henný Árnadóttir** henny@365.is 512 5427 **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447





Aðeins 790 kr.

Snitzel samloka

*Kaffitería Perlunnar á 4. hæð*

Snitzel samloka með súrsuðum rauðlauk, fersku káli og piparrótarsósu

Allt í steik

*4ra rétta veisla frá 4.990 kr.*

Hringbrot

PERLAN

Veitingahúsið Perlan - *Sími* 562 0200 - *Fax* 562 0207
*Netfang* perlan@perlan.is - *Heimasíða* www.perlan.is




Anna Aðalheiður Smáradóttir varð heilluð af baunasúpunni þegar hún ferðaðist um Tyrkland fyrir nokkrum árum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Lyktin minnti á ferðalag

**Anna Aðalheiður Smáradóttir lifði á tyrkneskri baunasúpu á meðan hún ferðaðist um landið. Súpan er enn í miklu uppáhaldi og segir Anna Aðalheiður að hún bragðist hvað best þegar hún er löguð með ást.**

Anna Aðalheiður Smáradóttir, nemi í margmiðlun, hefur lumað á þessari súpuuppskrift í nokkur ár og segir hana vera í miklu uppáhaldi. Hún segir að súpan sé best þegar hún er látin standa aðeins eftir að búið er að sjóða hana eða þá daginn eftir.

„Ég og vinkonur mínar lifðum á þessari súpu þegar við vorum að ferðast um Tyrkland árið 2001. Okkur fannst hún góð og svo var hún einnig ódýr þannig að við borðuðum þetta oft tvisvar til þrisvar á dag alla ferðina. Þegar ég kom svo heim til Íslands gat ég ekki hætt að hugsa um súpuna góðu og fór að spyrjast fyrir um hana en enginn virtist kannast við þessa súpuuppskrift. Einn daginn fann ég þó súpuuppskrift í einhverri matreiðslubók sem ég ákvað að prófa og í ljós kom að þetta var súpan góða. Ég man að þegar ég var að elda hana í fyrsta sinn og fann lyktina af henni fannst mér eins og ég væri komin aftur til Tyrklands og síðan þá hefur þetta verið súpan mín,“ útskýrir Anna. Hún segist vera dugleg að breyta innihaldi súpunnar og hefur meðal annars skipt baununum út fyrir brokkólí.

## BAUNASÚPA

Frá Tyrklandi **FYRIR 2-4**

**Tyrknesk baunasúpa**
2 dl rauðar linsubaunir
1 meðalstór kartafla
2 gulrætur
1 laukur
2 grænmetisteningar
1 dós tómatpuré
Mynta, þurrkuð eða fersk
salt og pipar

*Allt grænmetið er saxað niður mjög smátt. Setjið 1 lítra af vatni í pott og bætið við grænmetinu. Gott er að sjóða grænmetið þar til að það maukast og bæta svo baununum við þar sem þær þurfa styttri tíma. Bíðið þar til suðan kemur upp, lækkið hitann og látið krauma í 20 til 40 mínútur. Tómatmaukinu er því næst bætt við og svo myntunni. Salt og pipar eftir smekk. Anna bendir á að einnig sé hægt að sleppa myntunni og setja 1½ dós af kókosmjólk út í ásamt kóríander og þá sé komin önnur góð súpa.*

Aðspurð segist Anna ekki borða súpuna eins oft og hún gerði í Tyrklandi þótt hún eldi hana nokkuð reglulega. Samkvæmt upprunalegu uppskriftinni á að skera allt hráefnið niður, sjóða það og að lokum mauka í matvinnsluvél. Anna segist þó kjósa að gera það ekki þar sem henni finnst gott að hafa hráefnið í bitum. „Ég nota ekki matvinnsluvél sjálf því ég vil að hún sé svolítið undir tönn. Mér finnst gaman að skera þetta allt niður og nostra við matinn og setja smá ást í hann því þá er hann bestur.“

Anna segir súpuna bæði bragðgóða og ódýra og því hafi margir vinir hennar fengið uppskriftina til að prófa sjálfir. „Allir sem smakka hana eru mjög hrifnir af henni enda er hún rosalega holl og ódýr, sem er ekki verra á þessum síðustu og verstu. Ég hef oft eldað stóran skammt af súpunni og skipt henni í minni einingar sem ég svo frysti og geymi til betri tíma. Mér finnst best að bera súpuna fram annað hvort með brauði eða salati, eða bara eina og sér. Tyrkirnir kreista sítrónu út á hana og borða með einhvers konar flatbrauði.“ *sara@frettabladid.is*


;ALLT HEILSA
**Jóna María Hafsteinsdóttir**
jmh@365.is - sími 512 5473
**Henný Árnadóttir**
henny@365.is - sími 512 5427
**Þórdís Hermannsdóttir**
thordish@365.is - sími 512 5447



Tröllatrefjar

NÝR HEILSURÉTTUR

Rétturinn samanstendur af rauðum hrísgrjónum sem eru næringar- og trefjaríkustu grjón sem völ er á, íslensku lífrænt ræktuðu byggi, heilum höfrum ásamt kjúklingi, eggjum og grænmeti, kryddaður með ferskum engifer, hvítlauk og chilli.

Lítill 890kr. | Stór 1290kr.



EKKERT salt
ENGINN sykur

NINGS

Stórhöfða
Suðurlandsbraut
Hlíðasmára
Sími 588 9899
www.nings.is




‚Snót'
Vandaðar seríur af konumyndum
Innrammaðar í 40 x 40 cm eða 18 x 18 cm
Númeraðar og undirritaðar.
Sjöfn Har.
Virka daga kl. 14 – 18
Laugardaga kl. 12 – 18
Art & design / Sjøfn Har / Skólavörðustigur 41
101 Reykjavík, Sími: 551 0606 / 894 0367
sjofnhar.is • sjofnhar@sjofnhar.com






Klukkan er fyrir löngu orðin ómissandi hluti af ásýnd Lækjartorgs.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Hefur talið tímann í 80 ár

**Klukkuturninn á Lækjartorgi hefur staðið þar í 80 ár en vísarnir hófu að telja tímann þegar árið 1930 gekk í garð. Vínsælt var að mæla sér mót við klukkuna á árum áður þegar engir voru GSM-símarnir.**

Kiwanisklúbburinn Katla hefur haft umsjón með klukkunni frá árinu 1980 og á vefsíðu hans er að finna fróðleik um sögu klukkunnar sem Sigurbergur Baldursson hefur tekið saman.

Þar kemur fram að árið 1929 hafi Magnús Kjaran, kaupmaður í Reykjavík, fengið leyfi til að setja klukku á torgið og auglýsa á henni þvottaefnið Persil. Erlendis hafði framleiðandi þvottaefnisins sett upp klukkur víða og auglýst þvottaefnið og þaðan fékk Magnús hugmyndina.

Úrsmiðirnir Sigurður Tómasson og Sigurður Ísólfsson gengu frá klukkunni á gamlárskvöld árið 1929 og fór hún að ganga eftir miðnættið. Klukkan var lengi vel kennimerki þar sem fólk mælti sér mót enda á góðum stað. Magnús Kjaran sá um rekstur og viðhald á klukkunni allt til ársins 1980 en þá tók Kiwanisklúbburinn Katla við. Hliðar klukkunnar héldu áfram að hýsa auglýsingar frá ýmsum aðilum og renna auglýsingatekjurnar af klukkunni óskiptar í styrktarsjóð Kiwanisklúbbsins sem aftur styrkir margs konar málefni. Félagið flutti meðal annars inn fyrsta sérútbúna bílinn sem fatlaðir gátu ferðast með. Einnig gefur félagið Barnaspítala Hringsins dúkkuna Kötlu á hverju ári.

Hin svokallaða Persil klukka hefur um árin orðið fyrir skakkaföllum. Nokkrum sinnum hefur verið ekið utan í hana og á og eins fór illa fyrir henni þegar hornhúsið á Lækjargötu 2 brann árið 2007. Þar inni var móðurúrverkið geymt. Það fannst í rústunum og er nú geymt á Árbæjarsafni. Nýtt úrverk fékkst í klukkuna svo tíminn stóð ekki lengi kyrr á torginu.

Þó að nútímatækni eins og GSM-símar hafi orðið til þess að fólk þurfi ekki að mæla sér mót við klukkuna lengur er hún enn notuð undir auglýsingar og segir okkur hvað klukkan er. *heida@frettabladid.is*



Persil-klukkan hefur staðið í 80 ár á Lækjartorgi og þótti gott að mæla sér mót við klukkuna. Myndin er tekin árið 1940. MYND/GARÐAR ÓLAFSSON ÚRSMIÐUR


Á næstu grösum
...og þér líður vel
Hádegistilboð á hollustu
990 kr.
Allir réttir
Á næstu grösum Laugavegi 20 b
Opið mán – lau 11.30 – 22.00, sun 17.00 – 22.00

Flott fyrir þorrablótið



Skokkarnir loksins komnir!
Ótrúlegt úrval
Stærðir 36-48
FLASH
Laugaveg 54,
sími: 552 5201

FERÐATÖSKUR
Góðar ferðatöskur
á góðu verði
Verð frá 8.500 kr.



Tösku og hanskabúðin
Skólavörðustíg 7, 101 Reykjavík. Sími 551-5814, th.is



Gullfallegur diskur frá því um 1940 í Art Deco stíl. Antikmunir, Klapparstíg 40.



Einn sérstaklega fallegur úr stelli frá Frijsenborg. Antíkhúsið, Skólavörðustíg 21-23.



Ólöf Erla Bjarnadóttir gerir þessa skemmtilegu postulínsdiska. Kirsuberjatréð, Vesturgötu 4.



Hvítt og klassískt frá Póllandi. Líklega framleitt um 1960. Antikmunir, Klapparstíg 40.



Gulur og fallegur diskur úr smiðju Kristínar Sigfríðar Garðarsdóttur leirkerasmiðs. Kirsuberjatréð, Vesturgötu 4.

# *Diskur á disk ofan*

**Alvöru matarstell kemst yfirleitt á óskalista flestra einhvern tímann á lífsleiðinni. Útsendari Fréttablaðsins leitaði uppi diska úr nokkrum af flottustu matarstellum í hundrað og einum Reykjavík.**

Í miðbænum er þónokkuð úrval af eldri matarstellum sem margir eru veikir fyrir en í antíkbúðum bæjarins, sem eru þónokkrar, má meðal annars finna eldri gerðir af Royal Cophenhagen og svo diska úr hinu ægifagra Frisjenborg-stelli. Yngri gerðir, frá því um miðja öldina, finnast einnig, og þá nokkrar í art deco-stíl. Í bland við gamla fjársjóði finnast svo glænýir diskar, bæði nýjustu útgáfur frá Royal Copenhagen og svo hönnun íslenskra listamanna. *juliam@frettabladid.is*



Eldri lína Royal Copenhagen. Antíkhúsið, Skólavörðustíg 21-23.



Royal Copenhagen á sér 231 árs gamla sögu en á nýjustu diskum fyrirtækisins vann ung listakona, Karen Kjældgård-Larsen, þetta mynstur upp úr eldri blómamynstrum. Kúnigúnd, Laugavegi 53b.




Nýjar vörur
og fermingar-
kjólarnir komnir!
Verð frá 4900 kr

MOMO

Opið til 19 föstudag, 18 laugardag • Laugavegi 42 • Sími 552-1818



Bollaleggingar



JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

» Bolli er ekki bara bolli og rétta útlitið getur breytt öllu. Smekkur manna er mismunandi og bollarnir frá Kahla eru misstórir, mislitir og fjölbreyttir í laginu svo flestir geta fundið þann rétta fyrir sig. Spáðu í bollana hjá Kokku, í verslun okkar eða á kokka.is

kokka
laugavegi 47

laugavegi 47 opið mán.-fös. 10-18, lau. 10-16 | www.kokka.is | kokka@kokka.is


Bjóðum þig velkomin á langan laugardag
GRÆNN KOSTUR
Skólavörðustíg 8 • 101 Reykjavík • s. 552 2028


Stór og stæðileg tré eru áberandi í einum elsta hluta borgarinnar, Þingholtunum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Hverfi goðanna

**Götunöfnin í Þingholtunum vísa langflest í norræna goðafræði. Þar má finna Óðinsgötu, Þórsgötu, Freyjugötu, Týsgötu, Lokastíg, Haðarstíg, Baldursgötu, Njarðargötu, Nönnugötu, Bragagötu og Urðarstíg.**

Þingholtin byggðust upp á þeim tíma þegar íbúum fjölgaði ört í Reykjavík en frá aldamótum til ársins 1915 fjölgaði íbúum í borginni um meira en helming, fór úr 5.800 í 14.200.

Á svipuðum tíma tók byggðin í Vesturbænum, Þingholtunum og Skuggahverfinu að þéttast en tilfinnanlegur skortur varð á húsnæði samhliða fjölgun íbúa. Ekki fór mikið fyrir skipulagi og því varð þróunin sú að þegar lóðir meðfram götum voru fullbyggðar brugðu menn á það ráð að reisa hús í bakgörðum og breyta útihúsum í íbúðarhúsnæði.

*Heimild: Saga Reykjavíkur*


Mörg húsanna í hverfinu eru fallega upp gerð.


Hávaxin trén standa líkt og varðmenn fyrir framan þetta stæðilega steinhús.

Fermingarhanskar
- mikið úrval
Ný sending af hárskrauti og skartgripum fyrir fermingarnar

Mikið úrval af hringtreflum og klútum í mörgum litum.
SKARTHÚSIÐ • LAUGAVEGI 44 • SÍMI 562 24 66


SJÁLFLÍMANDI HNÍFAPARASKORÐUR
Hjálpa þér að halda öllu í skorðum í skúffum.Einning sjálflímandi filt til að klæða skúffur og filt með verjandi efni svo ekki falli á silfur og silfurplett.Við eigum líka fægilög,fægiklúta og ídýfulög til að hreinsa.
SENDUM Í PÓSTKRÖFU.
Gullkistan - Frakkastíg 10 - Sími: 551-3160.

STÍLL Njóttu þess að koma
Síðustu dagar útsölunnar
Enn meiri verðlækkun

PHILOSOPHY BLUES ORIGINAL anno 1994 oui moments
Stíll • Laugavegi 58 • 101 Reykjavík • stillfashion.is • s. 551 4884


Anna Sigríður Pálsdóttir er ein þeirra sem standa fyrir flóamarkaði í Barber Theater á laugardag. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Flóamarkaður og kaffi á könnunni

MARKAÐUR Í BARBER THEATRE Á HORNI HVERFISGÖTU OG KLAPPARSTÍGS.

Anna Sigríður Pálsdóttir hárhönnuður stendur fyrir flóamarkaði um helgina ásamt leikkonunum Lilju Nótt Þórarinsdóttur, Obbu Helgu Dýrfjörð og Tinnu Lind Gunnarsdóttur.

Markaðurinn verður haldinn í Barber Theatre sem er á horni Hverfisgötu og Klapparstígs. Í boði verður allt frá flíkum, húsgögnum, skemmtilegum skrautmunum til bóka og snyrtivara, auk þess sem heitt verður á könnunni fyrir kalda gesti. Markaðurinn hefst klukkan 12.00 á laugardag og stendur til klukkan 17.00.

;ALLT
Jóna María Hafsteinsdóttir
jmh@365.is - sími 512 5473
Henný Árnadóttir
henny@365.is - sími 512 5427
Þórdís Hermannsdóttir
thordish@365.is - sími 512 5447

Á FERÐINNI Miðvikudaga

# föstudagur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS 5. febrúar 2010



# ER Í DRAUMASTARFINU

Katrín Johnson um dansástríðuna og verkið Endalaus á fjölum Borgarleikhússins

+ HLJÓMSVEITIN SYKUR FER Í VERSLUNARLEIÐANGUR + „POP-UP“-VERSLUN Í HEMMA OG VALDA + BIRTA BJÖRNS HANNAR EUROVISION-KJÓLA




# núna
✻ nýtt og spennandi

## VIKTORÍA HERMANNSDÓTTIR NEMI

Ég vakna með gleði í hjarta á föstudegi og skelli mér í vinnuna í Gyllta kettinum þar sem allt er fullt af nýjum fallegum vörum. Á laugardeginum er afmælisparti hjá bestu ömmu í heimi.



helgin MÍN

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**Birta Björnsdóttir** Saumar þrjá síðkjóla fyrir Eurovision.

Birta Björnsdóttir hannar Eurovision-kjólana fyrir Ragnhildi Steinunni og Evu Maríu:

# ROKKAÐIR OG RÓMANTÍSKIR

Þetta verða rokkaðir og rómantískir síðkjólar," segir fatahönnuðurinn Birta Björnsdóttir, sem situr nú dag og nótt við saumaskap.

Hún er að sauma síðkjólana sem síðustu helgi. „Það var brjálað að gera hérna fyrir og svo bætast þrír síðkjólar við á einu bretti, því ég er líka að hanna kjólinn sem Hera Björk verður í. Ég fékk þrjú símtöl, frá þeim öllum, sama daginn.

staðnum flíkina sem Ragnhildur klæðist. „Það er aldrei neitt mál að hanna á hana Ragnhildi. Við erum alltaf svo samþenkjandi. Ef ég fæ hugmynd er hún yfirleitt alltaf sammála henni."

> *Þetta eru nú pínulitlar bumbur enn þá. En ég er vön því að hanna á óléttar konur og mér finnst það ekkert mál. Ég saumaði til dæmis mjög mikið á sjálfa mig í þessi tvö skipti sem ég hef verið með bumbu.*

Ragnhildur Steinunn Jónsdóttir og Eva María Jónsdóttir munu klæðast í Eurovision-keppninni annað kvöld. „Þetta er dálítið snúið verkefni því þær mega ekki vera eins, en heldur ekki gjörólíkar. Svo við erum að vinna í því á fullu núna, svo að þær smellpassi saman," segir Birta.

Hún fékk ekki langan tíma til að liggja yfir hönnuninni, þar sem boðið barst henni ekki fyrr en um

Svo þá var ekki annað að gera en að koma sér strax í hönnunargírinn, kaupa efni og hefjast handa. En þetta er bara gaman, við erum vanar því að vinna undir pressu hérna."

Birta hefur margoft saumað kjóla á Ragnhildi Steinunni áður, enda eru þær góðar vinkonur. Hefur það komið fyrir að Birta fái símtal meðan á útsendingu stendur, þar sem fólk vill kaupa á

Verkefnið er ef til vill örlítið snúnara núna, þar sem þær Ragnhildur Steinunn og Eva María eru báðar ófrískar og því örlítið öðruvísi í laginu en vant er. „Þetta eru nú pínulitlar bumbur enn þá. En ég er vön því að hanna á óléttar konur og mér finnst það ekkert mál. Ég saumaði til dæmis mjög mikið á sjálfa mig í þessi tvö skipti sem ég hef verið með bumbu. Það er bara gaman." *- hhs*









## Nýir vorlitir frá Clinique

**Snyrtivörumerkið Clinique var að senda frá sér nýja og fallega vorlínu. Þar er meðal annars að finna nýjungina Lip Smoothie sem er eins konar varagljái sem gefur vörunum næringu og heilbrigt yfirbragð. Glossið fæst í sex nýjum litum og þeim fylgir pensill þannig að það er auðvelt í notkun.**

ÍANDA býður konum upp á ævintýralega upplifun:

# Vellíðunarferðir fyrir konur

„Það hefur lengi verið ástríða okkar allra að vinna að sjálfsræktarmálefnum," segir Helga Sóley Viðarsdóttir, sem ásamt þeim Þóreyju Viðarsdóttur, leiðbeinanda í jógadansi, og Sólveigu Katrínu Jónsdóttur listmeðferðarfræðingi hefur stofnað fyrirtækið ÍANDA, sem sérhæfir sig í vellíðunarferðum fyrir konur. „Nútímakonan hefur mikla þörf fyrir að komast frá amstri dagsins. Okkur finnst að það þurfi að efla konur og ekki síst að leyfa þeim að blómstra eins og þær eru," segir Helga Sóley.

Mismunandi þema verður í hverri ferð og farið á ólíka staði. Í öllum tilfellum munu konurnar fara í sína „ferð um spíralinn" til að komast að kjarna sínum. „Þetta gerum við með því að sameina jógadans, hugleiðslu og sköpun. Jógadansinn er dansaður í gegnum orkustöðvar líkamans og hjálpar



**Helga Sóley, Sólveig Katrín og Þórey** Þær ætla að hjálpa konum að finna neistann sinn á Sólheimum helgina 19.-21. febrúar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

til við að losa um höft og að sameina líkama, huga og sál. Það gerir sköpunin líka. Með því að blanda þessu þrennu saman getur maður fengið mikla útrás en farið inn á við um leið."

Frekari upplýsingar er að finna á vefsíðunni www.ianda.is. *- hhs*

## ✻ augnablikið



**RAUTT OG TÆLANDI** Þessi fallegi, stutti rauði kjóll er eftir hönnuðinn Ricardo Tisci og var á hátískusýningu Givenchy í síðustu viku.

föstudagur

**Útgáfufélag** 365 miðlar ehf. **Forsíðumynd** Stefán Karlsson
**Útlitshönnun** Kristín Agnarsdóttir **Auglýsingar** Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir
sigridurdagny@365.is sími 512 5462 **Föstudagur** Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000

# PÓSTHÚSIÐ
VÍNBAR/BISTRO






## ALLA DAGA
– allir kaffidrykkir kr. 250,-

Heitir kaffidrykkir t.d. americano,
cappucino, cafe latte, espresso...

## LÉTTVÍN & BJÓR
Úrval af léttvíni í glösum

Viking og Calsberg á krana – Gott úrval af flöskubjór

## FIMMTUDAGSKVÖLD
Léttvínskvöld – 700 kr. glasið

Lifandi tónlist flesta fimmtudaga
Tilboð á léttvíni – 700 kr. glasið af völdum tegundum

## UM HELGAR
Opið til kl. 03:00 föstudag og laugardag
30+ slettir úr klaufunum... : )





## SÝNISHORN AF MATSEÐLI
*Samples from our menu*

**Súpur / Soups**
Sjávarréttarsúpa með góðu karrí & sjávarfangi 1390
*Seafoodsoup with curry & fish*

**Salöt & smáréttir / Salad´s & light courses**
Humarsalat með beikoni, tómötum & basil 1990
*Langoustine-salad with bacon, tomatoes & basil*

**Samlokur / Sandwich**
Marineruð kjúklingabringa í ciabatta með osti,
sætri papriku & hvítlauksaioli 1790
*Chickenbreast in ciabatta with cheese, sweet pepper & aioli*

Humar í flaquettebrauði með beikoni, tómötum & basil-aioli 1790
*Langoustine in flaquettebread with bacon, tomatoes*
*& basil-aioli*

**Aðalréttir / Main courses**
Kjúklingabringa bökuð & borin fram í grófkornasinnepi
með kóriander, grilluðum kúrbít & kartöfluskífum 1990
*Panfried chicken breast baked in coarse mustard*
*& coriander with courgettes & scalloped potatoes*

Pósthúsið Vínbar
Pósthússtræti 13
101 Reykjavík
Sími 551 1800

# ER Í DRAUMASTARFINU

## Katrín Johnson

**hefur dansað frá fimm ára aldri og er í einu aðalhlutverkanna í verkinu Endalaus í Borgarleikhúsinu.**

*Viðtal:* Anna Margrét Björnsson
*Ljósmyndir:* Stefán Karlsson

Ég byrjaði upphaflega að dansa þegar ég var fimm ára," segir Katrín Johnson dansari, nýkomin af æfingu í Borgarleikhúsinu. Frumsýning verksins Endalaus er fram undan hjá henni í kvöld en hún er afslöppuð, björt og brosmild. „Þetta verður allt í fína lagi."

Katrín fékk dansbakteríuna ung að árum í Ballettskóla Eddu Scheving. „Ætli ég hafi ekki verið fimm ára þegar ég byrjaði. Níu ára gömul fór ég svo í Listdansskóla Þjóðleikhússins sem nú heitir Listdansskóli Íslands og svo á ballettnámskeið eitt sumar í Kaupmannahöfn þar sem ég kynntist fullt af sænskum krökkum í listdansi. Þetta leiddi svo til þess að ég sótti um að fara í Konunglega sænska ballettskólann þegar ég var sextán ára. Þetta var menntaskóli ásamt því að vera dansskóli og að vissu leyti minnti þetta á sjónvarpsþættina Fame," segir hún og skellihlær. „Það voru krakkar að spila á hljóðfæri og syngjandi og dansandi um allt."

Ákvörðunina um að leggja dans fyrir sig segir Katrín að hún hafi tekið um tólf ára aldurinn en móðir hennar, Helga Möller, hafi alltaf hvatt hana dyggilega áfram. „Mamma var alltaf viðriðin dansinn. Hún var lærður samkvæmisdanskennari og varð Íslandsmeistari í djassballett á sínum yngri árum. Hún var líka ein af stofnendum Módel 79 og þegar ég var krakki tók ég þátt í alls kyns tískusýningum. Það má segja að ég hafi fengið tilfinninguna fyrir sviðinu snemma. Mamma var einstæð móðir og var ótrúlega dugleg að hjálpa mér í þessu öllu saman. Hún setti mig upphaflega í ballettinn svo að ég fengi þennan klassíska grunn og gerði mér kleift að vera í skólanum án nokkurra námslána sem ég er eilíflega þakklát fyrir. "

### HEPPIN AÐ HAFA GAMAN AF VINNUNNI

„Einu sinni féllust mér hendur í örfáa daga. Það var auðvitað öllu fórnað fyrir ballettinn. Maður þarf að hafa gífurlega mikinn sjálfsaga en þó má segja að sjálfsaginn sé alinn upp í manni í þessum geira frá unga aldri. En ég sumsé kláraði skólann þegar ég var nítján ára og fékk þá samning við Íslenska dansflokkinn. Það má segja að ég hafi verið þar allar götur síðan fyrir utan eitt ár í Sviss."

Katrín segir að það sé ekki auðlifað af dansinum einum saman. „Það er ekkert auðvelt, ég er ríkisstarfsmaður og láglaunamanneskja en ég er ekki að kvarta. Ég tel mig vera virkilega heppna að fá að hafa unun af því sem ég geri. " En hvernig er með klassíska ballettinn á Íslandi, er hann deyjandi geiri? „Nei, alls ekki, klassískur ballett er alls ekki að deyja út en það má segja að hér á Íslandi hafi fólk engin tök á að sýna hann. Til þess að setja upp alvöru sýningu þarftu kannski 70 manna dansflokk og það er ekki fjárhagur fyrir slíku hér á landi. Við erum til dæmis með tíu til tólf dansara í dansflokknum þannig að þetta er gífurlegur munur."

### SÆKI Í PERSÓNULEGA REYNSLU

Katrín segir það hafa verið hreina unun að vinna með hinum unga norska danshöfundi, Alan Oyen, og Ólafi Arnalds, sem semur tónlistina við verkið Endalaus. „Það eru forréttindi að vinna með svona stórfenglegri tónlist eins og Óli er að gera. Alan er svo jákvæður og mikill séntilmaður. Hann veit alveg hvað hann vill en hann biður mann á svo kurteisan og fallegan hátt að maður gerir allt með gleði. Samvinnan er búin að vera yndisleg og okkur langar ekkert að sjá hann fara."

Efni verksins er ástin, eða réttara sagt sambandsslit, og hvað verði um ástina þegar sambandi er lokið. „Þetta getur verið klisjulegt viðfangsefni en við ákváðum öll að vera hundrað prósent einlæg í þessu. Ég sótti ákveðin augnablik í mína eigin persónulegu reynslu og ég held að við höfum öll gert það. Ég held líka að allir sem fara á verkið eigi eftir að tengja við þetta viðfangsefni og finna eigin upplifanir í þessu. Þessi augnablik þegar fólk segir eitthvað annað en það vildi segja eða segir hlutina án þess að segja neitt." Sjálf er Katrín ekki í sambandi núna og segist reyndar hafa lítinn tíma utan vinnunnar. „Þetta er full vinna, ég mæti snemma á morgnana og æfi allan daginn. Auðvitað er þetta hörkupúl en þetta er nú einu sinni ástríðan mín. Ég er í draumastarfinu mínu."

En hvað með þessa mýtu að dansarar megi ekki borða neitt og endi oft með átraskanir? Eða er það mýta? „Ég held að það séu svo margir meðvitaðir um átröskun núna að þess er vandlega gætt. Þeir sem eru að velja dansara inn í listdansskólana eru að velja ákveðna líkamsbyggð og ekki fólk sem þeir halda að muni þurfa að glíma við breytingar í líkamsþyngd. Ég held að það sé hins vegar alveg nógu mikil pressa á unga dansara, bara það eitt að sjá sig stöðugt fyrir framan spegil í bleikum ballettsokkabuxum og bol."

### DANSARAR ERU HÁLFGERÐAR GEIMVERUR

„Ætli ég hugsi ekki um dans samt alla tíma sólarhringsins. Við dansarar tölum stundum um okkur annars vegar og venjulegt fólk hins vegar. Þetta er ekki gert á neinn niðrandi hátt heldur finnst mér stundum eins og við séum hálfgerðar geimverur, og dálítið öðruvísi en fólk er flest. Hvernig öðruvísi veit ég ekki alveg, ætli við deilum ekki að minnsta kosti gífurlegum metnaði. Hæfileikar eru ekki nóg í þessum bransa, agi og metnaður skipta öllu. Dansævin er líka svo stutt, flestir hætta um eða fyrir fertugt. Ég sjálf sé ekki fram á mikið meira en svona sex til átta ár í dansinum."

Katrín segist ekkert kvíða því að hætta dansinum. „Alls ekki, maður má vera svo lengi ungur í dag. Það þykir ekkert skrýtið að byrja í háskóla um fertugt og læra eitthvað nýtt. Ég er til dæmis mjög spennt fyrir annað hvort lögfræði eða jafnvel mannfræði og guðfræði. Það eina er að það verður kannski dálítið erfitt fyrir mig að fara alfarið úr leikhúsinu!" segir hún og hlær.

### FÓLK STUNDUM MEÐ FORDÓMA FYRIR DANSI

Á næstunni bíða spennandi verkefni. „Gísli Örn Garðarsson er að semja nýtt verk fyrir Íslenska dansflokkinn sem verður sýnt á Listahátíð og þetta er í fyrsta sinn sem hann semur dansverk." Tónlistin verður hið magnaða verk Fordlandia eftir Jóhann Jóhannsson. „Við vorum orðin dálítið þreytt á að dansa við endalausar drunur og umhverfishljóð og svo koma þessi frábæru tónskáld til okkar í röð!" segir Katrín brosandi. „Maður heyrir svo oft um fólk sem er kannski hrætt við að koma á danssýningar eða er með einhverja fordóma um að þetta verði tilgerðarlegt eða að það muni ekki skilja verkið. En ég veit um ótrúlegasta fólk sem hefur unun af því að koma á sýningar með dansflokknum. Einu sinni var ég á smíðaverkstæði í Kópavogi að sækja garðínustangir. Þá komu einhverjir smiðir fram til að heilsa upp á mig sem þekktu mig og höfðu mætt á margar sýningar! Ég segi við fólk að koma bara endilega og njóta, fólk má túlka sýningar eins mikið og lítið og það vill. "



**Katrín Johnson, dansari hjá ÍD**
„Þetta er ekkert auðvelt, ég er ríkisstarfsmaður og láglaunamanneskja en ég er ekki að kvarta. Ég tel mig vera virkilega heppna að fá að hafa unun af því sem ég geri."



Vertu velkomin(n)!
SALON REYKJAVÍK
Grandagarði 5 • Reykjavík • S. 568 5305
salon@salon.is



**Röndótt og litríkt** Rakel Mjöll valdi þennan kjól við leðurjakka með kögri. „Ég er háð kögri.“



**Jakkaföt valin** Strákarnir ákváðu að vera flottir í tauinu á næstu tónleikum.



**Hálstau valið** Björn í Spúútník hnýtir klút á Stefán sem rokkar upp heildarlúkkið. Svala er í rauðum kokkteilkjól úr flaueli sem henni fannst guðdómlegur.



**Uppdressuð og sæt** Kristján Eldjárn, Rakel Mjöll, Stefán Finnbogason og Halldór Eldjarn.

Hljómsveitin Sykur klæðir sig upp í Spúútnik:

# EITT KÍLÓ AF SYKRI

Þegar leitað er að flottum, frumlegum og um fram allt ódýrum fötum eru „vintage“ eða notuð föt alltaf mikil fjársjóðskista. Föstudagur sendi hljómsveitina Sykur á kílómarkað í Spúútnik á Laugavegi þar sem er hægt að fylla heilu pokana af dásamlegum flíkum fyrir lítið.

Það voru þau Krista Hall og Björn Traustason, starfsmenn Spúútník, sem aðstoðuðu þau Kristján og Halldór Eldjárn, Stefán Finnbogason og Rakel Mjöll Leifsdóttur við að dressa sig upp. „Strákarnir vildu vera dálítið fínir fyrir tónleikana og völdu sér jakkaföt. Björn hjálpaði þeim að rokka þau upp með kúrekastígvélum og flottum klútum,“ segir Krista. „Rakel Mjöll er flott stelpa sem er til í að vera dálítið áberandi og öðruvísi. Hún var því ekki lengi að skella sér í kokkteilkjól sem við poppuðum upp með svörtum hatti en þeir eiga eftir að vera mjög vinsælir í tískunni á næstunni. Hún fann sér líka fallegan röndóttan kjól sem er meira hversdags en spari og við hann var upplagt að setja svartan leðurjakka til að rokka dressið upp.“ Hljómsveitin Sykur áætlar svo að spila næstu helgi í Reykjavík. *- amb*



**Smáatriðin skipta máli** Fallegur klútur og svöl kúrekastígvél eru málið við klassísk jakkaföt til að gefa þeim rokkaðra yfirbragð. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON




CHECK OUT THE G-STAR STORE IN REYKJAVÍK, LAUGAVEGUR 86-94, S: 511-2007
operated by v8 ehf

# tíðin
**✻ tíska og fegurð**

**FIFTÍS OG FLOTT** Þessi dásamlegi blái augnskuggi heitir suave intentions og er úr nýjustu línu mac. Við svartan blautan eyeliner skapar hann fullkomið „fiftís“ lúkk.





**Serendipity** Guðbjörg Jakobsdóttir hannar fylgihluti úr endurunnu silki og efni með vistvæn markmið í huga. Hún selur fallegar silkislaufur og skemmtilega langa og hlýja trefla á markaðnum.

Markaður í Hemma og Valda á morgun:

## Aftur til upprunans

Þetta er núna sjöundi „pop-up“-markaðurinn sem við höldum og í þetta sinn ákváðum við að halda þetta aftur í Nýlenduvöruverslun Hemma og Valda eins og við gerðum í fyrsta skiptið,“ útskýrir Guðbjörg Jakobsdóttir sem hannar undir merkjum Serendipity. „„Pop-up“-verslun er sprottin úr grasrót fatahönnuða og nú er komin tími á að rifja upp fyrstu sprotana. Við verðum aftur með markað þar sem þetta byrjaði allt saman. Þetta litla konsept okkar hefur gengið ofsalega vel og stækkað og stækkað og fjöldinn allur af hönnuðum sem hafa tekið þátt. Það sýnir sig að þetta er sniðug aðferð við að kynna hönnun okkar þar sem kúnninn getur verslað milliliðalaust við okkur og hitt okkur.“ Auk Guðbjargar munu Elva, Eight of Hearts, Varius og AC Bullion selja flíkur, skart og fylgihluti á laugardaginn og það verður opið frá klukkan 13 til 19. *- amb*



**Anna Soffía** Á Pop-Up eru gullfalleg hárbönd úr flaueli eftir Önnu Soffíu en hún selur þau líka í Rokki og rósum. Þau eru fáanleg í ýmsum litum.




FLUGFÉLAG ÍSLANDS

REYKJAVÍK – FÆREYJAR
Flogið er tvisvar í viku milli Reykjavíkurflugvallar og Færeyja.

ATLANTIC AIRWAYS
VIÐ FLJÚGUM MEÐ ÞIG Á ÁFANGASTAÐ

atlantic.fo

70% afsláttur

60% afsláttur

DISKAR FRÁ 354,-
SILKIBLÓM FRÁ 237,-
DAGKREM FRÁ 495-

KARÖFLUR FRÁ 295,-

SKART FRÁ 200,-
GLÖS FRÁ 195,-

RAMMAR FRÁ 516,-
KÖNNUR FRÁ 177,-

# Lokahelgi útsölunnar

mikil verðlækkun!

15% afsláttur

50% afsláttur

20% afsláttur

40% afsláttur

30% afsláttur

KERTI FRÁ 207,-
KERTAGLÖS FRÁ 87,-
ILMJURTIR FRÁ 267,-
FLÖSKUSKRAUT FRÁ 297,-

the PIER

Smáratorgi 3 / 201 Kópavogi / sími: 522 7860 / / Korputorgi / 112 Reykjavík / sími: 522 7870



## FRÁBÆR FÖSTUDAGUR

**Bergþóra Snæbjörnsdóttir, stúdent og oddviti Röskvu**



**1** Vakna úthvíld og útsofin klukkan níu við það að Bruce Springsteen færir mér bláberjapönnukökur og kaffi í rúmið.

**2** Eftir morgunmatinn fer ég með Brúsa og stórum vinahópi í Álftaneslaug og skríki af gleði í öldulauginni í nokkrar klukkustundir.



**3** Í hádeginu hitti ég vinkonur mínar í sushi á Fiskmarkaðnum og skála í hvítvíni og slúðra fram eftir degi.

**4** Um eftirmiðdaginn kæmist ég svo að því að ég gæti ferðast í tíma og rúmi og myndi skjótast (með fulla vasa fjár) til Nýju-Jórvíkur!



**5** Um kvöldið myndi ég ferja vinahópinn með mér til ársins 1917 í Sviss þar sem við myndum skella okkur á kabarett með dada-istum.







**ANDRA DANSEN,** kvikmynd Lárusar Ýmis Óskarssonar frá árinu 1983 verður sýnd í Bæjarbíói í Hafnarfirði á morgun klukkan 16. Myndin sópaði til sín verðlaunum á sínum tíma.






Sýningin kemur frá Finnlandi og mun ferðast áfram um Norðurlöndin.




Beinin eru úr mörgum dýrategundum, allt frá húsdýrum til bjarndýra.
MYND/ÚR EINKASAFNI

# Finnsk bein í Snorrastofu

**800 kíló af beinum kallast sýning sem opnuð verður í Snorrastofu í Reykholti á sunnudaginn. Sýningin er frá Turku í Finnlandi og fjallar um dýrabein sem fundist hafa við uppgröft í Turku.**

„Sýningin kom mér skemmtilega á óvart. Það er ótrúlegt hve margar upplýsingar við getum fengið út frá beinum," segir Evy Beate Tveter, verkefnisstjóri Snorrastofu. Þar verður á sunnudaginn opnuð sýningin „800 kíló af beinum" sem kemur frá miðaldasafninu Aboa Vetus í Finnlandi.

Á sýningunni er að finna dýrabein í hinum ýmsu myndum sem fundust við uppgröft í Turku. Heiti sýningarinnar vísar til þess fjölda sem fannst í jörðu en aðeins brot af þeim beinum rötuðu þó á sýninguna sjálfa.

„Meirihluti beinanna sem fundust er úr nautgripum. Þá koma bein úr kindum og geitum og í þriðja sæti eru svínabein," segir Evy og bætir við að mun minna sé af beinum úr hænsnum og hrossabein séu mjög sjaldgæf. Örfá bein eru úr villtum dýrum, til dæmis bjarndýrskló, lærleggur úr íkorna og mjöðm úr héra. Einnig fundust bein úr hundum og köttum.

Evy segir sýninguna sérstaklega áhugaverða fyrir börn þar sem hægt sé að lesa svo margar upplýsingar úr beinunum. Hvernig líf dýranna var, í hvað þau voru notuð, hvað þau borðuðu og hvernig þau litu út.

Sýningin stendur eitthvað fram eftir vori en 17. júní opnar ný og glæsileg sýning um Snorra Sturluson. Finnska sýningin heldur þá áfram för sinni um Norðurlöndin, fyrst til Þrándheims, síðan Bergen og loks Stokkhólms. Snorrastofa er hluti af netverki miðaldasafna á Norðurlöndum. „Við skiptumst á um að búa til sýningar sem verða síðan sendar á milli safnanna," segir Evy sem á von á mörgum skemmtilegum sýningum um miðaldir á Norðurlöndunum.

Sýningin 800 kíló af beinum verður opnuð að loknum tónleikum sem haldnir verða klukkan 16 í Reykholtskirkju á vegum Tónlistarfélags Borgarfjarðar. Þar koma fram Diddú og drengirnir ásamt Reykholtskórnum. Á efnisskránni eru meðal annars nokkur af fegurstu verkum tónbókmenntanna fyrir sópran og kór. *solveig@frettabladid.is.*



Að þessu sinni verður meðal annars hægt að kaupa vörur frá A.C.Bullion.

# Frá hönnuði til neytenda

**Fyrsti PopUp-markaður ársins verður haldinn á efri hæð Nýlenduvöruverslunar Hemma og Valda á laugardaginn milli klukkan 13 og 19.**

Á fyrsta PopUp-markaði ársins verður hægt að kaupa föt og fylgihluti milliliðalaust frá hönnuðum. Að þessu sinni verða Eight Of Hearts, Varius, Elva, Anna Soffía og A.C. Bullion og Serendipity á staðnum.

Fyrsti PopUp-markaðurinn skaut upp kollinum í september á síðasta ári og var þá líka haldinn hjá Hemma og Valda. Síðan hefur hann dúkkað upp hér og hvar en hugmyndin er að hönnuðir fái tækifæri til að selja vörur sínar án álagningar milliliða og að neytendur fái tækifæri til að kaupa einstakar vörur. *- ve*


VIÐ HÆTTUM MEÐ SUNDFATNAÐ OG ÞVÍ ER HANN Á HÁLFVIRÐI



**teg. Pina Colada** - BH áður **kr. 6.850,-** nú **kr. 3.425,-** buxur áður **kr. 3.990,-** nú **kr. 1.995,-** ATH. AÐ MESTU BARA STÓRAR SKÁLASTÆRÐIR.

Misty -fyrir allar konur

**Laugavegi 178 - Sími: 551 2070**
**Sími 551 3366.**
**Opið mán.-fös. 10-18,**
**laugard. 10-14.**
**Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.**
**www.misty.is**

Ferming í Flash



- **Kjólar**
- **Ermar**
- **Leggings**
- **Stuttkápur**
- **Skart**

**Ath. opið til kl. 20 í kvöld**

FLASH

**Laugaveg 54,**
**sími: 552 5201**



MARIA LOVISA
FATAHÖNNUÐUR
SKÓLAVÖRÐUSTÍG 6B
SÍMI 562 6999
Skór frá GULL Í GRJÓTI
Skólavörðustíg 4

**Smáauglýsingar Fréttablaðsins eru einnig á visir.is**




FRÉTTABLAÐIÐ

visir.is
"...ég sá það á vísi"

# ALLT SEM ÞIG VANTAR

**Allar smáauglýsingar vikunnar á visir.is**

Smáauglýsingasíminn er opinn alla daga kl. 8–17

Smáauglýsingasíminn er 512 5000
smaar@frettabladid.is / visir.is

Afgreiðslan er opin: alla virka daga 8–17

## BÍLAR & FARATÆKI

**100 bílar.is** bílasala




Dodge Ram 1500 4x4 magnum, árg. 1997, ek. 159þús.km, cd, rafmagn, álfelgur, Flottur bíll!!!, Ásett verð 690þús. kr, bíllinn er á staðnum.




Range Rover Sport SE V8 dísel , árg.2008, ek. 8þús.km, 273 hö, sjálfsk, leður, lúga, krókur, Stór glæsilegur umboðsbíll hlaðinn búnaði, Ásett verð 10900þús.kr!bíllinn er á staðnum




DODGE RAM 2500 POWER WAGON 4X4, 2008, ek. 35þús.km, 100% driflæs fr& aft, spil, slepp á ballanstöngum, leður, lúga, hús á palli, Stórglæsilegur, Ásett verð aðeins 4500þús.kr, er á staðnum.

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.00 og laugardaga 12-16**
**www.100bilar.is**

**HÖFÐAHÖLLIN**
NORÐURHELLA 8 • 221 HAFNARFJÖRÐUR
*fluttir í fjörðinn!*



RENAULT MEGANE SCENIC SCÉNIC RX4 Árgerð 2001. Ekinn 152 þ.km Verð kr. 790.000



VW PASSAT BASIC LINE/SEDAN Árgerð 1999. Ekinn 249 þ.km Verð kr. 470.000.



MAZDA 323 S/D GLX Árgerð 1998. Ekinn 175 þ.km Verð kr. 490.000.



VW VENTO GL Árgerð 1997. Ekinn 89 þ.km Verð kr. 270.000.



SUZUKI GRAND VITARA Árgerð 2008. Ekinn 14 þ.km Verð kr. 3.790.000.

**Höfðahöllin**
**Norðurhella 8, 221 Hafnafjörður**
**Sími: 567 4840**
**Vantar bíla á skrá og á staðinn.**
**www.hofdahollin.is**

**HÖFÐABÍLAR**
... þar sem bílar seljast



LINCOLN MKZ. Árg 2007, ekinn 66 þ.km, Bensín, Sjálfskiptur. Rosalega mikið útbúin. Verð 5.4 millj skipti möguleg Rnr.127193 Ökutæki er inní sal. Óskum eftir hjólhýsum á söluskrá

**Höfðabílar**
**Fossháls 27, 110 Reykjavík**
**Sími: 577 4747**
**www.hofdabilar.is**



Toyota Land Cruiser árg. '08. Svartur, 33" br., 8 MANNA, ek 29þ. Filmur, krókur TOPPBÍLL. S. 899 4666.



Ford E350 1992 EK 211.Sumar og vetrar dekk 11 manna Verð 880 þús Sími 893-6321



Suzuki Vitara. Árgerð 98. Ekin 134þ. Verð 350.000. s:843-9866

Ford Escord station '98 með kúlu. Vetrard. og sk. 10/"10. Björn í s. 865 3640.

Honda CRV árg. '98 ek. 216 þús. sjsk. V. 570 þús. Huyndai H1 árg. '99 ek. 205 þús. Einnig dekk 30.9.5x15 á 6 gata felgum. S. 896 3581.

## Bílar til sölu




Til Sölu VW Passat 1,6 árg 2001 ekinn 116,000, beinskiptur, álfelgur, sumar og vetrardekk, krókur, sóllúga, fallegur og velmeðfarinn bíll, verð 890,000, uppl 860-1998




Til Sölu Ford Escape XLT Choise árg 2004 ek 109,000, sjálfsskiptur, V6, heilsársdekk, nýskoðaður, verð 1,790,000, TILBOÐ 1,390,000, stgr. ath skipti uppl 860-1998



Gólf árg. '01 ek. 67þús sk. '11 Verð 700þús stgr. engin skipti. Uppl. s. 824 4530

## 0-250 þús.



### Sjálfskiptur sk.11 á 250 þús!

CHRYSLER STRATUS árg'96 2,5 4 cyl,sjálfskiptur,ný skoðaður 2011,nýleg vetrardekk,gott eintak og lýtur vel út! verð 250 þús. s. 841 8955.



### !!! ódýr stadion sjálfs-skiptur !!!

MMC Lancer stadion árg. '98, ekinn 156þús, ný skoðaður, sjálfskiptur, góður bíll á góðu verði, fæst fyrir aðeins 195þús stgr, allar uppl. í s: 659-9696.

## 250-499 þús.



### TILBOÐ SPARIBAUKUR 300 ÞÚS!

NISSAN MICRA 1,3 árg'99 ek.125 þús. ný skoðaður 2011,vertar dekk og sumar á álfelgum,mjög góður bíll sem eyðir mjög litlu,ásett verð 390 þús tilboð 3*0 þús stgr! s.841 8955



### Tilboð 390 þús

Nissan Almera árg. '99 ek. 113þús, sk'11. Verð 390 þús.Uppl. s. 659 3459.



### Tilboð 390 þús

Alfa Romeo 156 árg. '98 ek. 107þús, ný tímareim, topplúga. sk. '11 Verð 390 þús. Uppl. s. 659 3459.

## Bílar óskast

### Nissan Golf Polo

Óska eftir bíl á verðbilinu 300-500Þ ekki eldri en árg 00. S:8680919.

Óskum eftir biluðum smábíl. Ekki eldri en '98-'00. Frá 50-150 þús. S. 692 8688.

Kaupi bíla sem þarfnast lagfæringar á ca. 20-120 þús. stgr. Sími 896 6744.

### ÓSKA EFTIR BÍL FYRIR ALLT AÐ 250 ÞÚS!

Óska eftir góðum bíl fyrir allt að 250 þús! Smábíl fólksbíl eða jeppling, skoða allt má þarfnast smá lagfæringar. S. 691 9374.

### !!! 0-200þús staðgreitt !!!

Óska eftir að kaupa bíl fyrir allt að 200þús., bíllinn má þarfnast lagf. eða skoðunar, helst ekki eldri enn '98, skoða allt. Hringdu í síma 659 9696.

## Jeppar

EBERSPACHER, vatns- og hitablásarar 12 & 24volt, diesel og bensín, Viðgerðar og varahlutaþjónusta. Stilling sími: 520 8000.

## Sendibílar




Leigð'ann og aktu sjálf/ur. Lyfta 1 tonn og opnanleg hlið. Uppl. í s. 898 3206.



VW LT35, sendibíll með lyftu, árg. '00 ek. 96þús, þarfnast viðgerðar á body. Uppl. s. 660 2544

## Vörubílar



### Vagnasmiðjan auglýsir

Verðum með kynningu á framleiðslu okkar í Toppstöðinni Elliðaárdal á laugardaginn 06. feb kl. 13-17, ásamt fjölda annara íslenskra framleiðanda og hönnuða. www.vagnasmidjan.is Eldshöfða 21 R.vík, s. 587-2200, 898-4500.

Sturtugrind og stóll óskast til að hafa undir palli (eða bara sturtugrind) uppl. 893-9190.

Forþjöppur, varahlutir, viðgerðarþjónusta. Eigum á lager / getum útvegað flesta varahluti fyrir vörubíla og vinnuvélar. Stilling sími: 520 8000.

## Mótorhjól

**Motor sport**



### útsala á vespum í stuttan tíma!

50cc vespur, í tveimur litum. Áður 188 þús. Nú 169 þús.

**Mótorsport ehf**
**Síðumúla 34, 108 Reykjavík**
**Sími: 567 1040**
**Öll viðgerðarþjónusta á staðnum**
**www.motorogsport.is**



Sjaldgæft safnahjól Kawasaki ZA 1100 árg. 1983, 86þ.km, m. góðu ást. V. 380 þús. Geymdt í Frakklandi, Innflutn. í hlut kaupandans. Uppl. henry.kiljan@isl.is

Antík skellinaðra til sölu sem ný. Upplýsingar í s. 841 0966.

## Fellihýsi

Óska eftir 8 feta coleman fellihýsi(staðgreitt) uppl.6942561

## Tjaldvagnar

### Tjaldvagn & Mótorhjól

Compycamp 88'koja, fortjald, eldhúsgrind.Nýtt tjald fylgir.V.300 þús, einnig Honda Magna 1100cc, 83'mikið yfirfarinn.S. 699 4329

## Bátar



### Handfærarúllur

BJ5000 Handfærarúllur. Sjóvélar ehf. 553 3311 www.sjo.is

## Til sölu


**N1**

# Læstu felgunum þínum!

**Verð frá 3.990 kr.**

**Þú færð lása fyrir felgurnar þínar hjá Hjólbarðaþjónustu N1**



SÍMI 440 1000
WWW.N1.IS
Meira í leiðinni


## Þjónusta




## Þjónusta

**Bílaþjónustan Bilaði Bíllinn**
Vagnhöfða 7, kjallara - 110 Reykjavík
Sími 445 5562 - Gsm 615 2562

**Bjóðum upp á bón og smáviðgerðir.**

**Einnig aðstöðu fyrir þig til að gera við sjálfur.**

**OPIÐ FRÁ 10:00-22:00, ALLA DAGA**

## Hljóðfæri

Eighty eghty NORD STAGE Revision 8 litið notað, 1 árs gamallt píano tíl sölu. Verð 260þ. S. 897 0584.

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/örykja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## Vélar og verkfæri

Óska e. að kaupa not. en í lagi: handsláttuvélar og sláttuorf. Nán. uppl. í síma 866-0471.

## Til bygginga



**Harðviður til húsabygginga.**
**Sjá nánar á www.vidur.is**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

Krossviður, kambstál, gips og fl. Uppl. í s: 555 7905 og www.ulfurinn.is

## Verslun

TANTRA
Erotísk verslun



Vasaljósa múffurnar komnar aftur með eða án titrara. Besta verðið í bænum!
Opið mán-fös 12-20
Laugardaga 12-18 & í Hlíðasmára á sunnud. 12-18
FÁKAFEN 11
HLÍÐASMÁRI 13
s. 588 6969 & 587 6969
WWW.TANTRA.IS
www.facebook.com/tantraverslun

Stærri limur betri limur
Loksins er komin á markað vara sem gefur þér varanlega stækkun bæði í lengd og þykkt. Kannaðu málið á bathmate.is
bathmate.is

## Tilkynningar




Minnum á að umsóknarfrestur vegna páskaleigu orlofshúsa er til og með mánudeginum 8. febrúar
Hægt er að sækja umsóknareyðublaðið á www.efling.is eða á skrifstofu félagsins
Ekki er hægt að sækja um í síma
Efling-stéttarfélag, Sætúni 1, 105 Reykjavík, Sími: 510 7500.

Akureyri
www.akureyri.is
Öll lífsins gæði

### Deiliskipulag miðbæjar Akureyrar - austurhluti

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar auglýsir hér með skv. 1. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, tillögu að breytingu að deiliskipulagi miðbæjar Akureyrar - austurhluta, samþykkt í bæjarstjórn 2. febrúar 2010.

Skipulagssvæðið afmarkast að sunnan af Kaupvangsstræti, að norðan af Strandgötu, að vestan af Hafnarstræti og að austan af ströndinni og lóð Hofs. Sett er fram stefna um einkenni byggðar, landnotkun, samgöngur, tengsl við sjóinn og mótun gatna, gönguleiðir og torgsvæði. Gert er ráð fyrir byggingum á bílastæðum milli Skipagötu og Glerárgötu, fjölgun íbúða og atvinnuhúsnæðis. Bílastæðum verður komið fyrir í bílakjöllurum. Tengsl miðbæjarins og Pollsins eru endurvakin með síki sem liggja mun þvert á helstu miðbæjargötur og myndað meðfram því almenningsrými sem liggur frá sjó og að Hafnarstræti.

Samhliða eru gerðar breytingar á mörkum þriggja gildandi deiliskipulagsáætlana í miðbænum sem auglýstar eru með ofangreindri breytingartillögu.

Tillöguuppdráttur ásamt greinargerð mun liggja frammi í þjónustuanddyri Akureyrarbæjar, Geislagötu 9, 1. hæð, frá 5. febrúar til 19. mars 2010, svo að þeir sem þess óska geti kynnt sér tillöguna og gert við hana athugasemdir. Tillagan er einnig birt á heimasíðunni: www.akureyri.is/midbaer.

Frestur til að gera athugasemdir við tillöguna rennur út kl. 16:00 föstudaginn 19. mars 2010 og skal athugasemdum skilað skriflega til Skipulagsdeildar Akureyrarkaupstaðar, Geislagötu 9, 3. hæð. Hver sá sem ekki gerir athugasemdir við tillöguna innan þessa frests telst vera henni samþykkur.

**5. febrúar 2010**
**Skipulagsstjóri Akureyrarkaupstaðar**

ÚTSALA
30 - 80% AFSL.



PVC DRESS 5.995 Áður 17.995

Egg MEÐ HULSU HRAÐASTILLIR



995 Áður 5.995

HÖFRUNGUR F/PÖR
ÞRÁÐLAUS TEYGJANL. 7 STILLINGAR



3.995 Áður 9.995

TITRARA SETT - 5 HLUTIR



4.995 Áður 14.995

Dúkka F/ HERRA ÚR GERVI SKINNI



9.995 Áður 24.900

DVD 995

Rómantík.is
Hverfisgötu 62 Rvk. S: 586-8500
( Horninu á Frakkastíg)
Opið: Virka daga 12-20
Laugardaga 12-18

## HEILSA

## Heilsuvörur



Aloe Vera Heilsunnar vegna Betri lífstíll - meiri orka. Magnús og Hlíf sjálfstæðir dreifingaraðilar 822 8244 www.flp1.is

Árangur með Herbalife í 29 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

**ÓKEYPIS RÁÐGJÖF Í ÞYNGDARSTJÓRNUN!**
Hringdu núna, Drífa 695 8464, Pétur 772 1035 Katrín 699 6617.

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

HERBALIFE. Reynsla í heilsuráðgjöf og þyngdarstjórnun. Einstaklingar og hópar. www.rkb.heilsuskyrsla.is. Rannveig iðjuþjálfi/einkaþj. s. 862 5920.

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd



**TANTRA MASSAGE**
An exclusive gift for men, women and couples. Tel. 698 8301 www.tantra-temple.com

**J. B. HEILSULIND Tilboð 2 fyrir 1**
Skrúbb, heitur pottur og nudd kr.11.000. Tilboð í DETOX og svæðanudd 2fyrir1 kr.9000. Nudd ýmsar tegundir, slökun, ljúffengar veitingar, snyrting, næringar, vítamín og heilsuráðgjöf. Málverkasýning Unu á staðnum. Pantarnir 445 5000. Velkomin.

**NUDD**
Nudd nudd nudd heilnudd. Tilboð í dag. Uppl. í s. 616 6469.

**NÝTT SPA - DREAM OASIS**
NUDD: Heilln.,Svæðan., Slökunarn., Ayurvedan., Heitsteinan., Tibet loftn., Hunangsnudd., Detox, Skrúbb, Pottur, Sólbekkir. Símar 567-6666 og 862-0941.

## Kennsla



Harmonikukennsla hafin. Innritun í s. 690 7424 eftir hádegi.

## HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**www.leiguherbergi.is**

**1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðganur að internet, baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

2 herb. nýlega uppgerð íbúð í 101 til leigu. Stutt í miðbæ og háskólann. Ljós, gardýnur, þvottavél og fleira. 120 þús. með rafm., hita og hússj. S. 896 0524.

12 m2 herb.í Breiðholti. Eigin inng.og aðg.að baði. Stutt í Mjódd og strætó. Uppl.í s: 696-8576

Til leigu Falleg 3herbergja íbúð 73fm á góðum stað í Kópavogi, íbúðin er á 1hæð í lítilli blokk neðst í fossvogsdal , leiguverð er 120,000, og er allt innifalið (hiti rafmagn og hússjóður) snyrtimennska og skilvísi skilyrði. uppl 860-1998

Herb. í miðbænum Rvk. Húsgögn fylgja. Leiga 30þ. Uppl. í s. 895 0482 e. kl. 16.

Falleg, lítil 2-3 herb. íbúð nálægt miðbænum. Leiguverð er 100þ. á mán. S. 697 3864.

Til leigu 2ja herb. 72. fm. íbúð í Grafarholti. Verð 95 þús á mán. S:861 9277 eftir kl 16.

Til leigu110fm 5h íbúð í Stangarholti pnr 105 rvk. 3svh, 2st 2baðh. leiga 160þ.mán. langtímaleiga uppl s 861 5701

Herbergi til leigu, frá 25 þús. til 50 þús. S. 895 2138.

Herbergi í neðra Breiðholti til leigu m. aðgangi að snyrtingu. Uppl. í s. 821 7960 & 566 7960.

2-3ja herb.Vallarbarð Hfj. Frá 1. mars. 74fm á jarðh. sólpallur í suður. V.105 þ. Allt innif. Uppl. 691 1369.

**Leiguliðar ehf Fossaleyni 16**
Skrifstofa Leiguliða auglýsir lausar íbúðir, leiguverð frá kr. 58.000. Reykjavík, Selfoss, Þorlákshöfn, Akranes, Hafnarfjörður. Gæludýr leyfð. Sjá www.leigulidar.is eða 517 3440.

Studíóíbúð til leigu, sv. 105 Uppl. s. 695 1918.

Nýstandsett 2ja herb. 48fm íbúð til leigu að Súðarvogi 7 3ja hæð. Ekki með húsaleigubótum. Laus strax. Uppl. í s. 862 6679 & 824 3040.

## Húsnæði óskast

Par óskar eftir íbúð á höfuborgarsvæðinu í mars. S. 969 2615.

Óska eftir 3-4 herb. íbúð á Reykjavíkursv. sem fyrst. Erum með hund. Uppl. í s. 893 4278.

Óska eftir 3-4 herb. íbúð. Helst með húsgögnum. Í Hlíðunum eða nálægt Laugardalnum. Erum reglusöm og skilvís fjölskylda. Uppl. í S 868 3989

Óska eftir 4-5 herb. íbúð helst í Staða eða Víkurhverfi í Grafarvogi. Uppl. í s. 824 2356.

Reyklaust & reglusamt par á þrítugsaldri leitar að lítilli íbúð til leigu í vesturbæ Rvk. leitarar@gmail.com

Óska e. herbergi/íbúð m húsgögn+internet í miðbæ/vesturbæ, 1.3.-15.4. Er doktorsnemi, reglusöm+reyklaus. hufi78@gmx.net

Óska eftir 2-3 herb. íbúð til leigu. Á Rvk svæðinu. Greiðsla uppá 60-70. Uppl í síma 847-1022

Ódýr studíóíbúð óskast á stór RVK svæðinu, skoða alla möguleika, jafnvel iðnaðarhúsnæði. Uppl. s. 662 0662

## Húsnæði til sölu

Til sölu gróðurhús og hænsnahús í garðinn, stærð eftir óskum kaupanda. Allar upplýsingar, kessutak@internet.is

## Fasteignir

**VIÐBYGGINGAR**
**Teikningar**
**www.kvardi.is**
**sími. 555-2020**

## Sumarbústaðir



Til flutnings á svæði 116. Heilsás sumarbústaður 50 ferm + svefnloft Verð 7.8 Sími 893-6321

## Atvinnuhúsnæði

200m2 í skútahrauni hfj - með geymslulofti og skrifstofu. Hentugt fyrir bílaleigu, bílaverkstæði eða heildsölu. Gott útipláss. 190þ 8240672

## Geymsluhúsnæði

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Góð verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

## Gisting

stracta
CONSTRUCTION AND DEVELOPMENT

**GISTING Í KAUPMANNAHÖFN**
Fullbúnar lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum. Góður kostur fyrir fyrirtæki og einstaklinga. Verð 1050 dkr nóttin fyrir 3ja herb. íbúð. Nánari uppl. í s. 891-8612, +45 27111038, www.stracta.com eða annalilja@stracta.com

## Atvinna í boði

kol ehf - hringjum út

**Kvöld- og helgarvinna**
Kvöld- og helgarvinna. Tímakaup og bónusar. Okkur vantar öflugt og skemmtilegt fólk til úthringinga! Hringdu núna í síma 550 3610 kol@kol.is

Lækjarbrekka
Alltaf sígild - Alltaf ljúf

**Langar þig að læra framreiðslu?**
**Lækjarbrekka er rótgróið og þekkt veitingahús þar sem fagmennska og góður vinnuandi eru höfð í fyrirrúmi. Starfið hentar bæði konum/stelpum og körlum/strákum.**
**Upplýsingar veitir Steinunn milli 10-12 og 14-17 eða steinunn@laekjarbrekka.is**

Óskum eftir að ráða fólk í fulltstarf og hlutastarf. Einnig vantar okkur í uppvask. Uppl. á staðnum eða á netfang milano@internet.is Kaffi Milano Faxafeni 11.

**Sölumaður óskast**
Leitum að einstaklingi sem getur unnið sjálfstætt í sölu og kynningu á mjög spennandi vöru. Góður tekjumöguleikar í boði, sveijanlegur vinnutími. Áhugasamir leggið inn uppl. á andri1122@gmail.com

Hress 26 kvk hársnyrtinemi á 3ári óskar eftir nemaplássi á stofu nánari uppl. tanija09@gmail.com/848 8225.

**Sushi smiðja**
Óskar eftir að ráða starfsfólk í eldhús og sal. íslenskukunnátta æskileg. Uppl. á staðnum milli kl. 15-18.

## Atvinna óskast

51 árs íslenskur kk er vanur járnsmíðavinnu, vörubílakstri og kranavinnu. Er með meirapróf og flest vinnuvélaréttindi. Uppl. í s. 896 3331 & asgeirjk@simnet.is

## Tilkynningar

**Guðspekifélagið**

**Í kvöld, föstudaginn 5. febrúar kl. 20:30** heldur Jón Björnsson erindi sem hann nefnir: Englar, í húsi félagsins, Ingólfsstræti 22.
**Laugardaginn 6. febrúar kl. 14:00** er hugleiðing, **kl. 14:30:** Farið yfir fræðsluefni Sigvalda. **Kl. 15:00: Opið hús og Kl. 15:30** les Ingibjörg Haraldsdóttir úr ljóðum sínum.
**Á fimmtudögum** kl. 16.30 - 18.30 er bókaþjónustan opin með miklu úrvali andlegra bókmennta.
**www.gudspekifelagid.is**

## Einkamál

SÍMAÞJÓNUSTUR



**Stefnumót**
905 2000 (símatorg)
535 9920 (kreditkort)
535 9923 (frítt karlar)
555 4321 (frítt konur)
**Spjall**
904 5454 (símatorg, karlar)
535 9940 (kreditkort karlar)
555 4321 (frítt, konur)
**Gay spjall**
535 9988 (kreditkort)
**Sögur**
905 2002 (símatorg)
535 9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908 6000 (símatorg)
535 9999 (kreditkort)

**Símadömur 908 1616**
**Er ykkur kalt? Við verðum við. Hringdu í uppáhalds dömuna þína. Við bíðum eftir þér!**

**Opið þegar þér hentar 908 1616.**



Fermingarskraut, fermingarblóm, merktar sálmabækur, áprentun á servíettur, skrautskrifuð kerti, hanskar og margt fleira

Fáið hugmyndir!
sjáið skreytt veisluborð fyrir ferminguna

föstudag - sunnudags

# Ferming

## Fermingarsýning í Blómavali Skútuvogi

**FRÁBÆR TILBOÐ á fermingarsýningu**

KERTI 20% AFSFLÁTTUR

ORKIDEA 1299

10 STK TÚLIPANAR 799

20% afsláttur af allri fermingarvöru gegn framvísun heimsenda fermingarpóstsins frá Blómavali

10% Aukaafsláttur á fermingar-sýningunni

Fjörleg fermingarsýning í Skútuvogi laugardag og sunnudag

Hefst kl 13:00

Konditormeistarinn Halldór Kr. Sigurðsson sýnir okkur hvernig kransakakan er búin til.

Til sýnis verða árituð kerti og hægt að panta áritun.

Sýnishorn af fermingarmyndum frá Ljósmyndastofunni Mynd verða á staðnum.

Hárgreiðslustofan Hár-saga verður á staðnum og sýnir fermingargreiðslur.

Hársnyrtitæki frá Remington verða á tilboði einungis á fermingarsýningunni.

Útivistarfatnaður frá Húsamiðjunni verður á tilboði á fermingarsýningunni.

Uppdekkuð borð frá Blómavali

YD-DESIGN sýnir skartgripi.

Vagg og Velta sýna handgert hárskraut.



Fermingarföt til sýnis frá nokkrum verslunum:
Galleri Sautján
Gyllta kettinum
Kiss

**Jói Fel mætir á laugardaginn mili kl. 15-16 og kynnir fermingarkökur**



**Kaffi Garður**
Heitt súkkulaði með rjóma og tertusneið **290kr**

gallerisautján OXXO Mynd KISS REMINGTON Jói Fel HÁRSAGA

blómaval
*heillandi heimur*
Skútuvogur - Grafarholt - Akureyri - Egilsstaðir
Selfoss - Reykjanesbær - Dalvík

**KARL SIGURBJÖRNSSON ER 63 ÁRA**

*„Upprisa Jesú verður aldrei sönnuð né afsönnuð með aðferðum vísindanna. Hún verður aldrei sönnuð eða staðfest nema með tiltrú, trausti, trú þeirra sem taka við boðskapnum, voga að taka hann á orðinu og reiða sig á hann.“*

***Karl Sigurbjörnsson er biskup Íslands.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 5. FEBRÚAR 1967

## *Snorri hlýtur Silfurhest*

Snorri Hjartarson (1906-1986) hlaut þennan dag árið 1967 Silfurhestinn, bókmenntaverðlaun dagblaðanna, þegar hann var veittur í fyrsta sinn.

Snorri var rithöfundur og ljóðskáld. Foreldrar hans voru Hjörtur Snorrason, bóndi og alþingismaður, og Ragnheiður Torfadóttir frá Ólafsdal, húsfreyja.

Snorri bjó lengi í Noregi og stundaði myndlistarnám við Listaháskólann í Ósló. Fyrsta ritverk hans kom út á norsku árið 1934, en það var skáldsagan Høit flyver ravnen. Snorri er þekktastur fyrir ljóðabækur sínar á íslensku. Hann hlaut bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs 1981 fyrir ljóðabókina Hauströkkrið yfir mér. Snorri var bókavörður við Borgarbókasafnið eftir að hann flutti aftur til Íslands.



**SNORRI** Liggur í gjótu og párar á blað.



**LEGGJUM ÁHERSLU Á FRÆÐSLU** Katrín Björk Baldvinsdóttir, formaður Tilveru samtaka um ófrjósemi, vill auka skilning almennings. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

TILVERA SAMTÖK UM ÓFRJÓSEMI: FAGNAR TUTTUGU ÁRA STARFSAFMÆLI

# VILJA OPINSKÁA UMRÆÐU

Tilvera samtök um ófrjósemi hafa starfað í tuttugu ár á þessu ári. Samtökin voru sett á fót árið 1990 af pörum sem þá þurftu að fara utan til Englands í glasafrjóvgunarmeðferðir en árið 1991 hófust meðferðir hér á landi.

„Samtökin eru hagsmunasamtök fólks sem á við ófrjósemi að stríða, og eru til stuðnings til dæmis í samskiptum þess við heilbrigðisyfirvöld og í tengslum við þá þjónustu sem það þarf að þiggja,“ útskýrir Katrín Björk Baldvinsdóttir, sem tók við formennsku samtakanna í haust. Katrín telur að um 200 manns séu skráðir í samtökin en sú tala geti rokkað til af því að fólk hætti því miður gjarnan í samtökunum þegar meðferð tekst eða fólk ættleiðir barn.

Hún segir samtökin leggja mikla áherslu á fræðslu bæði fyrir félagsmenn og ekki síður fyrir aðstandendur þeirra og almenning. Fólk sem eignast börn án vandræða átti sig oft ekki á því hvað ófrjósemi reyni mikið á manneskjuna og nefnir Katrín að fólk sem á við ófrjósemi að stríða gangi í gegnum sama streitustuðul og fólk sem stríðir við alvarlega sjúkdóma eins og krabbamein.

„Þetta skilningsleysi kemur gjarnan fram í „góðlátlegum“ ráðum eins og „hættu nú að hugsa um þetta“ eða „fáðu þér bara hund!“, segir hún á léttu nótunum en bætir síðan við að staðreyndin sé sú að fimmtán til tuttugu prósent para lendi í vandræðum þegar kemur að barneignum. „Okkar tilfinning er sú að það sé frekar að aukast. Við viljum því endilega opna umræðuna um ófrjósemi og minnka tabúið í kringum þetta. Því reynum við að hafa tvo til þrjá fræðslufundi á ári og erum að útbúa vettvang þar sem fólk getur hist, bæði kaffihúsafundi og sumargrill. Einnig er opinn spjallþráður á heimasíðunni okkar www.tilvera.is. Við höfum fengið sálfræðinga og félagsfræðinga til að flytja fyrirlestra og einnig hefur líffræðingur komið og útskýrt hvernig börnin eru hreinlega búin til bak við luktar dyr.“

Í tilefni af tuttugu ára starfsafmælinu munu samtökin standa fyrir afmælisþingi 13. febrúar næstkomandi. Meðal annars mun doktor Gyða Eyjólfsdóttir flytja erindi um sálræna hliðina, Heilbrigðisráðherra mun einnig tala og kynnt verður bók sem samtökin eru að gefa út í samstarfi við bókaútgáfuna Sölku.

„Þetta er þýðing á bandarískri bók, Experience of Infertility, en okkur fannst hún koma inn á svo margt. Til dæmis sálræna hliðina, á sjónarhorn karlsins og sjónarhorn konunnar og farið yfir samskipti parsins svo eitthvað sé nefnt. Einnig verða íslenskar reynslusögur í bókinni sem okkur fannst nauðsynlegt að hafa með.“

Fræðsluþingið verður haldið eins og áður sagði laugardaginn 13. febrúar í stofu 104 á Háskólatorgi og er opið öllum. Nánari upplýsingar um samtökin og dagskrá afmælisþingsins er að finna á heimasíðunni www.tilvera.is.

heida@frettabladid.is

---



✝

*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og bróðir,*

**Rögnvaldur Finnbogason**

Garðaflöt 17, Garðabæ,

lést 1. febrúar sl. Útförin fer fram frá Vídalínskirkju í Garðabæ mánudaginn 8. febrúar kl. 15.00.

**Hulda Ingvarsdóttir**
**Ingvar J. Rögnvaldsson** **Auður Hauksdóttir**
**Guðný Dóra Rögnvaldsdóttir Gurstad**
**Kristín og Haukur Ingvarsbörn**
**Espen og Gøran Gurstad**
**Hulda Guðný, Linda Bára og Elfa Dögg Finnbogadætur**
**Kolbrún Sigfúsdóttir**
**Björg Finnbogadóttir og fjölskyldur.**

---

✝



*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærrar eiginkonu minnar, móður okkar, tengdamóður og ömmu,*

**Önnu Sigrúnar Snorradóttur.**

Sérstakar þakkir færum við starfsfólkinu á Skjóli og Eir.

**Birgir Þórhallsson**
**Snorri Sigfús Birgisson**
**Guðrún Sigríður Birgisdóttir** **Martial Nardeau**
**Þórhallur Birgisson** **Kathleen Bearden**
**og barnabörn.**

---

✝



*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns. föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,*

**Rögnvaldar Árnasonar**

áður til heimilis í Einilundi 2, Akureyri.

**Lína Þorkelsdóttir**
**Þorkell Ingi Rögnvaldsson**
**Una Sigurlína Rögnvaldsdóttir** **Óskar Smári Haraldsson**
**Heiðar Rögnvaldsson**
**Heimir Rögnvaldsson** **Guðrún Björg Steinþórsdóttir**
**afa og langafabörn.**

---



✝

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Sigþrúður (Dúa) Ingólfsdóttir**

hjúkrunarfræðingur, Krummahólum 10,

lést á LSH aðfaranótt þriðjudagsins 2. febrúar síðastliðinn. Útför verður auglýst síðar.

**Helga Kr. Olsen** **Ingvar Valgeirsson**
**Ingólfur M. Olsen** **Tinna Sigurðardóttir**
**Eydís E. Olsen** **Sean Maverich**
**og barnabörn.**

---


✝

*Æviminning*

Fréttablaðið býður nú upp á birtingu æviminninga á tímamótasíðum blaðsins.

**Hafið samband í síma 512 5490-512 5495 eða sendið fyrirspurnir á netfangið timamot@frettabladid.is**




---



✝

*Elsku dóttir mín, móðir, tengdamóðir og amma,*

**Margrét Hauksdóttir**

lést þriðjudaginn 2. febrúar sl. Útförin fer fram frá Lágafellskirkju, fimmtudaginn 11. febrúar kl. 13.00.

**Júlía Guðmundsdóttir**
**Óskar Finnur Gunnarsson** **Harpa Sif Arnarsdóttir**
**Bryndís Gunnarsdóttir** **Steingrímur Sigurðarson**
**Daði Freyr Gunnarsson**
**Ísak Funi Óskarsson**

---



✝

*Okkar ástkæra,*

**Helga Guðjónsdóttir**

verður jarðsungin frá Bústaðakirkju, mánudaginn 8. febrúar kl. 11.00. Jarðsett verður í Stóra-Dalskirkjugarði kl. 15.30.

**Hanna Kristín Brynjólfsdóttir**
**Úlfar Brynjólfsson** **Rósa Aðalsteinsdóttir**
**Guðrún Bjarnadóttir** **Geir Þórólfsson**
**Ragnheiður Brynjólfsdóttir** **Jón Þorkell Rögnvaldsson**

# Fjarðarkaup

*alltaf fersk*

**Gular melónur**
**249,kr./kg**

**Ananas**
**229,kr./kg**

**Jonagold epli**
**149,kr./kg**



**Gala epli**
**199,kr./kg**

**Kiwi**
**199,kr./kg**

**Perur**
**199,kr./kg**

VISA

www.FJARDARKAUP.is

Tilboð gilda til laugardagsins 6. febrúar

FK
FJARÐARKAUP

Opið mánudaga - miðvikudaga frá 09:00 - 18:00, fimmtudaga 09:00 - 18:30, föstudaga 09:00 - 19:00 og laugardaga 10:00 - 16:00, lokað sunnudaga






# Íslenska umræðuhefðin

BAKÞANKAR
Bergsteins Sigurðssonar



Á miðvikudag mætti Vilhjálmur Egilsson, formaður Samtaka atvinnulífsins, í dægurmálaútvarp RÚV til að spjalla um breytingar á klukkunni. Tilefnið var að hópur vísindamanna hefur lagt til að klukkunni verði seinkað til samræmis við sólargang. Klukkan á Íslandi er stillt eftir Greenwich, sem er einu og hálfu tímabelti austar en Ísland. Þar af leiðandi er klukkan á Íslandi einni og hálfri klukkustund á undan sólargangi á veturna. Lífeðlisfræðingar og geðlæknar telja þetta hafa alvarlegar afleiðingar á geðheilsu manna á norðurhjara jarðar og nefna skammdegisþunglyndi, þreytu og slen sem dæmi. Vísa þeir í ritrýndar vísindarannsóknir máli sínu til stuðnings.

**SKEMMST** er frá því að segja að Vilhjálmur blés á þessar rannsóknir. Og hvað hafði hann máli sínu til fulltingis? Honum bara finnst það. Vilhjálmur „hefur á tilfinningunni“ að líkamsklukkan sé afskaplega persónubundið fyrirbæri. Betra sé að flýta klukkunni um eina stund á sumrin svo fólk komist fyrr í golf og geti grillað. Vilhjálmur benti líka á að það væri ekkert sem segði að sólin þyrfti að vera hæst á lofti á hádegi. Tímasetning hádegis væri pólitísk ákvörðun. Það sama hlýtur þá væntanlega að eiga við um flóð og fjöru; það er ekkert sem segir að flóð þurfi endilega að vera þegar sjór fellur að landi – fyrir utan orðið sjálft, en það er aukaatriði.

**LJÓST** er að þetta býður upp á tækifæri til mikillar hagræðingar í háskóla- og vísindastarfsemi á Íslandi; dýrar samanburðarrannsóknir heyra brátt sögunni til – sagnfræði heyrir brátt sögunni til: við spyrjum bara Vilhjálm. „Eru líkklæðin frá Tórínó fölsuð?“ „Það finnst mér ekki.“ „Hvenær gýs Hekla?“ „Það er smekksatriði.“ „Hvað er þorskstofninn stór?“ „Gulur.“

**ÞAÐ** er svo sem ekki við öðru að búast en að þegar menn eru beðnir um að mæla vísindalegt álitamál með pólitískri reglustiku verði útkoman jafnan vitlaus. Þetta er því miður algengur plagsiður í íslenskri umræðuhefð; að draga fram leikmenn, oftar en ekki bráðgáfaða, til að tala um tiltekin mál út frá forsendum sem þeir hafa ekki hundsvit á.

**EF** ákveðið yrði að seinka klukkunni á veturna til samræmis við sólargang, myndi það líklega minnka líkurnar á að draumur Vilhjálms um að komast klukkustund fyrr heim á sumrin rætist. En það eru aðrar leiðir að því markmiði. Til dæmis gæti Vilhjálmur barist fyrir styttum vinnudegi, ef ekki allt árið þá að minnsta kosti á sumrin. Ég myndi styðja Vilhjálm í því.

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



### Þekkir þú slangur?

*Á slóðinni slangur.snara.is stendur nú yfir söfnun á nýju íslensku slangri. Íslenskufræðingarnir Einar Björn Magnússon og Guðlaugur Jón Árnason ritstýra vefnum, en markmiðið er að safna saman orðum og gefa út í nýrri slangurorðabók, líklega á næsta ári. Síðast var gefin út slangurorðabók árið 1982 en margt hefur breyst síðan þá. Sannarlega er því kominn tími á nýja bók.*

# menning

menning@frettabladid.is

# Sópaðar hirslur



Í dag kl. 17.00 verður opnuð sýning á verkum Guðrúnar Auðunsdóttur myndlistarmanns í Artóteki. Sýningin nefnist Grunnsópað hefi ég gjörvallar hirzlur og er á 1. hæð Borgarbókasafns Reykjavíkur, Tryggvagötu 15.

Guðrún starfar nú eingöngu við myndlist. Hún málar, gerir collageverk, teiknar og tekur ljósmyndir sem hún vinnur áfram með í tölvu. Á sýningunni eru textílverk, brot úr gömlum ljósmyndum, málverk og skissur. Smá brot úr heild. Þetta er þriðja einkasýning Guðrúnar en hún hefur einnig tekið þátt í samsýningum hérlendis, í Danmörku, þar sem hún hefur búið síðastliðin þrettán ár, og víðar. Hún á að baki fjölbreyttan starfsferil við sjónlistir, hefur starfað sem myndlistarkennari, vann sem hönnuður hjá Gefjun á Akureyri og rak Gallerí Langbrók í Lækjargötu ásamt fleiri myndlistarkonum í nokkur ár. Eftir að Guðrún flutti til Kaupmannahafnar vann hún sem aðstoðarmaður Dichen Lindberg fatahönnuðar um skeið. Sýningin stendur til 14. mars.

### > Ekki missa af

Í dag kl. 14.50 mun Guðrún Pálína Guðmundsdóttir flytja fyrirlestur um myndlistarmanninn og kennarann Joris Rademaker. Sýning á verkum hans stendur nú yfir í Listasafninu á Akureyri. Guðrún er starfandi myndlistarmaður og kennari á Akureyri. Hún hefur um árabil starfrækt Gallerí+ ásamt Joris Rademaker. Fyrirlesturinn verður í Ketilhúsinu í Listagili á Akureyri.

# Kolsvartur gleðileikur

**Ufsagrýlur, nýtt leikrit eftir Sjón, verður frumsýnt í Hafnarfjarðarleikhúsi í kvöld.**

„Þetta er svartur gleðileikur, eins og sá sem við Íslendingar erum staddir í núna,“ segir Sjón. „Fjallar um trúnaðarbrestinn á milli þegnanna í litlu landi og hvernig hann fer með fólkið. Kannski ekki síst með þá sem brugðust. Það er verið að velta því fyrir sér hvort lækning sé möguleg.“

Sjón segir að það sé niðurstaða í verkinu og hana muni áhorfendur sjá. „Ég held að áhorfendur muni hugsa um sjálfa sig og aðra á meðan þeir horfa á þetta. Ég held þeir muni taka afstöðu, en það er ekki verið að troða neinu niður um kokið á fólki. Þetta er ekkert predikunarverk. Það er verið að skoða djúpsálarmyndina af því sem hefur gerst. Við notum tæki ævintýrsins og martraðarinnar til að skoða þetta. En fyrst og fremst er þetta kómedía þótt hún sé ansi svört.“

Leikstjóri er Rúnar Guðbrandsson, sem Sjón segir að sé helsti framsækni leikstjórinn í dag. „Hann hefur safnað saman ansi mögnuðum hópi listamanna, meðal annars strákunum í Stilluppsteypu (Helgi Þórsson og Sigtryggur Berg Sigmarsson). Þeir eru í fyrsta skipti að vinna í leikhúsi og hafa búið til mjög flotta hljóðmynd.“

Leikarar í Ufsagrýlum eru sex, þau Aðalbjörg Árnadóttir, Árni Pétur Guðjónsson, Birna Hafstein, Erling Jóhannesson, Hjálmar Hjálmarsson og Orri Huginn Ágústsson. **- drg**



**ÚR UFSAGRÝLUM SJÓNS** Djúpsálarmynd af hruninu.


# ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Sími 551 1200 / midasala@leikhusid.is / www.leikhusid.is

**Brennuvargarnir** (Stóra sviðið)

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Fös 5/2 kl. 20:00 | U | Fim 18/2 kl. 20:00 Síðasta sýn. | U | | |
| Mið 17/2 kl. 20:00 | U | Mið 24/2 kl. 20:00 Aukas. | Ö | | |

„Besta leiksýning ársins“ MBL, IÞ. Aukasýning 24. febrúar komin í sölu!

**Oliver!** (Stóra sviðið)

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Lau 6/2 kl. 15:00 | U | Sun 28/2 kl. 15:00 | U | Sun 21/3 kl. 15:00 | Ö |
| Lau 6/2 kl. 19:00 | U | Sun 28/2 kl. 19:00 | Ö | Sun 21/3 kl. 19:00 | Ö |
| Sun 14/2 kl. 15:00 | U | Sun 7/3 kl. 15:00 | Ö | Lau 27/3 kl. 15:00 | Ö |
| Sun 14/2 kl. 19:00 | U | Sun 7/3 kl. 19:00 | Ö | Lau 27/3 kl. 19:00 | |
| Sun 21/2 kl. 15:00 | U | Sun 14/3 kl. 15:00 | U | Sun 28/3 kl. 15:00 | |
| Sun 21/2 kl. 19:00 | Ö | Sun 14/3 kl. 19:00 | Ö | | |

Oliver! ★★★★ MBL, GB. Nýjar sýningar komnar í sölu.

**Gerpla** (Stóra sviðið)

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Fös 12/2 kl. 20:00 Frums. | U | Fim 25/2 kl. 20:00 Aukas. | U | Fös 5/3 kl. 20:00 7. K | Ö |
| Lau 13/2 kl. 20:00 2. K | U | Fös 26/2 kl. 20:00 5. K | Ö | Lau 6/3 kl. 20:00 8. K | Ö |
| Fös 19/2 kl. 20:00 3 K | Ö | Lau 27/2 kl. 20:00 6. K | Ö | Fim 11/3 kl. 20:00 | Ö |
| Lau 20/2 kl. 20:00 4. K | U | | | | |

Miðasala hafin – tryggið ykkur sæti á fyrstu sýningar!

**Fíasól** (Kúlan)

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Lau 13/3 kl. 15:00 Frums. | U | Lau 27/3 kl. 13:00 | U | Sun 11/4 kl 15:00 | U |
| Sun 14/3 kl. 13:00 | U | Lau 27/3 kl. 15:00 | U | Lau 17/4 kl 13:00 | Ö |
| Sun 14/3 kl. 15:00 | U | Sun 28/3 kl. 13:00 | U | Lau 17/4 kl 15:00 | Ö |
| Lau 20/3 kl. 13:00 | U | Sun 28/3 kl 15:00 | U | Sun 18/4 kl 13:00 | Ö |
| Lau 20/3 kl. 15:00 | U | Lau 10/4 kl 13:00 | U | Sun 18/4 kl 15:00 | U |
| Sun 21/3 kl. 13:00 | U | Lau 10/4 kl 15:00 | U | | |
| Sun 21/3 kl. 15:00 | U | Sun 11/4 kl 13:00 | U | | |

Sprellfjörug sýning um gleðisprengjuna ómótstæðilegu!

LEIKHÚSKORTIÐ OPIÐ KORT

NOTAÐU GJAFAKORTIÐ!


## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Föstudagur 05. febrúar 2010**

### ➜ Tónleikar

**22.00 Menn ársins** verða með tónleika á **Kaffi Rósenberg** við Klapparstíg.

**22.00** Hljómsveitin **Gæðablóð** heldur tónleika á **Bar og Gallerí 46** við Hverfisgötu 46.

### ➜ Opnanir

**17.00** Í **Artóteki**, sýningarrými **Borgarbókasafns** Reykjavíkur við Tryggvagötu verður opnuð sýning á verkum **Guðrúnar Auðunsdóttur**. Opið mán.-fim. kl. 10-19, föst. kl. 11-19 ogum helgar kl. 13-17.

### ➜ Leikrit

**20.00 Nemendaleikhús Listaháskóla Íslands** sýnir **„Bráðum hata ég þig“** eftir **Sigtrygg Magnason** í Smiðjunni við Sölvhólsgötu. Nánari upplýsingar á www.lhi.is.

### ➜ Fyrirlestrar

**12.05 Valgerður H. Bjarnadóttir** flytur erindið: **Vanadísarsaga, völvu og valkyrju - helgar myndir úr minni íslenskrar konu** hjá **ReykjavíkurAkademíunni**, JL-húsinu við Hringbraut 121 (4. hæð). Nánari upplýsingar á www.akademia.is.

**14.50 Guðrún Pálína Guðmundsdóttir** flytur fyrirlestur um myndlistarmanninn **Joris Rademaker** í **Ketilhúsinu** í Listagilinu við Kaupvangsstræti á Akureyri. Allir velkomnir og enginn aðgangseyrir.

### ➜ Dansleikir

**Siggi Hlö** og **Valli Sport** sjá um tónlistina á Skemmtistaðnum **Spot** við Bæjarlind í Kópavogi.

### ➜ Fræðsla

**12.30 Rauði krossinn** við Borgartún 25 stendur fyrir fyrirlestri og kynningu um Noreg. Umsjón hefur **Nanna Þórunn Hauksdóttir**. Allir velkomnir. Nánari upplýsingar á www.raudakrosshusid.is.

**20.00 Líf án áfengis / fræðslumiðstöð**, stendur fyrir opnu forvarna- og fræðslukvöldi á **Café Rót** við Hafnarstræti. Nánari upplýsingar á www.lifanafengis.is.


John Rutter
Magnificat
Söngsveitin Fílharmónía
Kór Fella- og Hólakirkju
Lúðrasveit verkalýðsins
Einsöngvari
Nanna María Cortes
Stjórnandi
Snorri Heimisson
Fella- og Hólakirkja
6. og 7. febrúar 2010 kl. 17
Aðgöngumiðar í 12 Tónum, hjá kórfélögum, hljóðfæraleikurum og við innganginn
www.filharmonia.mi.is





Íslendingar

Ljósmyndasýning í Þjóðmenningarhúsinu

Sýningin er úrval af myndum úr samnefndri bók eftir þau Unni Jökulsdóttur, rithöfund, og Sigurgeir Sigurjónsson, ljósmyndara. Þau einsettu sér að reyna að fanga þjóðarsálina í myndum og texta og fóru vítt og breitt um landið í tvö ár, heimsóttu fólk, spjölluðu við það og tóku myndir. Árangurinn er einstaklega áhugavert safn mynda af stórbrotnu landslagi og fólkinu sem býr á annesjum eða heiðabýlum, í afskekktum dölum og fáförnum fjörðum. Sýningin er opin daglega kl. 11 – 17.

Þjóðmenningarhúsið
Hverfisgötu 15, 101 Reykjavík
sími 545 1400 • www.thjodmenning.is

IÐNÓ
TILBRIGÐI VIÐ STEF
eftir Þór Rögnvaldsson
Stef: Hin sterkari eftir Strindberg
Næstu sýningar: 4/2, 6/2, 11/2, 14/2, 21/2, 25/2, 27/2 – kl. 20
Fbl.★★★★★ Elísabet Brekkan
*Klassískt verk fullt af leikgleði.*
Mbl. ★★★ Ingibjörg Þórisdóttir
*Leikstjóranum Ingu Bjarnason tekst vel upp enda enginn nýgræðingur í faginu.*
Sími: 562 9700 kl. 11–16 og tveim tímum fyrir sýningu – www.midi.is

LAB LOKI OG HAFNARFJARÐARLEIKHÚSIÐ KYNNA:
Ufsagrýlur
EFTIR SJÓN
FRUMSÝNT Í KVÖLD! UPPSELT
Næstu sýningar
Sunnudaginn 7. febrúar
Fimmtudaginn 11. febrúar
Sunnudaginn 14. febrúar
TAKMARKAÐUR SÝNINGAFJÖLDI
MIÐASALA Á MIDI.IS OG 555-2222

## > ÆTLAR EKKI AÐ VERÐA PABBI

**Leonardo DiCaprio** ætlar ekki að stofna fjölskyldu og eignast barn á næstunni. „Ég er ekki það gamall. Líffræðilega klukkan mín er ekki farin að tikka enn þá. Ég vil að örlögin ráði því hvort og þá hvenær ég verði faðir,“ sagði hinn 35 ára leikari sem er í sambandi með ísraelsku fyrirsætunni Bar Refaeli.



# Fólk

folk@frettabladid.is

# Benedikt ofkældist ekki

„Við erum að reyna að gera sjósundið sem öruggast og leiðbeina þeim sem koma nýir inn í þetta,“ segir Benedikt Hjartarson, formaður Sjósunds- og sjóbaðsfélags Reykjavíkur.

Fréttablaðið greindi frá því á miðvikudag að Karl Sigurðsson, einnig þekktur sem Karl West, formaður sjósundsselskapar Kaffibarsins, hafi verið fluttur kaldur á spítala eftir sjósund á dögunum. Nokkrir höfðu samband við Benedikt og höfðu áhyggjur af því að hann hefði verið sá kaldi, en hann hefur verið í forsvari fyrir því að fólk fari varlega í sjósundi.

„Við í félaginu höfum verið að beita okkur fyrir því að fólk fari varlega og fari aldrei einsamalt út í sjó. Starfsólk niður frá hefur líka fylgst með ásamt því að við fylgjumst með hvert öðru.“

Ekki er langt síðan sjósundsáhugi kviknaði á Íslandi, en Benedikt segir að engin stórslys hafi orðið á fólki síðan. „En það hefur gerst að fólk komi vannært eða ósofið og þá gerist það stundum að það fær blóðsykurs- eða blóðþrýstingsfall og líður illa í smá tíma – kólnar eða fær yfirliðstilfinningu,“ segir hann og beinir til fólks að fara hvorki svangt né ósofið í sjóinn.

- afb



**REYNDUR** Benedikt er ekki formaðurinn sem ofkældist á dögunum.

# Mentell deyr í bílslysi

Leikarinn William Shatner er afar sorgmæddur yfir dauða leikarans Justins Mentells sem lést í bílslysi á mánudag, aðeins 27 ára að aldri. Shatner lék á móti Mentell í hinum vinsælu sjónvarpsþáttum Boston Legal. „Það var mjög sorglegt að heyra um Justin Mentell. Hann hefði getað náð mjög langt. Ég vil senda samúðarkveðjur til fjölskyldu hans,“ skrifaði Shatner á Twitter-síðu sína. Mentell lék lögfræðinginn Garret Wells í Boston Legal frá 2005 til 2006. Hann lék einnig í nokkrum kvikmyndum, þar á meðal G-Force. Lögreglan í Iowa segir Mentell ekki hafa verið í bílbelti þegar bifreið hans skall á tré.



**JUSTIN MENTELL**

# Handtöskur fyrir Haítí

Leikkonan Scarlett Johansson hefur hannað nýja tegund af handtöskum til styrktar fórnarlömbum jarðskjálftans á Haítí. Töskurnar eru unnar í samstarfi við fyrirtækið Mango og koma í verslanir í mars. Allur ágóðinn af töskusölunni rennur til samtakanna Oxfam. „Ég er mjög ánægð með að starfa með Mango við að hanna neysluvöru sem vekur fólk til umhugsunar og um leið styrkja sjóð Oxfams vegna jarðskjálftanna á Haítí og með því að kaupa þessa tösku veitirðu fólki lífsnauðsynlega aðstoð,“ sagði Johansson.



**SCARLETT JOHANSSON**

# Eiður Smári í klóm breskra fjölmiðla

**Eiður Smári Guðjohnsen, fyrrverandi fyrirliði íslenska landsliðsins og leikmaður Tottenham, er í kastljósi bresku pressunnar um þessar mundir eftir að breska blaðið The Sun hélt því fram að hann hefði átt í ástarsambandi við undirfatafyrirsætuna Vanessu Perroncel.**

Samkvæmt The Sun heldur því fram að ástarsamband Eiðs Smára og Vanessu hafi átt sér stað árið 2003 og staðið yfir í sjö mánuði. Ítarlegt viðtal við leigjanda Vanessu, Lindu Wardley, var að finna á vefsíðu The Sun í gær en málið vakti gríðarlega athygli og var meðal annars fjallað um það á vef Times of India. Bæði Eiður Smári og Vanessa hafa neitað því staðfastlega að fréttir The Sun séu sannar og Vanessa hélt því fram í gær að þetta mál hefði eyðilagt orðspor sitt. „Þessar fréttir eru langt frá því að vera sannar og ég er búin að vera grátandi frá því að þær birtust fyrst,“ sagði Vanessa í samtali við breska blaðið Daily Mail. Eggert Skúlason, upplýsingafulltrúi Eiðs Smára hér á landi, sagðist ekki ætla að tjá sig um málið.



**ERFIÐIR TÍMAR** Umfjöllun The Sun um Eið Smára sýnir hversu frægur hann er á Bretlandseyjum að mati Andrésar Jónssonar almannatengils.

Gula pressan í Bretlandi er þekkt fyrir allt annað en linkind við þekkt fólk og innan The Sun er meðal annars starfrækt sérstök lögfræðideild til að taka á þeim málum sem berast vegna frétta blaðsins. Sveinn H. Guðmarsson, útvarpsmaður á Rás 2, var lengi búsettur í London en hann segir það ekki einskorðað við hin svokölluðu götublöð að fjalla um einkalíf opinberra persóna og fræga fólksins. „Það er hefð fyrir því í bresku fjölmiðlalífi að ganga tiltölulega nærri einkalífi þess og það er ekkert eingöngu bundið við hina svokölluðu „gulu pressu“. Þessi virtu tímarit á borð við Times og Guardian hafa líka fjallað um framhjáhöld yfirstéttarinnar og annað slíkt á sínum síðum,“ segir Sveinn.

Hann segir hin svokölluðu götublöð vera ákaflega mikið lesin í Bretlandi, The Sun sé til að mynda enn mest selda blað landsins. „Þau hafa kannski ekki mikinn trúverðugleika og blöð á borð við The Sun eru alveg ófeimin við að birta eitthvað, lenda í málsókn og tapa henni því þegar öllu er á botninn hvolft kaupir fólk þetta,“ segir Sveinn og bætir því við að Bretar séu ekki jafn hörundsárir fyrir hönd annarra og Íslendingar þegar einhver þjóðþekktur einstaklingur lendir á síðum blaðanna fyrir eitthvað misjafnt í einkalífinu. „Bretarnir verða ekki reiðir fyrir hönd einhvers þegar gengið er á einkalíf opinberrar manneskju. Þeir eru einfaldlega vanir því.“

Andrés Jónsson almannatengill bendir á Vanessa Perroncel sé skjólstæðingur Max Clifford en hann sérhæfir sig í að koma fólki á framfæri. „Clifford hefur viðurkennt að hafa matað fjölmiðla á fréttum af skjólstæðingum sínum og að sumar séu sannar og aðrar lognar. Allt er þetta gert í þágu þess að koma viðkomandi komist í kastljós fjölmiðla og svo spila fjölmiðlarnir auðvitað með því þetta selur blöðin.“ Andrés segir að umfjöllun The Sun um Eið Smára sýni hversu mikil stjarna Eiður sé á Bretlandi. „Meðferðin á honum er sú sama og önnur stór nöfn hafa fengið.“

freyrgigja@frettabladid.is

## EIÐUR SMÁRI Á SÍÐUM BRESKU GÖTUBLAÐANNA



**September 2001:**
Breskir fjölmiðlar greina frá því að Eiður Smári og félagar hans úr Chelsea hafi verið með drykkjulæti á Heathrow-hótelinu skömmu eftir árásirnar á **Tvíburaturnana.** Með Eiði á barnum voru þeir Jody Morris, Frank Lampard og John Terry. Hótelið var þá fullt af Bandaríkjamönnum sem fylgdust með fréttaflutningi frá New York, harmi slegnir.

**Janúar 2003:**
Eiður Smári viðurkennir í breskum fjölmiðlum að hann hafi eytt rúmlega fjögur hundruð þúsund pundum í rúllettu-spil á fimm mánuðum. Eiður sagði í samtali við fjölmiðla að honum hefði einfaldlega leiðst.



**Febrúar 2003:**
Breska blaðið Sunday Mirror heldur því fram að Eiður hafi átt í ástarsambandi við íslensku fyrirsætuna **Ósk Norðfjörð** og að hún beri barn hans undir belti. Eiður neitaði því staðfastlega.



**Febrúar 2005:**
Breskir fjölmiðlar greina frá því að Eiður Smári hafi verið handtekinn af lögreglunni í London á **BMW-bifreið** sinni, grunaður um ölvunarakstur. Hann var aldrei dæmdur sekur fyrir ölvunarakstur.

**Janúar 2010:**
News of the World greinir frá sambandi Johns Terry við undirfatafyrirsætuna **Vanessu Perroncel**. Í kjölfarið birtir breska blaðið The Sun svo frétt um að Perroncel hafi átt í ástarsambandi við fimm leikmenn Chelsea, þeirra á meðal sé Eiður Smári.

Gallerí Fold · þekkt fyrir trausta þjónustu

Listmunauppboð í Galleríi Fold

fer fram mánudaginn 8. febrúar, kl. 18.15 í Galleríi Fold, á Rauðarárstíg



Erró

Á uppboðinu er úrval góðra verka, meðal annars fjölmörg verk gömlu meistaranna

Verkin verða sýnd: í dag föstudag 10–18, laugardag 11–17, sunnudag 12–17 og mánudag 10–17

Hægt er að skoða uppboðsskrána á myndlist.is

LISTMUNASALA fold

Rauðarárstígur 14 · sími 551 0400 · www.myndlist.is

www.MAGADANS.is
2 fyrir 1
tilboð



Byrjar
8. febrúar
s.772.2345
Bollywood-Magadans
við getum það!



**TÖFFARAR** The Strokes eru að taka upp nýja plötu í þessum skrifuðu orðum.

# The Strokes í hljóðver á ný

**New York-sveitin The Strokes er byrjuð að taka upp sína fjórðu breiðskífu. Strákarnir hafa fengið í lið með sér upptökustjórann Joe Chiccarelli og upptökur fara að sjálfsögðu fram í stóra eplinu.**

**Chiccarelli er enginn viðvaningur í bransanum, hann hefur meðal annars starfað með Björk Guðmundsdóttur, U2 og Beck.**

**The Strokes sendu síðast frá sér plötuna First Impressions of Planet Earth árið 2006.**

Nikon

# SCHOOL



## VILTU VERÐA BETRI LJÓSMYNDARI?

Í Nikon skólanum er boðið upp á námskeið fyrir þá sem vilja læra betur á Nikon D-SLR* myndavélina sína og á sama tíma verða betri ljósmyndarar.

**NÆSTU NÁMSKEIÐ:**

10. febrúar 25. febrúar 10. mars 15. mars

Námskeiðin fara fram í Norræna húsinu og byrja kl. 19.00.
Hvert námskeið er tvær og hálf klukkustund. Kennari er Pétur Thomsen.

**» Skráðu þig á www.nikonschool.se/iceland**

*Kennt er á D40, D40X, D60, D80, D90, D3000 og D5000 myndavélar keyptar af viðurkenndum Nikon söluaðilum á Íslandi.
Heimilistæki er umboðsaðili fyrir Nikon neytendavörur á Íslandi.

NÝTT Í BÍÓ

LAUGARÁS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus




LAUGARÁS BÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| EDGE OF DARKNESS | kl. 5.40, 8 og 10.20 | 16 |
| IT'S COMPLICATED | kl. 5.40, 8 og 10.20 | 12 |
| SKÝAÐ MEÐ KJÖTBOLLUM... 3D | kl. 3.50 - Ísl. tal | L |
| ALVIN OG ÍKORNARNIR 2 | kl. 4 - Ísl. tal | L |
| MAMMA GÓ GÓ | kl. 3.50 | 10 |
| AVATAR 3D | kl. 6 og 9 | 10 |






SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| THE BOOK OF ELI | kl. 8D - 10:30D | 16 |
| THE BOOK OF ELI | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | VIP |
| AN EDUCATION | kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:30 | L |
| WHERE THE WILD THINGS ARE | kl. 3:40 - 5:50 | 7 |
| UP IN THE AIR | kl. 8 - 10:20 | L |
| PLANET 51 M/ ísl. Tali | kl. 3:40D - 5:50D | L |
| SHERLOCK HOLMES | kl. 5:20 - 8 - 10:40 | 12 |
| BJARNFREÐARSON | kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:30 | L |

SPARBÍÓ KR 600 Á SÝNINGAR MERKTAR MEÐ APPELSÍNUGULU

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| MAYBE I SHOULD HAVE | kl. 5:50 - 8 | L |
| THE BOOK OF ELI | kl. 5:50D - 8:10D - 10:10D | 16 |
| IT'S COMPLICATED | kl. 8 - 10:30 | 12 |
| SHERLOCK HOLMES | kl. 10:40D | 12 |
| PLANET 51 M/ ísl. Tali | kl. 3:40D | L |
| BJARNFREÐARSON | kl. 3:40 - 5:50 | L |
| PRINSESSAN OG FROSKURINN M/ ísl. Tali | kl. 3:40 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| MAYBE I SHOULD HAVE | kl 6 | L |
| THE BOOK OF ELI | kl. 8 - 10:20 | 16 |
| BJARNFREÐARSON | kl 5:40 | L |
| WHIP IT | kl. 8 | L |
| SHERLOCK HOLMES | kl. 10:20 | 12 |

NÝTT Í BÍÓ!







SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| EDGE OF DARKNESS | kl. 8 - 10.30 | 16 |
| EDGE OF DARKNESS LÚXUS | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |
| IT´S COMPLICATED | kl. 8 - 10.35 | 12 |
| SKÝJAÐ MEÐ KJÖTBOLLUM 3D | kl. 3.40 - 5.50 | L |
| SKÝJAÐ MEÐ KJÖTBOLLUM 2D | kl. 3.40 - 5.50 | L |
| DYHAT MORGANS | kl. 10 | 7 |
| MAMMA GÓGÓ | kl. 6 - 8 | L |
| AVATAR 3D | kl. 4.40 - 8 | 10 |
| ALVIN OG ÍKORNARNIR 2 | kl. 3.50 | L |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| NINE | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | L |
| SKÝJAÐ MEÐ KJÖTBOLLUM 3D | kl. 5.50 | L |
| IT´S COMPLICATED | kl. 5.30 - 8 - 10.35 | 12 |
| MAMMA GÓGÓ | kl. 6 - 8 - 10 | L |
| AVATAR 3D | kl. 8 | 10 |

facebook.com/smarabio
AÐDÁENDUR GETA UNNIÐ BÍÓKORT ÚT ÁRIÐ, BOÐSMIÐA Á FORSÝNINGAR O.M.FL.

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

| | | |
|---|---|---|
| NINE | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | L |
| CLOUDY WITH MEATBALLS 2D | kl. 5.50 - 8 - 10.10 enskt tal | L |
| SKÝJAÐ MEÐ KJÖTBOLLUM 2D | kl. 5.50 íslenskt tal | L |
| HARRY BROWN | kl. 10.35 | 16 |
| THE ROAD | kl. 8 - 10.20 | 16 |
| ALVIN & ÍKORNARNIR 2 | kl. 6 íslenskt tal | L |
| JULIE & JULIA | kl. 8 | L |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| EDGE OF DARKNESS | kl. 8 - 10.10 | 16 |
| SKÝJAÐ MEÐ KJÖTBOLLUM 2D | kl. 6 | L |
| IT´S COMPLICATED | kl. 5.50 - 10.10 | 12 |
| AVATAR 2D | kl. 10.10 | 10 |


# Paris Hilton tvisvar mynduð í íslenskum skóm á röltinu

**Hótelerfinginn Paris Hilton gekk um götur Los Angeles og Salt Lake City í skóm frá Gyðju Collection í vikunni. Hönnuðurinn Sigrún Lilja fékk fréttirnar frá stílista Parisar og trúði varla sínum eigin augum þegar hún sá myndirnar.**

„Það var ótrúlega góð tilfinning að fá svona góðar fréttir og myndir frá stílista Parisar Hilton. Ég þurfti að nudda augun nokkrum sinnum því að þetta var svo óraunverulegt," segir Sigrún Lilja í Gyðju.

Paris Hilton var stödd á Sundance-kvikmyndahátíðinni í Salt Lake City í síðustu viku. Hún var að sjálfsögðu hundelt af ljósmyndurum, sem náðu myndum af henni í íslenskum skóm frá Gyðju Collection. Hún var svo komin í aðra skó úr sömu línu í Los Angeles í vikunni þegar ljósmyndarar fylgdu henni í göngutúr með einum af hennar fjölmörgu hundum.

Fréttablaðið greindi nýlega frá því að Paris hafi fengið vörur frá Gyðju og klæðst í nýrri seríu af raunveruleikaþættinum My Bff sem verður sýndur á sjónvarpsstöðinni MTV á næstunni. „Paris Hilton er að mínu mati mjög mikil fyrirmynd þegar kemur að tísku um allan heim og auðvitað er hvert hennar fótmál myndað," segir Sigrún Lilja. „Paris varð svo hrifin af skónum að hún ákvað að geyma vörurnar í fataskápnum sínum til að eiga möguleika á því að nota þá við hin ýmsu tilefni."

atlifannar@frettabladid.is




**PARIS Í GYÐJUSKÓM** Paris sést hér á vappi um götur Salt Lake City og Los Angeles í skóm frá íslenska merkinu Gyðja Collection. Hönnuðurinn Sigrún Ósk vinnur að því að markaðssetja skóna og hefur einnig samið við Kylie Minogue og Anitu Briem.



**SKÓRNIR** Skófatnaðurinn frá Gyðju hefur vakið mikla athygli.

# Ringo fann loksins Guð

Bítillinn Ringo Starr segist loksins hafa fundið Guð eftir fjörutíu ára leit. Hann segir að sín andlega hlið fái að njóta sín á nýjustu plötu sinni Y Not.

„Eftir að hafa leitað í langan tíma snýst þetta allt saman um að finna sjálfan sig. Hvað mig varðar þá er Guð hluti af mínu lífi," sagði Ringo í viðtali við Los Angeles Times. „Ég held að þessi leit hafi staðið yfir síðan á sjöunda áratugnum. Ég missti fótanna í mörg ár en komst á beinu brautina aftur, þökk sé Guði," sagði hann og átti þar við drykkjutímabil sitt á áttunda áratunum. Þrátt fyrir að Ringo verði sjötugur í ár er hann ekki jafnhræddur nú og þegar hann komst á fimmtugsaldurinn. „Að verða fertugur var hræðilegt. Ég er að verða sjötugur og ég væri alveg til í að nálgast fertugsaldurinn en það er víst ekki að fara að gerast," sagði hann og bætti við: „Því eldri sem ég verð því meira læri ég um hvað lífið snýst um."



**RINGO STARR** Ringo hefur fundið Guð eftir fjörutíu ára leit. Nýjasta platan hans nefnist Y Not.


DEN SØDE RØDE!

Vasaorðabókin komin í kilju

íslensk-dönsk dönsk-íslensk

- Handhæg, nett og yfirgripsmikil
- Um 39.000 uppflettiorð
- Yfir 13.000 dæmi um málnotkun




FORLAGIÐ
www.forlagid.is



HANN SVÍFST EINSKIS TIL ÞESS AÐ HEFNA DÓTTUR SINNAR
...ÞAÐ SLEPPUR ENGINN
UNDAN HEFNDINNI
MEL
GIBSON
EDGE OF
DARKNESS
FRÁ LEIKSTJÓRA „CASINO ROYALE“
10. HVER
VINNUR!
FRUMSÝND Í DAG!
SENDU SMS SKEYTIÐ
ESL EDV Á NÚMERIÐ 1900
OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ MIÐA!
FULLT AF AUKAVINNINGUM
TÖLVULEIKIR · DVD MYNDIR · PEPSI MAX
OG MARGT FLEIRA!
Vinningar afhentir í ELKO Lindum. 149 kr/skeytið.
Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb.
MEL GIBSON
EDGE OF
DARKNESS
BÍÓMIÐI
SMS
LEIKUR

### > Atli á leið til Tromsø

Sóknarmaðurinn Atli Guðnason hjá FH, sem var valinn besti leikmaður Pepsi-deildarinnar síðasta sumar, er á leiðinni út til skoðunar hjá norska félaginu Tromsø en þetta kom fram á heimasíðu félagsins í gær. Morten Kræmer, yfirmaður knattspyrnumála hjá Tromsø, segir að Tryggvi Guðmundsson, sem lék um tíma með norska félaginu, hafi bent því á Atla. Að því er fram kemur á heimasíðunni eru FH og Tromsø þegar búin að ná saman um kaupverð og því í raun undir Atla komið hvort af félagaskiptunum verður en Atli fer út til Noregs á sunnudag.



# sport

sport@frettabladid.is

**ÁSGEIR ÖRN HALLGRÍMSSON:** SAMDI VIÐ DANSKT B-DEILDARLIÐ FRAM Á NÆSTA SUMAR

## *Mikill léttir að hafa fundið nýtt félag*



Landsliðsmaðurinn Ásgeir Örn Hallgrímsson fékk nýja vinnu í gær þegar hann samdi við danska B-deildarliðið Faaborg HK. Ásgeir Örn missti vinnuna sína þegar hann var staddur með íslenska landsliðinu á EM í Austurríki en þá fór félag hans, GOG, í gjaldþrot. Þjálfari liðsins var einmitt landsliðsþjálfari Íslands, Guðmundur Guðmundsson.

„Þetta kom mjög fljótt upp. Ég var með einhver tilboð í upphafi vikunnar. Sum þeirra duttu af borðinu, önnur ekki spennandi og þetta stóð eftir sem fýsilegasti kosturinn á endanum þannig að ég skellti mér á þetta," sagði Ásgeir Örn við Fréttablaðið í gær en hann segir einnig skipta máli að félagið er í nágrenni við núverandi heimili hans á Fjóni.

„Ég get búið á sama stað enda er þetta félag aðeins í 20 kílómetra fjárlægð. Það er gríðarlegur kostur því maður var farinn að búa sig undir að þurfa að pakka og flytja sem er ekki það skemmtilegasta," segir Ásgeir Örn og ekki skemmir fyrir að hann fær fínan samning hjá félaginu.

„Það kom mér á óvart hvað ég fékk fínan samning hjá félaginu og stend nánast í stað í launum þó svo ég lækki mig um eina deild. Þetta félag ætlar sér upp í vor og ætlar greinilega að tjalda öllu til þess að ná því takmarki sínu. Við erum núna þrír frá GOG sem höfum samið við þetta félag," segir Ásgeir en danski landsliðsmaðurinn Kasper Nielsen hefur einnig samið við Faaborg en hann var með hæstlaunuðu leikmönnum dönsku deildarinnar.

„Það var mikill léttir að finna sér lið. Ég get ekki neitað því. Þetta var búið að hvíla þungt á manni og óþægilegt að vita ekki hvað tekur við. Það verður ánægjulegt að fá aftur laun um næstu mánaðamót," segir Ásgeir Örn en hvað með framhaldið næsta sumar?

„Það er óráðið. Það var eðlilega í forgangi að finna sér félag fram á sumar en eftir það er ég í raun opinn fyrir öllu. Ég hef það gott og er ánægður í Danmörku en það væri líka gaman að fara aftur til Þýskalands," segir Ásgeir Örn Hallgrímsson.

### *IE-deild karla:*

**Grindavík-KR 84-67**
Stig Grindavíkur: Þorleifur Ólafsson 19, Ómar Sævarsson 15, Darrell Flake 15, Páll Axel Vilbergsson 14, Ólafur Ólafsson 11, Guðlaugur Eyjólfsson 7, Arnar Freyr Jónsson 3.
Stig KR: Brynjar Þór Björnsson 16, Semaj Inge 13, Tommy Johnson 11, Fannar Ólafsson 11, Finnur Alti Magnússon 7, Skarphéðinn Ingason 4, Pavel Ermolinski 3, Darri Hilmarsson 2.

**Snæfell-Keflavík 106-86**
Stig Snæfells: Hlynur Bæringsson 30 (17 frák.), Sean Burton 28, Sigurður Þorvaldsson 21, Jón Ólafur Jónsson 18, Emil Jóhannsson 7.
Stig Keflavíkur: Hörður Axel Vilhjálmsson 21, Sigurður Þorsteinsson 21, Gunnar Einarsson 16, Draelon Burns 12, Þröstur Jóhannsson 10,.

**ÍR-Breiðablik 86-100**
Stig ÍR: Michael Jefferson 26, Hreggviður Magnússon 25, Nemanja Sovic 19, Ásgeir Hlöðversson 8, Steinar Arason 6, Ólafur Þórisson 2.
Stig Breiðabliks: Jeremy Caldwell 25, Daníel Guðmundsson 24, Jonathan Schmidt 19, Hjalti Friðriksson 13, Gylfi Geirsson 10, Aðalsteinn Pálsson 4, Ágúst Angantýsson 2.

**STAÐA EFSTU LIÐA:**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **KR** | **15** | **12** | **3** | **1406-1218** | **24** |
| Snæfell | 15 | 11 | 4 | 1416-1215 | 22 |
| **Njarðvík** | **14** | **11** | **3** | **1259-1068** | **22** |
| Keflavík | 15 | 11 | 4 | 1363-1184 | 22 |
| **Grindavík** | **15** | **10** | **5** | **1415-1227** | **20** |
| Stjarnan | 14 | 10 | 4 | 1310-1129 | 20 |






# Við völdum skotin fyrir þá

**KR-ingar tefldu fram Pavel Ermolinski í fyrsta skipti í Grindavík í gær en það kom ekki í veg fyrir að varnarsinnaðir Grindvíkingar stöðvuðu toppliðið.**

**KÖRFUBOLTI** Grindvíkingar eru ekki búnir að segja sitt síðasta í toppbaráttu Iceland Express-deildar karla og minntu vel á sig með sannfærandi 17 stiga sigri á toppliði KR, 84-67, í Grindavík í gær.

Grindvíkingar hafa gengið í gegnum mörg meiðsli og vonbrigði það sem af er tímabilinu en það er ljóst á frammistöðu liðsins í gær, án Brentons Birminghams, að það verður ekki litið framhjá þeim í baráttunni um stóru titlana í vetur.

„Við spiluðum vörnina mjög vel og mjög skynsamlega. Við völdum skotin fyrir þá í þessum leik og það hjálpaði okkur í gegnum leikinn. Þeir spiluðu nánast eins og við áttum von á. Sóknarleikurinn okkar var aldrei fallegur hjá okkur í þessum leik og við náðum aldrei flæði en við lifðum á vörn í þessum leik og það er nýbreytni í Grindavík," sagði Friðrik Ragnarsson, þjálfari Grindavíkur.



**MESSA** Friðrik Ragnarsson, þjálfari Grindavíkur, les hér yfir sínum mönnum í gær.
FRÉTTABLAÐIÐ/ÓÓJ

KR-ingar tefldu fram Pavel Ermolinski í fyrsta sinn í gær og gekk ágætlega þegar hann var inn á en Pavel lenti í villuvandræðum og spilaði ekkert síðustu sjö mínútur leiksins eftir að hafa fengið sína fimmtu villu.

Það versta við innkomu Pavels var að hinn leikstjórnandi liðsins, Semaj Inge, fann sig tilneyddan til að skjóta skelfilegum skotum í gríð og erg allan leikinn. Grindvíkingar gáfu honum skotin og hann leysti það ekki betur en að klikka á 19 af 23 skotum sínum. Fyrirliði KR-liðsins, Fannar Ólafsson, var heldur ekki sáttur við sinn mann.

„Við vorum að hitta skelfilega og það er greinilegt að það ætluðu leikmenn að taka leikinn yfir sem höfðu ekki hausinn í það," sagði Fannar.

KR-ingar misstu Grindavík frá sér í byrjun leiks en komu sér aftur inn í leikinn fyrir hálfleik og voru einu stigi yfir í leikhléi, 41-42. Grindvíkingar skoruðu hins vegar 8 af fyrstu tíu stigum seinni hálfleiks og tóku aftur frumkvæðið sem þeir létu aldrei af hendi.

„Það var eitthvað skrítið í gangi og þá sérstaklega í byrjun seinni hálfleiks. Við komumst ekki út úr því slömpi. Þeir lokuðu teignum í seinni hálfleik og áttu sigurinn fyllilega skilið," sagði Fannar.

Þorleifur Ólafsson átti frábæra innkomu í Grindavíkurliðið í gær eftir meiðsli og Friðrik var líka sáttur við sinn mann sem skoraði 19 stig og gaf tóninn í baráttu og vinnusemi. „Lalli er gríðarlega mikilvægur fyrir okkar lið og eitt af þessum akkerum í okkar liði. Það er gleðiefni að fá hann inn aftur. Við bíðum síðan eftir því að frá Brenton inn líka og þá erum við orðnir fullskipaðir," sagði Friðrik að lokum en Þorleifur var besti maður Grindvíkinga ásamt Ómari Sævarssyni. ooj@frettabladid.is

FH-ingar ekki í neinum vandræðum með Akureyri:

# Andlausir Akureyringar

**HANDBOLTI** FH byrjar vel eftir EM-fríið í N1-deild karla en liðið innbyrti tvö afar mikilvæg stig þegar Akureyri kom í heimsókn í gær. Yfirburðir FH miklir í leiknum og liðið vann síst of stóran sigur, 33-25.

Það var ekki að sjá á Akureyrarliðinu að leikurinn væri afar mikilvægur. Leikmenn virtust ekki hafa neinn áhuga á verkefninu. Leikmenn voru áhuga- og andlausir og maður spurði sig að því af hverju þeir voru eiginlega að standa í því að fljúga í bæinn til þess að spila? Þeir höfðu nákvæmlega engan áhuga á verkefninu.

FH-ingar voru aftur á móti rétt stilltir og gáfu Akureyingum ekkert ókeypis. Um miðjan fyrri hálfleik fór bilið á milli liðanna að breikka og mest náðu FH-ingar tólf marka forskoti í síðari hálfleik. Leiknum var í raun lokið snemma í síðari hálfleik.

„Ég fann að jólasteikin að norðan var enn að taka í framan af. Þeir skutu ekki vel á markið og í kjölfarið datt ég í gang og var að halda mér vel," sagði Húsvíkingurinn Pálmar Pétursson sem fór hamförum í marki FH-inga og



**VARNARLAUSIR** Akureyri mætti til leiks með einn markvörð og Heimir Örn fór í markið er Hafþór fékk brottvísun
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

varði 24 skot þó svo hann hefði ekki leikið síðustu tíu mínúturnar í leiknum.

Rúnar Sigtryggsson, þjálfari Akureyrar, var nánast orðlaus eftir leikinn og vissi ekki hvað hann átti eiginlega að segja um frammistöðu síns liðs sem var skelfilegt.

„Ég hélt við myndum mæta með meira hjarta til leiks en við gerðum. Þetta var fyrir neðan allar hellur hjá okkur," sagði Rúnar svekktur. - hbg

## ÚRSLIT

### *N1-deild karla:*

**FH-Akureyri 33-25 (14-9)**
Mörk FH (skot): Ólafur Gústafsson 6 (14), Ólafur Guðmundsson 5 (7), Bjarni Fritzson 5/3 (9/3), Ásbjörn Friðriksson 5 (8), Jón H. Gunnarsson 4 (4), Benedikt Kristinsson 4 (6), Bjarki Sigurðsson 1 (5), Ari Þorgeirsson 1 (3), Örn I. Bjarkason 1 (2)
Varin skot: Pálmar Pétursson 24, Daníel Andrésson 4/1.
Mörk Akureyri (skot): Oddur Gretarsson 6/2 (10/3), Heimir Örn Árnason 4 (7), Andri Stefánsson 3 (5/1), Jónatan Magnússon 3/1 (10/2), Guðmundur Helgason 2 (6), Árni Sigtryggsson 2 (11), Hörður Sigþórsson 2 (2), Geir Guðmundsson 1 (1), Hreinn Hauksson 1 (1), Halldór Árnason 1 (1).
Varin skot: Hafþór Einarsson 23, Heimir Örn Árnason 1.

**Haukar-Fram 30-25**
Mörk Hauka: Guðmundur Árni Ólafsson 9, Sigurbergur Sveinsson 7, Elías Halldórsson 3, Björgvin Hólmgeirsson 3, Freyr Brynjarsson 2, Heimir Óli Heimisson 2, Pétur Pálsson 1, Jónatan Jónsson 1, Gísli Þórisson 1, Þórður Guðmundsson 1.
Mörk Fram: Halldór Sigfússon 7, Einar Eiðsson 6, Haraldur Þorvarðarson 5, Daníel Berg Grétarsson 3, Guðjón Drengsson 1, Andri Berg Haraldsson 1, Róbert Aron Hostert 1, Hákon Stefánsson 1.

**Grótta-Valur 26-27**

**STAÐA EFSTU LIÐA:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Haukar** | **10** | **7** | **2** | **2** | **252-229** | **16** |
| Valur | 10 | 6 | 1 | 3 | 250-236 | 13 |
| **FH** | **10** | **6** | **1** | **3** | **288-263** | **13** |
| HK | 9 | 5 | 1 | 3 | 234-220 | 11 |
| **Akureyri** | **10** | **5** | **1** | **4** | **245-248** | **11** |
| Grótta | 10 | 4 | 0 | 6 | 255-264 | 8 |

# Yfirburðir Fréttablaðsins aldrei meiri!

## Fréttablaðið er með **212%** meiri lestur en Morgunblaðið.

Munur á lestri Fréttablaðsins og Morgunblaðsins hefur aldrei verið meiri eins og nýjasta könnun Capacent Gallup sýnir.

Við erum auðvitað rífandi stolt af þessum góða árangri og bendum auglýsendum á að notfæra sér forskot okkar þegar þeir velja auglýsingamiðil.

**23,7%**



**MORGUNBLAÐIÐ**

**73,8%**



**FRÉTTABLAÐIÐ**




**Allt sem þú þarft...**

Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18 – 49 ára.
Könnun Capacent í nóvember 2009 – janúar 2010.

> **Mike Myers**

„Ég tek kjánaskap minn mjög alvarlega enda byggi ég mitt lifibrauð á honum.“

***Myers fer með hlutverk Waynes í myndinni Wayne's World sem Stöð 2 sýnir í kvöld kl. 21.50.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ: FREYR GÍGJA GUNNARSSON DÝRKAR EKKI EDDUNA

# *Þetta verður samt allt í lagi*

Því hefur verið fagnað að RÚV ætli ekki að vera með beina útsendingu frá Eddunni, verðlaunum sjónvarps- og kvikmyndaakademíunnar. Glamúrinn og glysið sem hafa fylgt þessari hátíð eigi ekki heima í íslensku sjónvarpi enda sé íslenskur raunveruleiki laus við allt slíkt. Og þetta má til sanns vegar færa; Eddan á góðæristímabilinu var fáránlega hallærisleg þegar listamenn fetuðu í fótspor Hollywood-liðsins og mættu í galaklæðnaði. Asnalegt væri kannski betra orð. Íslenskir listamenn hafa ekki efni á slíku og vonandi mæta þeir í ár í búningum úr söngleiknum Oliver Twist því ef marka má fréttir síðustu daga af fjársvelti kvikmyndagerðarmanna er yfirvofandi gjaldþrot íslenska „bransans“.

Kolbrún Bergþórsdóttir benti á í pistli sínum nýverið að „á þessum hátíðum fær svo nokkurn veginn sama fólkið verðlaun ár eftir ár, ræðurnar eru oft kjánalegar og skemmtiatriðin stundum svo vandræðaleg að áhorfendur taka jafnvel fyrir augun“. Þetta á reyndar við um fleiri verðlaunahátíðir sem þó eru sýndar í beinum útsendingum úti um allan heim; Meryl Streep hefur til að mynda verið tilnefnd til Óskarsverðlauna alls sautján sinnum og sigurræðurnar í Kodak-höllinni eru svo væmnar að diet-kókið verður sykrað að nýju. Skemmtiatriðin á Óskarnum hafa heldur ekki verið neitt til að hrópa húrra fyrir; þau eru sjálfhverf og fyrirsjáanleg.

Engu síður er þetta fólkið sem skemmtir okkur dags daglega, hátt í sjötíu þúsund manns hafa borgað sig inn á Bjarnfreðarson og Mömmu Gógó og næstum því helmingur þjóðarinnar hefur séð Vaktar-seríurnar þrjár. Fólk horfir á íslenskt sjónvarpsefni og það er því kannski allt í lagi að kitla aðeins hégómagirndina þeirra með einni beinni útsendingu og þakka þeim fyrir skemmtunina.



**ALLT Í LAGI** Vonandi verður Eddan í takt við tímann, uppfull af kreppu og hugsanlegri slátrun íslenska kvikmyndabransans.

## FÖSTUDAGUR



▶ **18.30 Daily Show: Global Edition** STÖÐ 2 EXTRA



▶ **20.00 Dreamgirls** STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **20.10 Fyndnar fjölskyldumyndir** SKJÁREINN



▶ **21.00 Logi í beinni** STÖÐ 2



▶ **21.10 Tímavélin** SJÓNVARPIÐ

## SJÓNVARPIÐ

**16.00 Leiðarljós** (e)
**16.45 Leiðarljós** (e)
**17.30 Táknmálsfréttir**
**17.40 Bjargvætturinn** (23:26)
**18.05 Tóta trúður** (10:26)
**18.30 Galdrakrakkar** (8:13)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.10 Útsvar** Dalvíkurbyggð og Fjallabyggð eigast við í 16 liða úrslitum. Umsjónarmenn eru Sigmar Guðmundsson og Þóra Arnórsdóttir.
▶**21.10 Tímavélin** (Minutemen) Bandarísk fjölskyldumynd frá 2008. Þrír skólakrakkar finna upp tímavél til að forða öðru fólki frá sömu niðurlægingu og þeir hafa mátt þola. Aðalhlutverk: Jason Dolley, Luke Benward, Nicholas Braun og Chelsea Staub. (e)
**22.40 Hálfrökkur (Half Light)** Þýsk/bresk bíómynd frá 2006. Skáldkona flyst í smáþorp á Skotlandi til að ná áttum eftir sonarmissi en þar gerast undarlegir atburðir. Aðalhlutverk: Demi Moore, Henry Ian Cusick, Kate Isitt, Nicholas Gleaves og James Cosmo.
**00.30 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.20 Dreamgirls**
**08.30 The Truth About Love**
**10.00 The Groomsmen**
**12.00 The Last Mimzy**
**14.00 The Truth About Love**
**16.00 The Groomsmen**
**18.00 The Last Mimzy** Ævintýramynd fyrir alla fjölskylduna um systkinin Noah og Emmu sem finna dótakassa úr framtíðinni. Aðlhlutverk: Joely Richardson, Chris O'Neil og Rhiannon Leigh Wryn.
▶**20.00 Dreamgirls** Verðlaunamynd lauslega byggð á ferli The Supremes. Aðalhlutverk: Beyoncé Knowles, Jamie Foxx, Eddie Murphy og Jennifer Hudson.
**22.10 Blood Diamond** Spennumynd um blóðuga baráttu um demantaauðlindir í Afríku. Aðalhlutverk: Jennifer Connelly, Leonardo DiCaprio og Djimon Hounsou.
**00.30 Dr. No**
**02.30 Crank**
**04.00 Blood Diamond**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Flintstone krakkarnir, Gulla og grænjaxlarnir, Kalli litli Kanína og vinir og Ruff's Patch.
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors**
**10.15 The Apprentice** (12:14)
**11.05 America's Got Talent** (19:20)
**11.50 America's Got Talent** (20:20)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Extreme Makeover: Home Edition** (16:25)
**13.45 La Fea Más Bella** (122:300)
**14.30 La Fea Más Bella** (123:300)
**15.15 Identity** (12:12)
**16.00 Barnatími Stöðvar 2** Camp Lazlo, Kalli litli Kanína og vinir og Aðalkötturinn.
**17.08 Bold and the Beautiful** Forresterfjölskyldan heldur áfram að slá í gegn í tískubransanum.
**17.33 Nágrannar** Fylgjumst nú með lífinu í Ramsey-götu en þar þurfa íbúar að takast á við ýmis stór mál.
**17.58 The Simpsons** (1:25) Áttunda þáttaröðin um Simpson-fjölskylduna óborganlegu og hversdagsleika hennar.
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Auddi og Sveppi**
**20.00 Wipeout - Ísland**
▶**21.00 Logi í beinni** Laufléttur skemmtiþáttur í umsjón Loga Bergmann.
**21.50 Wayne's World** Gleðihrókarnir Wayne og Garth senda út geggjaðan sjónvarpsþátt um kapalkerfi úr bílskúrnum heima hjá sér. Þátturinn nýtur mikilla vinsælda og framkvæmdastjóri stórrar sjónvarpsstöðvar býður þeim vinnu.
**23.25 Extreme Dating** Fjórir vinir á þrítugsaldri leita að ástinni en ekkert gengur. Í skíðaferð kvikna ástarglæður hjá einum þeirra með fallegri stúlku eftir tilviljanakennt slys í skíðabrekkunni og hinir draga þá ályktun að öfgakenndar kringumstæður slyssins hafi fengið ástina til að blómstra.
**01.00 Brown Sugar**
**02.45 Happy Endings**
**04.55 Auddi og Sveppi**
**05.35 Fréttir og Ísland í dag**

## STÖÐ 2 SPORT *besta sætið*

**18.40 PGA Tour Highlights**
**19.35 Inside the PGA Tour 2010** Skyggnst á bak við tjöldin í PGA-mótaröðinni í golfi. Árið sem framundan er skoðað gaumgæfilega og komandi mót krufin til mergjar.
**20.00 Atvinnumennirnir okkar: Logi Geirsson** Í þessum þætti fá áhorfendur að kynnast Loga Geirssyni sem leikur með Lemgo í Þýskalandi.
**20.40 La Liga Report** Hitað upp fyrir leiki helgarinnar í spænska boltanum.
**21.10 UFC Live Events** Hitað upp fyrir Ultimate Fighter 10 en í þessum þætti verður skoðað hvort stærðin skiptir máli í þessari mögnuðu íþrótt. Hvort er betra að vera lágvaxinn eða hávaxinn?
**21.55 UFC 109 Countdown** Hitað upp fyrir UFC 109 þar sem mæta til leiks margir af grimmustu og færustu bardagamönnum heims í þessari mögnuðu íþrótt.
**22.35 World Series of Poker 2009** Sýnt frá World Series of Poker 2009 en þangað voru mættir til leiks allir bestu og snjöllustu pókerspilarar heims.
**23.25 Poker After Dark** Margir af snjöllustu pókerspilurum heims mæta til leiks í Texas Holdem.
**00.10 Poker After Dark**

## STÖÐ 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**17.00 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Liverpool og Bolton.
**18.40 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Birmingham og Tottenham.
**20.20 Coca Cola mörkin 2009/2010** Sýnt frá öllum leikjunum í Coca-Cola deildinni. Öll flottustu mörkin og tilþrifin á einum stað.
**20.50 Premier League World 2009/10** Enska úrvalsdeildin skoðuð frá ýmsum hliðum.
**21.20 Premier League Preview 2009/10** Hitað upp fyrir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni. Athyglisverðar viðureignir skoðaðar og viðtöl tekin við þjálfara og leikmenn.
**21.50 PL Classic Matches** Newcastle - Liverpool, 1998.
**22.20 PL Classic Matches** Newcastle - Sheffield Wednesday.
**22.50 Premier League Preview 2009/10** Hitað upp fyrir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni.
**23.20 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Wigan og Everton.

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**07.30 Game Tíví** (2:17) (e)
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Pepsi MAX tónlist**
**12.00 Game Tíví** (2:17) (e)
**12.30 Pepsi MAX tónlist**
**16.25 What I Like About You** (e)
**16.50 7th Heaven** (15:22)
**17.35 Dr. Phil**
**18.20 One Tree Hill** (5:22) (e)
**19.05 Still Standing** (9:20) Bandarísk gamansería um hina skrautlegu Miller-fjölskyldu.
**19.30 Fréttir**
**19.45 King of Queens** (3:25) (e)
▶**20.10 Fyndnar fjölskyldumyndir** (1:14)
**20.40 Ástríkur og Kleópatra** Stórskemmtileg leikin mynd með íslensku tali um Ástrík galvaska og vin hans Steinrík. Drottning Egyptalands, Kleópatra, veðjar við rómverska keisarann Júlíus Sesar um að hún geti látið byggja höll handa honum á þremur mánuðum og Ástríkur og Steinríkur blandast í málið. (e)
**22.25 30 Rock** (16:22) (e)
**22.50 High School Reunion** (5:8) (e)
**23.35 Leverage** (2:15) (e)
**00.25 The L Word** (2:12) (e)
**01.15 Saturday Night Live** (4:24) (e)
**02.05 Fréttir** (e)
**02.20 King of Queens** (3:25) (e)
**02.45 Premier League Poker** (5:15)
**04.25 Girlfriends** (12:23) (e)
**04.50 The Jay Leno Show** (e)

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Heimstjórn ÍNN, Jón Kristinn Snæhólm, Hallur Hallsson og Guðlaugur Þór Þórðarson, ræða um það sem er efst á baugi í þjóðfélaginu í dag.
**21.00 Tryggvi Þór á Alþingi** Tryggvi skoðar mál dagsins.
**21.30 Grínland** Alvöru íslenskur gamanþáttur í umsjón nemenda Verzlunarskóla Íslands.
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




## Í KVÖLD



**STÖÐ 2 KL. 20.00**

### Wipeout – Ísland

Hér er á ferðinni bráðfjörugur skemmtiþáttur fyrir alla fjölskylduna. Þátttakendur fara í gegnum sérstaklega útfærða þraut á sem stystum tíma og reynir ekki aðeins á líkamlegan styrk heldur einnig kænsku, jafnvægi, snerpu og ekki síst heppni. Meðal þátttakenda í kvöld eru Sindri Sindrason sjónvarpsmaður, Ísgerður Elfa leikkona; bóndi, lögmaður, adrenalínfíkill og fleiri og fleiri.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

**Auddi og Sveppi**
**Stöð 2 kl. 19.20**

Í kvöld skyggnast Auddi og Sveppi inn í heim blindra og sjóndaufra. Fyrir þáttinn fengu strákarnir lánaða blindrastafi og leppa frá Blindrafélaginu og meðal þess sem þeir prófuðu blindandi var að spila keilu, aka bifreið og spæla egg.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst
**06.50** Bæn
**07.03** Vítt og breitt
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.05** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Óskastundin
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Sagnaslóð
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**13.00** Á réttri hillu
**14.03** Einhver mun minnast oss
**15.03** Útvarpssagan: Vetur í Vindheimum
**15.25** Líf, en aðallega dauði - Fyrr á öldum
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.05** Fimm fjórðu
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.16** Spegillinn
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Söngfuglar
**21.10** Hringsól
**22.10** Lestur Passíusálma
**22.17** Litla flugan
**23.00** Kvöldgestir
**00.05** Næturtónar

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** | XA-Radíó | **FM 96,3** | FM Suðurland | **FM 90,1** | Rás 2 |
| **FM 90,9** | Gullbylgjan | **FM 96,7** | Létt Bylgjan | **FM 102,2** | Útvarp Latibær |
| **FM 91,9** | Kaninn | **FM 97,7** | X-ið | **FM 102,9** | Lindin |
| **FM 93,5** | Rás 1 | **FM 98,9** | Bylgjan | **FM 105,5** | Útvarp Boðun |
| **FM 95,7** | FM957 | **FM 99,4** | Útvarp Saga | | |

## 2 EXTRA

**17.00 The Doctors** Spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey þar sem fjórir læknar á ólíkum sviðum veita aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um heilsufarsmál.
**17.45 Supernanny** (18:20) Ofurfóstran Jo Frost kennir ungu og ráðþrota fólki að ala upp og aga litla ólátabelgi og gefur gagnleg uppeldisráð sem virkilega skila árangri.
▶ **18.30 Daily Show: Global Edition** Spjallþáttur með Jon Stewart þar sem engum er hlíft. Ómissandi þáttur fyrir alla sem vilja vera með á nótunum og líka þá sem einfaldlega kunna að meta góðan og beinskeyttan húmor.
**19.00 The Doctors**
**19.45 Supernanny** (18:20)
**20.30 Daily Show: Global Edition**
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.50 NCIS** (5:25) Spennuþáttaröð sem fjallar um sérsveit lögreglumanna sem starfa í Washington og rannsaka glæpi tengda hernum eða hermönnum á einn eða annan hátt. Verkefnin eru orðin bæði flóknari og hættulegri í þessari sjöttu seríu.
**22.35 Fringe** (9:23) Önnur þáttaröðin um Oliviu Dunham, sérfræðing FBI í málum sem grunur leikur á að eigi sér yfirnáttúrulegar skýringar. Ásamt hinum umdeilda vísindamanni Dr. Walter Bishop og syni hans Peter rannsaka þau röð dularfullra atvika.
**23.20 Five Days** (5:5)
**00.20 Auddi og Sveppi**
**00.55 Logi í beinni**
**01.40 Fréttir Stöðvar 2**
**02.30 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**10.25** Hustle **11.15** Only Fools and Horses **11.45** Lab Rats **12.15** After You've Gone **12.45** Absolutely Fabulous **13.15** Robin Hood **14.00** Doctor Who **14.45** Sensitive Skin **15.15** The Inspector Lynley Mysteries **16.05** Hustle **16.55** Primeval **17.45** The Weakest Link **18.30** Absolutely Fabulous **19.00** Sensitive Skin **19.30** New Tricks **20.20** Rob Brydon's Annually Retentive **20.55** Sensitive Skin **21.30** The Jonathan Ross Show **22.20** Only Fools and Horses **22.50** Lab Rats **23.20** After You've Gone **23.50** Absolutely Fabulous

## DR 1

**12.00** Aftenshowet 2. del **12.30** Seinfeld **12.50** Rygepauser **13.00** Rabatten **13.30** Dodsbilisten **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Boogie **15.55** Chiro **16.05** Ni-Hao Kai Lan **16.30** Sigurd og Symfoniorkesteret **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **18.00** Disney Sjov **19.00** X Factor **20.00** TV Avisen **20.30** X Factor Ekstra **20.45** Det Nye Talkshow - med Anders Lund Madsen **21.30** Gothika **23.05** Pieces of April

## NRK 1

**12.10** Urix **12.30** Filmavisen 1959 **12.40** Med hjartet på rette staden **13.30** Norsk for nybegynnere **14.00** NRK nyheter **14.10** Dynastiet **15.00** Derrick **16.00** NRK nyheter **16.10** Herskapelige gjensyn **16.40** Oddasat - nyheter på samisk **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Forkveld **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.40** Norge rundt **19.05** Kvitt eller dobbelt **19.55** Nytt på nytt **20.25** Skavlan **21.25** Kvitt eller dobbelt **22.00** Kveldsnytt **22.15** Etter katastrofen **23.15** U2 - store oyeblikk

## SVT 1

**12.45** Sverige! **13.15** Landet runt **14.00** Antikrundan **15.00** Rapport **15.05** Gomorron Sverige **15.55** Små grytor har också öron **16.25** Plus **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport med A-ekonomi **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** På spåret **20.00** Skavlan **21.00** Skidor. Världscupen från Canmore **22.00** Vinnande novellfilm **22.30** Taking Lives




## BESTI BITINN Í BÆNUM



*„Það er núðlusúpan á Asíu. Hún er uppáhaldið mitt.“*

Unnur Arndísardóttir söngkona.

# Eykt vill ekki Höfðatorg við Katrínartún

„Ég hefði kosið að nafn Höfðatúns yrði óbreytt,“ segir Pétur Guðmundsson, stjórnarformaður Höfðatorgs.

Skipulagsráð Reykjavíkur hefur samþykkt að breyta götunöfnum í túnahverfi. Þannig verður Skúlagötu fyrir ofan Snorrabraut breytt í Bríetartún, Sætúni í Guðrúnartún, Skúlatúni í Þórunnartún og síðast en ekki síst, Höfðatúni í Katrínartún. Er þetta gert til að minnast þess að fyrir 101 ári voru fyrstu konurnar kjörnar í bæjarstjórn í Reykjavík.

Risabyggingarkjarninn Höfðatorg rís nú við Höfðatún, en mun standa við Katrínartún samþykki borgarráð breytingarnar óbreyttar. Pétur Guðmundsson hefur átt fund með Júlíusi Vífli Ingvarssyni, formanni skipulagsráðs, þar sem hann óskaði eftir að nafnið Höfðatún héldi sér. „Við teljum okkar hagsmunum betur farið með því götuheiti,“ segir Pétur.

Júlíus Vífill segist hafa átt vinsamlegan fund með Pétri þar sem kom fram að Eykt, rekstraraðili Höfðatorgs, hefði frekar kosið Höfðatún en ekki Katrínartún. „Við höfum farið yfir þetta mál vegna þess að hann óskaði sérstaklega eftir því,“ segir Júlíus. „Það er ekki útilokað að Katrínartúni yrði skipt upp í tvennt og yrði frá Borgartúni og niður að Sætúni áfram Höfðatún. Það hefur ekki nein ákvörðun verið tekin um það. Það er einn af möguleikunum sem koma til greina.“ - afb



**HÖFÐA- EÐA KATRÍNARTÚN** Höfðatorg stendur nú við Höfðatún en gæti staðið við Katrínartún innan skamms. Júlíus Vífill, formaður skipulagsráðs Reykjavíkur, segir koma til greina að skipta götunni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**LÁRÉTT**
**2.** fjarri, **6.** líka, **8.** erlendis, **9.** fugl, **11.** tveir eins, **12.** einkennis, **14.** kvk nafn, **16.** halló, **17.** fum, **18.** pota, **20.** holskrúfa, **21.** mör.

**LÓÐRÉTT**
**1.** kjökra, **3.** jákvætt svar, **4.** af lágum ættum, **5.** bók, **7.** kræsingar, **10.** blóðhlaup, **13.** tilvist, **15.** frumeind, **16.** guðshús, **19.** bardagi.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** fjær, **6.** og, **8.** úti, **9.** lóm, **11.** tt, **12.** aðals, **14.** gríma, **16.** hæ, **17.** fát, **18.** ota, **20.** ró, **21.** fita.

**LÓÐRÉTT: 1.** vola, **3.** já, **4.** ættsmár, **5.** rit, **7.** góðgæti, **10.** mar, **13.** líf, **15.** atóm, **16.** hof, **19.** at.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8.

1. Vafningur.
2. Móeiður Júníusdóttir.
3. Steed Lord.

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki

GEIRÞRÚÐUR ÁSA: FÓLK HJÁLPAR MÉR MEÐ MÁLLÝSKURNAR

# SPILAR Á FIÐLU MEÐ AUSTURRÍSKRI POPPSTJÖRNU

Fiðluleikaranum Geirþrúði Ásu Guðjónsdóttur bauðst nýverið að spila með austurrísku söngkonunni Önnu F sem slegið hefur í gegn í heimalandi sínu og hitaði meðal annars upp fyrir Lenny Kravitz á tónleikaferðalagi hans í sumar. Geirþrúður hefur verið búsett í Austurríki í tæpt ár þar sem hún stundar einkanám í fiðluleik.

„Ég kynntist öðrum fiðluleikara fyrir jól sem spurði mig svo hvort ég vildi taka að mér verkefni. Ég sagði já, því mér finnst alltaf gaman að fá að spila eitthvað annað en klassíska tónlist. Þegar ég kom aftur út til Vínar eftir jólafrí kom í ljós að verkefnið er að spila með þessari stelpu, Önnu F,“ útskýrir Geirþrúður Ása, sem er nýkomin aftur til Vínarborgar eftir að hafa dvalið úti á landi við upptökur á fyrstu plötu Önnu F sem kemur út fyrir helgi. „Mér finnst þetta mjög spennandi verkefni og í þokkabót er hún sjálf alveg yndisleg. Hún er mjög efnilegur tónlistarmaður og semur allt sitt efni sjálf og hún er einnig mjög dugleg að koma sjálfri sér á framfæri. Hún hefur einnig setið fyrir í auglýsingum fyrir Puma og Red Bull þannig að hún er líka með útlitið með sér,“ segir hún og hlær. Sérstakir útgáfutónleikar verða haldnir seinna í mánuðinum til að fagna útgáfu plötunnar og fara þeir fram á einum helsta djassklúbb Vínar. Þar mun Geirþrúður spila undir auk annars fiðluleikara, sellóleikara og hljómsveit.

Geirþrúður Ása hefur leikið á fiðlu frá því hún var þriggja ára gömul og á tónlistarnámið hug hennar allan. Aðspurð segist henni líða vel í Vínarborg og býst hún við að dvelja þar um óákveðinn tíma.



**EFNILEGUR FIÐLULEIKARI**

**Geirþrúður Ása Guðjónsdóttir** fiðluleikari spilar með austurrísku poppstjörnunni **Önnu F** á nýrri plötu þeirra síðarnefndu. Anna F. hitaði upp fyrir **Lenny Kravitz** á tónleikaferð hans um Evrópu. MYND/ÞÓRDÍS REYNIS



„Það er voða huggulegt að vera hér í Vín og ég er líka loksins farin að geta talað þýskuna. Stundum á ég erfitt með að skilja ákveðnar mállýskur og verð eins og spurningarmerki í framan, en annars gengur þetta mjög vel. Fólk er líka mjög duglegt að hjálpa manni með tungumálið og leiðrétta mig þegar þess þarf,“ segir Geirþrúður Ása að lokum. Hægt er að skoða upptöku af tónleikum sem Geirþrúður Ása spilaði með Önnu F á síðunni www.tv-media.at. sara@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Hljómsveitin Hjaltalín kom fram á tónleikastaðnum Revolver í Noregi á miðvikudagskvöld. Á gestalista hljómsveitarinnar voru þekktir Norsarar á borð við Ole Unnar Solskjær, fyrrverandi markaskorara Manchester United, og hinn sykurhjúpaða **Alexander Rybak**, sem vann Eurovision í fyrra. Engum sögum fer af því hvort kapparnir létu sjá sig, en það verður að teljast ólíklegt. Leiðinlegt fyrir þá.



**Haffi Haff** sendir frá sér lagið Buried Alive um helgina og frumflytur það í úrslitaþætti Eurovision á laugardagskvöld. Þangað mætir hann ásamt dönsurum með Stellu Rósenkranz fremsta í flokki. Haffi ætlaði að enda helgina á því að vera gestur Jóns Ársæls í Sjálfstæðu fólki, en í staðinn ætlar Jón að minnast Steingríms Hermannssonar, en hann lést í byrjun vikunnar.



Sýningar í Landnámssetri Íslands í Borgarnesi hafa notið mikilla vinsælda síðustu árin og virðist fólk síður en svo setja fyrir sig að þurfa að keyra í klukkutíma og borga í göng til að fá tilbreytingu. Næsta sýning Söguloftsins er ekki af verri endanum, því í henni mun **Gunnar Þórðarson** rekja lífshlaup sitt, tala um poppið og spila lög eftir sjálfan sig og aðra. Einleikur Gunnars með gítarana verður frumsýndur laugardaginn 13. febrúar. - afb, drg



HAFBERG
fiskbúð sælkerans
GLÆNÝ LÍNUÝSA
RAUÐMAGI ÝSA Í RASPI
PLOKKFISKUR FISKIBOLLUR
TILBOÐ Í VEITINGASAL
Súpa fiskur og kaffi 1290
Opið mán - fös 10 - 18:15 og lau 11 - 14.00
Gnoðarvogi 44 • S. 588 8686

# Barði tilnefndur í Gautaborg

Kvikmyndahátíðin í Gautaborg stendur nú yfir. Þetta er stærsta kvikmyndahátíðin á Norðurlöndunum og ein af stærstu kvikmyndahátíðum í heimi. Verðlaun verða veitt annað kvöld í hinum ýmsu flokkum, meðal annars fyrir bestu tónlist í norrænni bíómynd. Þar er Barði Jóhannsson meðal fimm tilnefndra, en Barði er tilnefndur fyrir músíkina í kvikmynd Óskars Jónassonar, Reykjavík-Rotterdam. Það er til mikils að vinna, aðalverðlaunin eru eitt hundrað þúsund sænskar krónur, rúmlega 1,7 milljónir íslenskar.

„Það er eitthvað,“ segir Barði, sem er kominn til Gautaborgar. „Þetta er í fyrsta skipti sem þessi verðlaun eru veitt á hátíðinni og þetta er mjög skemmtilegt fyrir mig.“ Barði fékk Edduverðlaun fyrir sömu músík árið 2008. „Þá var ég að spila í útlöndum og gat ekki tekið á móti verðlaununum. Gat hvorki þakkað Óskari né Einari Tönsberg, sem á stóran hlut í þessari músík. Ég er ekki búinn að undirbúa ræðuna og kann hvorki sænsku né finnsku. Ég kann reyndar nokkur orð í latínu.“

Barði segist ekki ætla að vera í kjólfötum þegar hann mætir á verðlaunaafhendinguna á laugardagskvöldið, „enda getur James Bond bara séð um það. Ég er alltaf í sömu fötunum á svona hátíðum, gömlum seventís jakkafötum sem ég keypti einhvern tímann.“

Nýjustu verkefni Barða eru að gera músík í nýja syrpu af Rétti á Stöð 2 og svo semur hann tónlist fyrir bandaríska heimildarmynd um brimbrettasportið.

Á Gautaborgarhátíðinni er kvikmynd Dags Kára Péturssonar, The Good Heart, einnig tilnefnd. Dagur Kári hefur verið sigursæll á hátíðinni. Árið 2003 hlaut mynd hans, Nói albínói, þrenn verðlaun og Voksne Mennesker hlaut aðalverðlaunin árið 2006. - drg



**EKKI Í KJÓLFÖTUM** Barði Jóhannsson er á Gautaborgarhátíðinni þar sem hann er tilnefndur fyrir tónlistina í Reykjavík-Rotterdam.

# GULA HÚSIÐ

## FAXAFENI 8






**IPOD STATION**
Ferðahátalarar með stereo fyrir iPod. Nokkrar gerðir og litir.
999,-



**GEYMSLUKASSAR**
15 L - 699,-
32 L - 999,-
40 L - 1.299,-
55 L - 1.499,-



**KÚSTUR MEÐ FÆGISKÓFLU**
499,-



**TEYGJULÖK**
90x200cm 999,-
140x200cm 1.299,-
180x200cm 1.599,-

# ÚTSALA



**BARNA-SOKKAR 10 -STK**
Stráka og stelpu
Margir litir
Allar stærðir
1.399,-



**BARNA SOKKABUXUR**
á stelpur og stráka.
399,-

Bolabrjálæði, allt á
999,-
Bómullarbolir í öllum stærðum á dömur og herra.






**ÖKKLASOKKAR 5-STK**
699,-



**KRAKKA BUXUR**
Jogging og gallabuxur
Str. frá 1 árs til 12 ára.
1.499,-



**SÆNG OG KODDASETT**
Með polyester fyllingu 999,-

**ÚTSÖLU MARKAÐUR! Þrjú verð 99,- 499,- & 999,-**

OPNUNARTIMI:
MAN-LAU. 10.00-18.00
SUN. 12.00-17.00

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 | VISIR.IS

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst húsið

**DREIFING:** dreifing@posthusid.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

Jogastudio.org

JÓGA Stúdíó

## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Besti kosningastjórinn

**Jón Gnarr** og félagar í Besta flokknum stefna ótrauðir á sæti í borgarstjórn í vor. Sums staðar hafa heyrst þær raddir að allt sé þetta í gríni gert, en það ku vera fjarri sanni. Því til sönnunar hefur flokkurinn nú ráðið sér kosningastjóra til að stýra baráttunni næstu mánuði. Jón sóttist sérstaklega eftir manneskju með skipulagshæfileika og mikla yfirsýn yfir hið pólitíska svið, og mun hafa fundið þá eiginleika í ungri en óþekktri konu sem þegar hefur hafið störf.



### Valdi réttan bolta

Fótboltadrottningin og landsliðskempan **Hólmfríður Magnúsdóttir** brá sér í Kaplakrika í gær að fylgjast með leik FH og Akureyrar í úrvalsdeild karla í handbolta. Í leikhléi tók hún þátt í lauflléttum leik sem snýst um að reyna að kasta knettinum í aðra markslána frá miðjum vellinum. Skot Hólmfríðar geigaði svo svakalega að kliður fór um salinn þegar boltinn sveif hátt yfir markið. Er það mál manna að Hólmfríður hafi valið sér rétta boltaíþrótt. Annars er það helst af henni að frétta að hún er nú á leið til Fíladelfíu í Bandaríkjunum að spila fótbolta í feikilega sterkri háskóladeildinni þar í landi.



## Mest lesið VISIR.IS

1. Barnaníðingur var rekinn úr Fáfni með „skít og skömm"
2. Á slóðum útrásarvíkinga
3. Ásdís Rán tapaði tryggingamálinu
4. Starfsmaður á meðferðarheimili dæmdur í 2 1/2 árs fangelsi fyrir kynferðisbrot
5. Hæstiréttur sammála héraðsdómi – rannsókn á Baldri haldið áfram




Fréttablaðið er með 212% meiri lestur en Morgunblaðið.

Allt sem þú þarft...

Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18 – 49 ára.
Könnun Capacent í nóvember 2009 – janúar 2010.

SÓL | BORGIR | ÆVINTÝRI | SKÍÐI | GOLF | ÍÞRÓTTIR




## Draumafríið í framandi fegurð!

Antalya á Tyrklandi hefur svo sannarlega slegið í gegn hjá Íslendingum. Þar fer saman skínandi sól, fallegar strendur, mikil náttúrufegurð, góður matur og einstök gestrisni heimamanna.

*Gríptu tækifærið og bókaðu strax í ferð þar sem "allt" er innifalið!*



**Hótel Bahia Lara**
20.-28. apríl ★★★★★
VERÐ FRÁ: **169.900 kr.***
m.v. 2 fullorðna og 1 barn og ALLT INNIFALIÐ!
Baia Lara er nýtt og glæsilegt 5 stjörnu hótel staðsett við Lara ströndina í Antalya. Hótelið var opnað 2009. Allur matur og innlendir drykkir eru innifaldir í verði.



**Concorde Resort & Spa**
20.-28. apríl ★★★★★ LÚXUS
VERÐ FRÁ: **179.762 kr.***
m.v. 2 fullorðna og 1 barn og ALLT INNIFALIÐ!
Allt sem þú þráir - og allt innifalið! Lúxus gisting í hóteli sem líkist Concorde-flugvél, dýrindis matur og drykkir, einkaströnd, stór sundlaugargarður með 5 sundlaugum og barnaklúbbur.

Úrval-Útsýn – Lágmúla 4 – Reykjavík – Sími 585 4000
* Innifalið: Flug, flugvallarskattar, íslensk fararstjórn og gisting með öllu inniföldu. Verð miðast við að bókað sé á netinu.

MEIRA Á urvalutsyn.is